


Líhóna

An oil painting depicting Jesus with a golden halo, wearing a white robe over a blue garment, with his hands raised in a gesture of blessing or teaching. He stands on the left side of the frame. On the right, a woman is kneeling in prayer, facing Jesus. She is wearing a yellow dress and a red and white striped shawl. Her hands are also raised in prayer. The background is a dark, textured landscape with some greenery at the bottom.

**Hans undursamlega
náð, bls. 10, 12**

**Af hverju trúarskóli? bls. 20,
46, 48**

**Foreldrar, gefið ykkur tíma til
að tala við börn ykkar, bls. 34**

**Börn, talið við foreldra ykkar,
bls. 58**



BIRT MEÐ LEYFI MINNEAPOLIS (MINNESOTA, BANDARIKUNUM) INSTITUTE OF ARTS, THE PUTNAM DANA MCWILLAN FUND, ÖHEIMIT AD AFRITA

Afneitun heilags Péturs, Gerrit van Honthorst

„En þarna nokkur sá [Pétur] sitja í bjarmanum, . . . og sagði: Þessi maður var líka með [Jesú].

Því neitaði hann og sagði: Kona, ég þekki hann ekki.

Litlu síðar sá hann annar maður og sagði: Þú ert líka einn af þeim.

En Pétur svaraði: Nei, maður minn, það er ég ekki.

Og . . . enn annar [fullyrti] þetta og sagði: Víst var þessi líka með honum . . .

Pétur mælti: Ekki skil ég, hvað þú átt við, maður. Og jafnskjótt . . . gól hani. . .

Og hann gekk út og grét beisklega“ (Lúk 22:56,–60, 62).



BOÐSKAPUR

- 4** Boðskapur Æðsta forsætisráðsins: „Hann er upp risinn“
—Vitnisburður spámanns

Thomas S. Monson forseti

- 7** Boðskapur heimsóknarkennara: Elskið, vakið yfir og styrkið

GREINAR

- 12** Friðþægingin og ferðin um hinn dauðlega heim
Öldungur David A. Bednar
Hvernig friðþægingin styrkir okkur til að framkvæma, sýna góðvild og þjóna umfram okkar eigin þrá og getu.

- 20** Blessanir trúarskólans
Brittany Beattie
Æskufólk víða um heim segir frá því hvernig trúarskólinn hefur hjálpað því að koma til Krists.

- 26** Köllun fyrir nýja í trúnni
Helena Hannonen
Fjölskylda mín og ég þurftum að fórna miklu svo ég fengi uppfyllt köllun mína sem píanisti grein-arinnar og ég gleðst yfir því.

- 30** Deildarráð að starfi
LaRene Gaunt
Hver er í deildarráði og hvert er hlutverk þess?

ÞÆTTIR

- 8** Minnisbók aprílráðstefnu: Að fá meira út úr aðalráðstefnu
Michael Barber og David Marsh
- 10** Við tölum um Krist: Undursamleg náð
Kristen Nicole Cardon

- 34** Heimili okkar, fjölskyldur okkar: Gefa sér tíma til að tala og hlusta
Rosemary M. Wixom

- 38** Frá Síðari daga heilögum

- 74** Kirkjutíðindi

- 79** Hugmyndir að fjölskyldukvöldi

- 80** Uns við hittumst á ný: Von friðþægingarinnar
Bishop Richard C. Edgley

Á KÁPUSÍÐU

Forsíða: *Snertu mig ei*, eftir Minervu Teichert, birt með leyfi Brigham Young University Museum of Art. Baksíða: Hluti af myndinni *Sjá, hendur mínar*, eftir Jeff Ward.



42 Allir þekkja Bleck

Adam C. Olson

Áhugi Bleks á körfubolta var bæði prófraun og blessun.



Reyndu að finna mynd af Liahóna falda í þessu blaði. Vísbending: Veldu réttu síðuna.

46 Spurningar og svör

Hvers vegna þarf ég að fara í trúarskóla, ef ég get lært ritningarnar á eigin spýtur?

48 Af hverju trúarskóli?

Sjö spámenn ræða um blessanir trúarskólans.

50 Trúarskóli í frumskógum Ekvador

Joshua J. Perkey

Hvernig trúarskóli í nýrri grein, að mestu skipaðri nýjum í trúnni, megnar að efla æskufólk með vitnisburði, þekkingu og trú.

52 Hvað kemur á eftir trúarskóla yngri deildar?

David A. Edwards

Hér er boðið þitt um að fara í trúarskóla eldri deildar.


53 Orð á orð ofan: 2 Tím 3:16–17

54 Ekki brotlenda

Adam C. Olson

Örlítill aðgát og undirbúningur nú geta síðar fyrirbyggt mikinn vanda.

57 Veggspjald: Ígrundið ritningarnar



58 Umræðustund

Hilary Watkins Lemon

Josie var sorgmædd yfir því sem gerðist í skólanum, en það hjálpaði að ræða um það.

61 Hann braut hlekki dauðans

Öldungur Patrick Kearon

Frelsarinn dó og reis upp svo við mættum lifa aftur hjá himneskum föður og fjölskyldum okkar.

62 Koma með Barnafélagið inn á heimilið: Jesús Kristur kennir mér að velja rétt

64 Tónlist: Mig langar að líkjast Jesú

Janice Kapp Perry

66 Systur að nafni og í trú

Heather Wrigley

Rúmenskar systur segja frá því hvernig þær styrkja trú sína.

68 Sérstakt vitni: Hvað get ég gert til að fylgja áætlun himnesks föður fyrir mig?

Öldungur Richard G. Scott

69 Trúarreglur mínar

70 Fyrir yngri börnin

81 Ritningarpersónur Mormónsbókar



Æðsta forsætisráðið: Thomas S. Monson,
Henry B. Eyring, Dieter F. Uchtdorf

Sveit postulanna tólf: Boyd K. Packer, L. Tom Perry,
Russell M. Nelson, Dallin H. Oaks, M. Russell Ballard,
Richard G. Scott, Robert D. Hales, Jeffrey R. Holland,
David A. Bednar, Quentin L. Cook, D. Todd Christofferson,
Neil L. Andersen

Ritstjóri: Paul B. Pieper

Leiðbeinendur: Keith R. Edwards, Christoffel
Golden yngri, Per G. Malm

Framkvæmdastjóri: David L. Frischknecht

Ritstjórnandi: Vincent A. Vaughn

Útlitshönnuður: Allan R. Loyborg

Framkvæmdastjóri ritstjórnar: R. Val Johnson

Aðst. framkvæmdarritstjórnar: Jenifer L. Greenwood,
Adam C. Olson

Aðstoðarritstjórnar: Susan Barrett, Ryan Carr

Starfsfólk ritstjórnar: Brittany Beattie, David A. Edwards,
Matthew D. Flitton, LaRene Porter Gaunt, Carrie Kasten,
Jennifer Maddy, Lia McClanahan, Melissa Merrill, Michael R.
Morris, Sally J. Odekirk, Joshua J. Perkey, Chad E. Phares,
Jan Pinborough, Paul VanDenBerghe, Marissa A. Widdison,
Melissa Zenteno

Framkvæmdastjóri listhönnunar: J. Scott Knudsen

Yfirlitshönnuður: Scott Van Kampen

Framleiðslustjóri: Jane Ann Peters

Yfirhönnuður: C. Kimball Bott, Colleen Hinkley, Eric P.
Johnsen, Scott M. Mooy

Starfsfólk framleiðslu: Collette Nebeker Aune, Connie
Bowthorpe Bridge, Howard G. Brown, Julie Burdett,
Bryan W. Gygi, Kathleen Howard, Denise Kirby, Ginny J.
Nilson, Gayle Tate Rafferty

Prentsmið: Jeff L. Martin

Framkvæmdastjóri prentsviðs: Craig K. Sedgwick

Dreifingarstjóri: Evan Larsen

Farið á store.lds.org eða hafið samband við Dreifingarstöð
kirkjunnar á ykkar svæði eða leiðtoga deildar ykkar eða
greinar varðandi áskrift og áskriftargjöld utan Bandaríkjanna
og Kanada.

**Sendið handrit og fyrirspurnir á netinu á liahona.lds.org, með tölvupósti á liahona@ldschurch.org; eða
með hefðbundnum pósti til *Liahona*, Rm. 2420, 50 E.
North Temple St., Salt Lake City, UT 84150-0024, USA.**

Tímariði *Liahóna* (hugtak í Mormónsbók sem táknar
„áttavita“ eða „leiðarvisi“) er gefið út á albönsku,
armensku, bislamamáli, búlgörsku, cebuano, dönsku,
hollensku, eistönsku, fíjímáli, finnsku, frönsku, grísku,
haitímáli, hindú, hollensku, íslensku, indónesísku, ítölsku,
japönsku, kambódisku, kiribati, kínversku, kínversku
(einfaldað), kóreönsku, króatísku, lettnesku, litháensku,
malagísku, marshallsemmáli, mongólísku, norsku,
pólsku, portúgölsku, rúmönsku, rússnesku, samóamáli,
slóvensku, spænsku, sænsku, tagalogmáli, tahítímáli,
tékknesku, thaimáli, tongamáli, ukrainsku, ungversku,
úrðumáli, vietnömsku og býsku. (Fjöldi útgefna blaða er
mismunandi eftir löndum).

© 2012 Intellectual Reserve, Inc. Allur réttur áskilinn. Printed
in the United States of America.

Heimilt er að afrita texta og myndefni í *Liahóna* til nota
heima eða í kirkju, en ekki í hagnaðarskyni. Óheimilt er að
afrita myndefni, sé þess getið í höfundaréit verksins. Sendið
ætti spurningar um höfundarétt til Intellectual Property
Office, 50 E. North Temple St., Salt Lake City, UT 84150,
USA; netfang: cor-intellectualproperty@ldschurch.org.

For Readers in the United States and Canada:

April 2012 Vol. 26 No. 1. LIAHONA (USPS 311-480)
Icelandic (ISSN 1522-9211) is published once a year
(April) by The Church of Jesus Christ of Latter-day Saints,
50 E. North Temple St., Salt Lake City, UT 84150. USA
subscription price is \$1.00 per year; Canada, \$1.20 plus
applicable taxes. Periodicals Postage Paid at Salt Lake City,
Utah. Sixty days' notice required for change of address.
Include address label from a recent issue; old and new
address *must* be included. Send USA and Canadian
subscriptions to Salt Lake Distribution Center at address
below. Subscription help line: 1-800-537-5971. Credit
card orders (American Express, Discover, MasterCard, Visa)
may be taken by phone or at store.lds.org. (Canada Post
Information: Publication Agreement #40017431)

POSTMASTER: Send address changes to Salt Lake
Distribution Center, Church Magazines, P.O. Box 26368,
Salt Lake City, UT 84126-0368.

Meira á Alnetinu Liahona.lds.org



FYRIR FULLORÐNA

Í nokkrum greinum í þessu blaði er
kennt og vitnað um frelsarann. Lærðu
meira um hann á JesusChrist.lds.org.

FYRIR UNGLINGA

Í nokkrum greinum í þessu blaði er
rætt um blessanir trúarskólans (sjá
síður 20–25 og 46–53). Til að læra
meira: seminary.lds.org.

FYRIR BÖRN

Til að hlusta á sönginn „Mig langar
að líkjast Jesú“ (sjá síður 64–65):
liahona.lds.org.

EFNI BLAÐSINS

Númer vísa til fyrstu blaðsíðu greinar.

Aðalráðstefna, 8

Bæn, 41

Fjölskyldan, 34, 42, 58, 66

Friðþægingin, 4, 12, 61, 62, 80

Hljóði, 54

Innblástur, 39, 40

**Jesús Kristur, 4, 10, 12, 61, 64,
70**

Kirkjukallanir, 26, 30

Mormónsbók, 38

Náð, 10, 12

Ráð, 30

Ritningarnám, 53, 57, 68

Samskipti, 34, 58

Staðlar, 69

Tónlist, 26, 64

Trúarskóli eldri deildar, 52

**Trúarskóli yngri deildar, 20, 46,
48, 50**

Trúboðsstarf, 42


Undirbúningur, 54

Upprisan, 4, 61, 62, 70

von, 80

Á ÞÍNU TUNGUMÁLI

Liahóna og fleira kirkjuefni er að-
gengilegt á mörgum tungumálum á
www.languages.lds.org.

Thomas S. Monson
forseti

„Hann er upp risinn“

VITNISBURÐUR SPÁMANNS

„**H**ið skýra boð kristindómsins,“ að sögn Thomasar S. Monson forseta, er að Jesús frá Nasaret reis upp frá dauðum. „Raunveruleiki upprisunnar veitir hverjum og einum frið sem er æðri öllum skilningi“ (sjá Fil 4:7).¹

Í eftirfarandi útdrætti miðlar Monson forseti vitnisburði sínum og þakklæti fyrir upprisu frelsarans og lýsir yfir að þar sem sonurinn hafi sigrað dauðann geti öll börn föðurins sem koma til jarðar lifað að nýju.

Lífið handan dauðleikans

„Ég held að ekkert okkar fái skilið til fulls það sem Kristur gerði fyrir okkur í Getsemane, en hvern dag lífs míns er ég fullur þakklætis fyrir friðþægingu hans í okkar þágu.

Á efstu stundu hefði hann getað snúið frá. En hann gerði það ekki. Hann laut neðar öllu, svo að hann gæti frelsað allt. Með þeirri gjörð gaf hann okkur líf handan þessarar tilveru. Hann endurheimti okkur frá falli Adams.

Af allri minni sálu er ég honum þakklátur. Hann kenndi okkur hvernig á að lifa. Hann kenndi okkur hvernig á að deyja. Hann tryggði okkur hjálpraði.“²

Reka burtu myrkur dauðans

„Í ákveðnum tilvikum, t.d. miklum þjáningum og veikindum, birtist dauðinn sem miskunnsamur engill. En í flestum tilvikum teljum við hann standa í vegi fyrir hamingju mannkyns.

Ljós hins opinbera sanna sanna leika getur rekið burtu myrkur dauðans. „Ég er upprisan og lífið,“ sagði meistarinn.

„Sá sem trúir á mig, mun lifa, þótt hann deyi. Og hver sem lifir og trúir á mig, mun aldrei að eilífu deyja.“

Þessi fullvissuorð—jafnvel helga staðfesting—um lífið handan grafar, eru vel til þess fallin að veita þann frið sem frelsarinn lofaði lærisveinum sínum: „Frið læt ég yður eftir, minn frið gef ég yður. Ekki gef ég yður eins og heimurinn gefur. Hjarta yðar skelfist ekki né hræðist.“³

Hann er ekki hér

„Frelsari okkar lifði á ný. Dýrðlegasti, huggunarríkasti og mest hughreystandi atburður mannkynssögunnar hafði gerst—sigurinn yfir dauðanum. Þjáningum og kvöl Getsemane og Golgata hafði verið sópað burt. Sáluhjálpmannkyns hafði verið tryggð. Fall Adams hafði verið endurheimt.

Tóm gröfin þennan fyrsta páskamorgun veitti svarið við spurningu Jobs: „Þegar maðurinn deyr, lifnar hann þá aftur?“ Til allra sem heyra rödd mína boða ég, að þegar maðurinn deyr, þá mun hann lifa á ný. Við vitum það, því að við höfum ljós opinbera sanna sanna leika. . . .

Kæru bræður og systur, á stundum hinnar dýpstu sorgar getum við fundið djúpan frið í orðum engilsins þennan fyrsta páskamorgun: „Hann er ekki hér. Hann er upp risinn.“⁴

Allir munu lifa aftur

„Við hlæjum, við grátum, við vinnum, við leikum, við elskum, við lifum. Og síðan deyjum við. . . .

Og dáin myndum við haldast, ef ekki væri fyrir einn mann og ætlunarverk hans, já, Jesú frá Nasaret. . . .



Af öllu hjarta og mætti sálar minnar hef ég upp raust mína og gef vitnisburð minn sem sérstakt vitni og lýsi því yfir að Guð lifir. Jesús er sonur hans, hinn eingetni föðurins í holdinu. Hann er lausnari okkar, meðalgöngumaðurinn hjá föðurnum. Hann er sá sem dó á krossinum og friðþægði fyrir syndir okkar. Hann varð frumgróður upprisunnar. Vegna þess að hann dó, munu allir lifa aftur.⁵

Persónulegur vitnisburður

„Ég gef ykkur vitnisburð minn um að dauðinn er af velli lagður, sigur yfir gröfnni er staðreynd. Megi orðin er hann helgaði og uppfyllti verða öllum að raunverulegri vitneskju. Hafið þau í huga. Varðveitið þau. Heiðrið þau. *Hann er upp risinn.*“⁶ ■

HEIMILDIR

1. „Hann er risinn,“ *Líahóna*, apríl 2003, 7.
2. „At Parting,“ *Líahóna*, maí 2011, 114.
3. „Now Is the Time,“ *Líahóna*, jan. 2002, 68; sjá einnig Jóh 11:25–26; 14:27.
4. „Hann er upprisinn,“ *Líahóna Aðalráðstefna*, apríl 2010, 89, 90; sjá einnig Job 14:14; Matt 28:6.
5. „Ég veit minn lifir lausnarinn“ *Aðalráðstefna*, apríl 2007, 21.
6. *Líahóna*, apríl 2003, 7.

HVERNIG KENNA Á BOÐSKAPINN

Eftir að þið hafið miðlað tilvitnunum í boðskap Monsons forseta, leggið þá áherslu á vitnisburðinn sem hann gefur um sanna merkingu páskanna. Þið ættuð að spyrja fjölskylduna eftirfarandi spurninga: „Hvaða merkingu hefur það fyrir ykkur að lifandi spámaður vitnar um þennan sannleika í dag? Hvernig getið þið nýtt þennan sannleika í lífi ykkar?“ Íhugið að bæta við ykkar vitnisburði.

Ég mun sjá hann aftur

Morgan Webecke

Pabbi lét hvert okkar barnanna finnast við vera sérstök. Hann elskaði okkur og fyrirgaf okkur auðveldlega. Hann gerði sitt besta til að tryggja hamingju okkar allra og gerði ljóst að hann vildi okkur það besta. Ég elskaði hann afar heitt.

Þegar ég var í sex ára bekk dó pabbi minn í bílslysi. Fjölskylda mín og ég vorum harmi slegin. Stórt gap hafði myndast í fjölskyldunni. Pabbi var sá sem ég stólaði á, sá sem ég leitaði til, ef ég átti í erfiðleikum. Í stað þess að leita hjálpar, leyfði ég að reiðin og sársaukinn grófu um sig. Ég einsetti mér loks að Guði væri um að kenna. Ég hætti að lesa ritningarnar og flytja bænir. Ég fór aðeins í kirkju vegna þess að mamma krafðist þess. Ég reyndi að halda mig fjarri föður mínum á himnum.

Svo kom að því að ég fór í Stúlknafélagsbúðir í fyrsta

sinn. Mér fannst gaman að kynnast nýjum vinum, en ég las enn ekki ritningarnar. Á lokakvöldinu höfðum við vitnisburðarsamkomu. Ég skynjaði nokkuð sem ég hafði ekki lengi gert: Andann. Ég dáðist að stúlkunum sem fóru upp og gáfu vitnisburð sinn, en ég sat sem fastast því ég taldi mig ekki eiga vitnisburð. Skyndilega fann ég mig knúna til að standa upp. Ég opnaði munninn, en vissi varla hvað ég átti að segja. Ég sagði því að ég væri þakklát fyrir Stúlknafélagsbúðirnar. Ég stóð mig svo að því að segja að ég vissi að Jesús Kristur dó fyrir mig og að himneskur faðir elskaði mig og að kirkjan væri sönn.


Ég fylltist undraverðum friði. Þökk sé þessari reynslu að ég get sagt að ég veit að ég mun sjá pabba minn aftur, vegna friðþægingar og upprisufrelsarans.

BÖRN

Hann lifir!

Monson forseti kennir að við munum öll lifa aftur vegna þess að Jesús Kristur dó og reis upp. Skoðið myndirnar hér að neðan. Skrifðu númer í hvern reitanna til að sýna atburðarásina.

Fjölskyldur geta verið saman að eilífu vegna þess að Jesús Kristur lifir. Teiknið mynd af fjölskyldu ykkar í rammann hér að neðan.



Lærið efnið í bænarlug og ræðið það við systurnar sem þið heimsækið, eins og við á. Nýtið spurningarnar ykkur til hjálpar við að styrkja systurnar og gera Líknarfélagið að virkum þætti í lífi ykkar.



Elskið, vakið yfir og styrkið

Heimsóknarkennarar vitja einnar af annarri, líkt og frelsarinn gerði (sjá 3 Ne 11:15). Við munum vita að við náum árangri í þjónustu okkar sem heimsóknarkennarar þegar systur okkar geta sagt: (1) Heimsóknarkennari minn hjálpar mér að vaxa andlega; (2) ég veit að heimsóknarkennari minni lætur sér afar annt um mig og fjölskyldu mína; og (3) ef ég á í vanda, þá veit ég að heimsóknarkennari minn mun gera eitthvað án þess að vera beðinn um það.¹

Hvernig getum við sem heimsóknarkennarar elskað, vakað yfir og styrkt systur? Eftirfarandi eru níu ábendingar, sem finna má í kafla 7 í *Daughters in My Kingdom: The History and Work of Relief Society* til að hjálpa heimsóknarkennurum að þjóna systurum sínum:

- Biðjið daglega fyrir henni og fjölskyldu hennar.
- Leitið innblásturs til að þekkja hana og fjölskyldu hennar.
- Heimsækið hana reglubundið til að sjá hvernig henni gengur og til að hughreysta hana og styrkja.
- Hafið oft samband með heimsóknum, símtölum, bréfum, tölvupósti, SMS og einföldum gjörðum og góðvild.
- Heilsað henni á kirkjusamkomum.
- Hjálpið henni þegar hún á í neyð eða veikindum.
- Kennið henni fagnaðarerindið með ritningunum og boðskap heimsóknarkennara.



- Hvetjið hana með því að sýna gott fordæmi.
- Gerið Líknarfélagsleiðtoga grein fyrir þjónustu systranna og andlegri og stundlegri velferð þeirra.

Úr ritningunum

Lúk 10:38–39; 3 Ne 11:23–26; 27:21

HEIMILDIR

1. Sjá Julie B. Beck, „Það sem ég vona að barnabörn mín muni skilja um Líknarfélagið“ *Aðalráðstefna*, október 2011.
2. *Daughters in My Kingdom: The History and Work of Relief Society* (2011), 112.
3. *Daughters in My Kingdom*, 119–20.
4. Brigham Young, „Remarks“, *Deseret News*, 15. október 1856, 252.
5. Sjá *Daughters in My Kingdom*, 36–37.

Hvað get ég gert?

1. Hvernig get ég þekkt þarfar systur minna?
2. Hvernig geta systur mínar vitað að mér þykir innilega vænt um þær?

Trú, fjölskylda, líkn

Úr sögu okkar

„Heimsóknarkennslan er orðin miðill fyrir konur um heim allan til að elska, annast og þjóna—til að „breyta í samhljómi við þá samkennd sem Guð hefur innrætt meðal okkar,“ líkt og Joseph Smith kenndi.“²

Systir sem nýverið varð ekkja sagði um heimsóknarkennara sína: „Þær hlustuðu. Þær hughreystu mig. Þær táfelldu með mér. Og þær föðmuðu mig að sér. . . . [Þær] hjálpuðu mér að takast á við þá djúpu örvæntingu og sorg sem ég upplifði af einmanaleika fyrstu mánuðina.“³

Að hjálpa við stundleg verkefni er líka þjónusta. Á aðalráðstefnu í október 1856 tilkynnti Brigham Young forseti að handvagnahópur frumbyggja væri í sjálfheldu í miklu snjófargi 435–595 km í burtu. Hann kallaði eftir hjálp hinna Síðari daga heilögu í Salt Lake City við að bjarga fólkinu og „halda sig algjörlega við það sem við segjum vera hið stundlega.“⁴

Lucy Meserve Smith skráði að konurnar hefðu farið úr hlýjum undirpilsnum sínum og sokkum í Laufskálanum og hrúgað þeim upp í vagnana til að senda til kaldra frumbyggjanna. Þær söfnuðu síðan saman rúmfatnaði og fötum fyrir þá sem að endingu kæmu með fábrottnar eigur sínar. Þegar handvagnahópurinn kom var bygging í bænum „hlaðin vistum fyrir fólkið.“⁵

Minnisbók aprílráðstefnu

„Það sem ég, Drottinn, hef talað, hef ég talað, . . . hvort sem það er sagt með minni eigin rödd eða með rödd þjóna minna, það gildir einu“ (K&S 1:38).

Að fá meira út úr aðalráðstefnu

Michael Barber og David Marsh

Fræðsludeildin

Þótt við höfum sagt „amen“ við lok síðustu aðalráðstefnu, þýðir það ekki að hin andlega veisla sé yfirstaðin. Hún getur haldið áfram þegar við lærum og hagnýtum okkur kenningar ráðstefnunnar. Í gegnum árin hafa spámenn hvatt okkur til að gera einmitt það. Dæmi: Árið 1946 hvatti Harold B. Lee forseti (1899–1973) meðlimi til að láta aðalráðstefnuræður „verða leiðarvísir að gjörðum þeirra og orðum næstu sex mánuðina.“ Hann útskýrði: „Í þeim er hið mikilvæga efni sem Drottinn sér ástæðu til að opinbera fólki sínu á þeim tíma.“¹

Árið 1988 endurtók Ezra Taft Benson forseti (1899–1994) þá

leiðsögn, er hann sagði: „Næstu sex mánuðina ætti aðalráðstefnurititið að vera við hlið helgiritanna og mikið notað.“²

Við lok aðalráðstefnu í október 2008 staðfesti Thomas S. Monson forseti mikilvægi þess að læra ráðstefnuræðurnar. Hann sagði: „Megum við muna um langa tíð það sem við höfum heyrt á þessari aðalráðstefnu. Allar ræðurnar sem hafa verið fluttar munu verða prentaðar í næsta tölublaði tímaritanna *Ensign* og *Liahóna*. Ég hvet ykkur til þess að lesa þær og íhuga kenningar þeirra.“³

Hvernig getið þið gert ræðuefnið innihaldsríkara í lífi ykkar,



er þið lærið og ígrundið það? Hér eru nokkrar ábendingar til að hjálpa ykkur að búa ykkur undir að taka á móti hinum innblásnu orðum og hagnýta ykkur þau:

Búið ykkur undir að hljóta innblástur. Hvort sem þið horfið eða hlustið á eða lesið aðalráðstefnuræður, verðið þið að ljúka upp hjarta ykkar og huga fyrir guðlegum innblæstri. Öldungur David A. Bednar í Tólfpostulasveitinni kenndi að engu skipti hve tilkomumikil kennsla ræðumanns er, „efni boðskapar og vitni heilags anda hrífa ekki hjartað nema hlustandi leyfi það.“ Hann sagði það „krefjast andlegrar, huglegrar og líkamlegrar einbeitingar, en ekki aðeins óvirkar mótunar, að hljóta innblástur.“⁴

Eftirfarandi hugmyndir geta hjálpað að búa ykkur undir að hljóta kennslu andans:

1. Ákveðið tíma og skapið ótruflað andrúmsloft þar sem þið getið hlotið andlegan innblástur.
2. Leitið guðlegrar leiðsagnar í bæn.
3. Skráið spurningar eða íhugunarefni sem þið leitið svara við.

Að skilja boðskapinn. Lifandi spámenn og postular kenna, túlka, hvetja, aðvara og vitna. Að lesa ræður þeirra vandlega eykur skilning okkar á boðskap þeirra. Hér eru nokkrar árangursríkar námsaðferðir:

- *Spyrjið spurninga.* Dæmi: Hvað vill Drottinn að ég læri af þessum boðskap? Hvernig eykur þessi ræða skilning minn á trúarkenningu, trúarreglu eða ritningargrein? Hvaða frásagnir eru notaðar til að útskýra trúarreglur og hvað læri ég af þeim?
- *Skrifið samantekt.* Skoðið vandlega það sem virðist meginatriði ræðumanns. Skiptið ræðu í hluta og



SKRIFIÐ OG ÍGRUNDIÐ

„Af öllu því sem við höfum heyrt kunna að vera einhver

orð sem eru okkur minnisstæð og fanga athygli okkar. Ef svo er, vona ég að við skrifum þau og ígrundum þau, uns við skiljum merkingu þeirra og höfum hagnýtt þau í lífi okkar.“

Gordon B. Hinckley (1910–2008), „An Humble and a Contrite Heart,” *Liahóna*, jan. 2001, 103.

skrifið samantekt á meginhugmyndum hvers hluta.

- *Tilgreinið hina ýmsu efnisþætti ræðunnar.* Takið sérstaklega eftir kenningum, ritningarversum, sögum, aðvörunum, upptalningum, vitnisburðum, boði um aðgerðir og lofuðum blessunum fyrir að hlíta leiðsögn.
- *Lærið ræðu oftast en einu sinni.* Nauðsynlegt er að læra trúarsannleika oftast en einu

sinni til að fá skilið hann fyllilega. Skrifið athugasemdir um nýjan skilning sem þið hljótið í hvert sinn er þið lærið.

Breytið samkvæmt því sem þið lærið. Ef þið lærið ræðurnar vandlega, munuð þið sjá hvernig boðskapur þeirra fellur að lífi ykkar. Þið getið komist að því hvernig gera á mikilvægar breytingar með því að spyrja spurninga líkt og: Hvað vill Drottinn að ég geri með það sem ég lærði? Hvað hef ég lært sem kemur mér að gagni í fjölskyldu minni, starfi eða kirkjuköllum? Skrifið hugljóm-anir, svo þið gleymið þeim ekki. Þegar þið gerið það munuð þið hljóta innblástur um að lifa eftir kenningunum og hljóta lofaðar blessanir.

Drottinn opinberar vilja sinn varðandi ykkur með þjónum sínum á aðalráðstefnu. Spencer W. Kimball forseti (1895–1985) kenndi: „Ekkert ritverk eða ritmál, utan helgirita kirkjunnar, ætti að vera okkur mikilvægara í okkar persónulega bókasafni—ekki vegna fagurs stílbragðs eða mælsku, heldur vegna hins efnislega innihalds sem vísar veginn til eilífs lífs.“⁵ ■

HEIMILDIR

1. Harold B. Lee, í Conference Report, apríl 1946, 68.
2. Ezra Taft Benson, „Come unto Christ, and Be Perfected in Him,” *Ensign*, maí 1988, 84.
3. Thomas S. Monson, „Uns við hittumst á ný,” *Aðalráðstefna*, okt. 2008, 118.
4. David A. Bednar, „Seek Learning by Faith,” *Liahóna*, sept. 2007, 17, 20.
5. Spencer W. Kimball, *In the World but Not of It*, Brigham Young University Speeches of the Year (14. maí 1968), 3.



Til að lesa, horfa eða hlusta á aðalráðstefnuræður, farið þá á conference.lds.org.





MEÐ DROTTINS STYRK

„Með trú á Drottin Jesú Krist og hlýðni við fagnaðarerindi hans, er við smám saman tökum framförum og biðjum um styrk og bætum viðmót okkar og afstöðu, munum við finna að við stöndum okkur vel í hjörð góða hirðisins. Það mun krefjast sjálfsaga, þjálfunar, áreynslu og styrks. En líkt og Páll postuli sagði: „Allt megna ég fyrir hjálp [Kristis], sem mig styrkan gjörir.“ (Fil 4:13).“

Howard W. Hunter forseti (1907–95), „Developing Spirituality,” *Ensign*, maí 1979, 26.

UNDURSAMLEG náð

Kristen Nicole Cardon

Ég reiði mig hvern dag á náð Jesú Kristis.

Við ræðum ekki oft um náð á samkomum okkar,“ sagði trúarfræðikennari minn við Brigham Young háskólann, „en við sem meðlimir Kirkju Jesú Kristis hinna Síðari daga heilögu höfum trú á náð.“

Í raun gat ég ekki munað eftir nokkurri sunnudagaskólalexíu í Stúlknaflaginum um náð, en hugur minn reikaði til baka er miðskólakórinn sem ég var í söng: „Undursamleg náð.“

Undursamleg náð! (hve dásamlegur hljómur!)

Er mig auman frelsað fékk!

Því eitt sinn týndur, en fundinn nú; blindur var, nú sjáandi er.¹

„Náð er máttur Guðs af friðþægingu Jesú Kristis,“ útskýrði kennarinn minn. „Ég flokka náð í fjögur svið: Upprisu, endurlausn, lækningu og eflingu.“ Hann hélt áfram að úskýra hvert sviðanna, en hugur minn reikaði aftur til minninganna.

Þessi sami miðskólakór fór eitt sinn til

Kaliforníu í Bandaríkjunum til að keppa á tónlistarhátíð. Ég veiktist rétt áður en leggja átti af stað og hálssærindin ollu því að ég gat ekki sungið með kórnum á hátíðinni—eða ef ég gerði það, mundi ég syngja illa og jafnframt finna til særindanna. Ég bað föður minn um prestdæmisblessun og baðst fyrir daginn eftir um lækningu.

Kannski skildi ég ekki fyllilega, þegar ég söng „Undursamleg náð,“ fullum hálsi á hátíðinni, að ég var einmitt að syngja um máttinn sem hafði læknað mig daginn áður. Dag þennan naut ég blessunar friðþægingar frelsarans; náð hans var ástæða bata míns.

„Og hann mun ganga fram og þola alls kyns sársauka, þrengingar og freistingar. Og svo mun verða, til að orðið megi rætast, sem segir, að hann muni taka á sig sársauka og sjúkdóma fólks síns.“ (Alma 7:11).

Líkt og á við um marga nýnema að loknum grunnskóla, þá fannst mér námið yfirþyrmandi, auk þess að þurfa að takast



á við þá áskorun að búa utan heimilis míns með fimm herbergisfélögum.

Á þeim tíma lærðist mér að skilja þann mátt og kraft sem felst í náð Krists. Ég vann og lærði alla daga og reiddi mig á daglega bænagjörð, þar sem ég bað himneskan föður um getu til að ljúka nauðsynlegum verkefnum. Þegar leið á skólaárið komst ég að því mér til mikillar gleði að með mætti og krafti náðar friðþægingar Krists, stóð ég mig ekki aðeins vel, heldur reyndist mér það fremur auðvelt.

„Allt megna ég fyrir hjálp hans, sem mig styrkan gjörir“ (Fil 4:13).

Þótt ég ætti enn eftir að upplifa hin tvö svið náðar hans—upprisuna og fyllingu endurlausnar hans—reiði ég mig enn dag hvern á friðþægingu Jesú Krists. Náðin, máttur Guðs frá friðþægingu Jesú Krists, hefur læknað og styrkt mig. Þegar ég reyni að halda boðorð Guðs og fara að vilja hans, hlýt ég himneska hjálp langt umfram eigin getu.

„Vér vitum, að vér frelsumst fyrir náð, að afloknu öllu, sem vér getum gjört“ (2 Ne 25:23). ■

HEIMILDIR

1. John Newton, „Amazing Grace,” *Olney Hymns* (1779), nr. 41.

HVERNIG HEFUR NÁÐ DROTTINS ÁHRIF Á LÍF OKKAR?

Öldungur David A. Bednar í Tólfrpostulasveitinni hjálpar okkur að svara þessari spurningu í „Friðþægingin og ferðin um hinn dauðlega heim,” í þessu blaði á síðu 12:

- „Drottinn þráir, fyrir friðþægingu sína og kraft heilags anda, að *dvelja* í okkur—ekki aðeins til að veita okkur handleiðslu, heldur líka til að styrkja okkur.”
- „Viljastyrkur, ákveðni og áræðni, gott skipulag og markmiðasetning eru nauðsynleg, en þó að lokum ófullnægjandi til að uppskera sigur í lok ferðar okkar um hinn dauðlega heim. Við verðum vissulega að reiða okkur á „verðleika, miskunn og náð heilags Messíasar” (2 Ne 2:8).”
- „Hinn virki kraftur friðþægingarinnar styrkir okkur til að gera gott og sýna góðvild og þjóna umfram okkar eigin þrá og getu.

Íhugið að skrifa í dagbók ykkar um það er þið hafið fundið náð Drottins lækna ykkur, hjálpa eða styrkja og deilið því með fjölskyldu ykkar.



Öldungur
David A. Bednar
í Tólpostulasveitinni

David O. McKay forseti (1873–1970) gerði kjarnyrta samantekt á megintilgangi fagnaðarerindis frelsarans: „Tilgangur fagnaðarerindisins er . . . að gera slæma menn góða og góða menn betri, og breyta eðli mannsins.“¹ Ferðinni um hinn dauðlega heim er því ætlað að þroska okkur frá hinu slæma til hins góða og hins betra og gera

Friðþægingin

OG FERÐIN UM HINN DAUÐLEGA HEIM

*Hinn virki kraftur
friðþægingarinnar
styrkir okkur til
að framkvæma,
sýna góðvild og
þjóna umfram okkar
eigin þrá og getu.*

að veruleika hina máttugu breytingu hjartans— að breyta okkar fallna ástandi (sjá Mósía 5:2).

Mormónsbók er handbók okkar og leiðarvísir, er við ferðumst um veginn frá hinu slæma til hins góða og hins betra og vinnum að breytingu hjarta okkar. Benjamín konungur fræðir okkur um ferðina um hinn dauðlega heim og hlutverk friðþægingarinnar í því að gera þá ferð árangursríka: „Hinn náttúrlegi maður er óvinur Guðs og hefur verið það frá falli Adams og mun verða það alltaf og að eilífu, nema hann láti undan umtöllum hins heilaga anda, *losi sig úr viðjum hins náttúrlega manns og verði heilagur fyrir friðþægingu Krists*“ (Mósía 3:19; skáletrað hér).

Ég beini athygli ykkar að tveimur orðasamböndum. Fyrsta: „Losi sig úr viðjum hins náttúrlega manns.“ Ferðin frá hinu slæma til hins góða felst í því að losa sig við hinn náttúrlega mann í sjálfum sér. Okkar allra er freistað með holdinu í hinum dauðlega heimi. Efnin sem líkamar okkar eru skapaðir úr eru í eðlislægu föllnu ástandi og ævarandi háð áhrifum syndar, spillingar og dauða. En við getum aukið getu okkar til að sigrast á þrá holdsins og freistingum „fyrir friðþægingu Krists.“ Þegar okkur



verður á, er við syndgum og brjótum af okkur, getum við iðrast og orðið hrein fyrir endurleysandi mátt friðþægingar Jesú Krists.

Annað: „Verða heilagur.“ Orðasamband þetta lýsir áframhaldandi ferli og öðrum áfanga lífsins ferðar við að gera „góða menn betri“ eða, með öðrum orðum, að verða heilagri. Þessi síðari hluti ferðarinnar, ferlið frá hinu góða til hins betra, er efni sem við hvorki lærum eða kennum nægilega, né höfum nægan skilning á.

Mig grunar að margir kirkjumeðlimir séu kunnugri hinum endurleysandi og hreinsandi krafti friðþægingarinnar, fremur en styrkjandi og virkjandi krafti hennar. Eitt er að vita að Jesús Kristur hafi komið til jarðarinnar til að *deyja* fyrir okkur—sem er megingrundvöllur kenningarinnar um Krist, en annað að vita að Drottinn þráir, fyrir friðþægingu sína og kraft heilags anda, að *dvelja* í okkur—ekki aðeins til að veita okkur handleiðslu, heldur líka til að styrkja okkur.

Flest okkar vita að þegar við breytum rangt þurfum við hjálp til að sigrast á áhrifum syndarinnar í lífi okkar. Frelsarinn hefur reitt gjaldið af höndum og gert okkur mögulegt að verða hrein fyrir endurleysandi kraft hans. Flest skiljum við vel að friðþægingin er í þágu syndara. Ég er þó ekki viss um að við skiljum og áttum okkur á að friðþægingin er líka fyrir hina heilögu—fyrir góða karla og konur sem eru hlýðin, verðug og samviskusöm og reyna stöðugt að bæta sig og þjóna af trúmennsku. Við gætum trúað því að ósekju að við þyrftum sjálf að takast á við ferðina frá hinu góða til hins betra og verða heilög, af eigin þrautseigju, viljastyrk og sjálfsaga, af okkar augljósu takmörkuðu getu.

Fagnaðarerindi frelsarans snýst ekki aðeins um að forðast hið slæma í lífi okkar; það er líka nauðsynlegt til að breyta rétt og verða góður. Og friðþægingin sér okkur fyrir hjálp til að sigrast á hinu illa og forðast það og verða góð. Hjálp frelsarans

stendur okkur til boða alla ferðina um hinn dauðlega heim—frá hinu slæma til hins góða og hins betra og til að breyta eðli okkar.

Með þessu er ég ekki að segja að endurleysandi kraftur og virkjandi kraftur friðþægingarinnar séu aðgreindir og aðskildir. Þessar tvær víddir friðþægingarinnar tengjast öllu heldur og falla hvor að annarri og þurfa báðar að verða virkar á öllum stigum lífsins ferðar. Og okkur öllum er eilíflega mikilvægt að vita að *báðir* eru þessir þættir mikilvægir í ferðinni um hinn dauðlega heim—bæði það að losa okkur við hinn náttúrlega mann og verða heilög, bæði það að sigrast á hinu illa og verða góð—næst fyrir kraft friðþægingarinnar. Viljastyrkur, ákveðni og áræðni, gott skipulag og markmiðasetning eru nauðsynleg, en að lokum alls ófullnægjandi til að uppskera sigur eftir ferð okkar um hinn dauðlega heim. Við verðum vissulega að reiða okkur á „verðleika, miskunn og náð heilags Messíasar“ (2 Ne 2:8).

Náð og virkjandi kraftur friðþægingarinnar

Í orðabók Biblíunnar er þess getið að hugtakið *náð* sé oft notað í ritningunum í tengslum við hinn virkjandi kraft:

„[*Náð* er] hugtak sem oft kemur fyrir í Nýja testamentinu, einkum í ritverki Páls. Megininntak hugtaksins er *guðleg hjálp* og *styrkur*, sem veitt eru fyrir mikla miskunn og elsku Jesú Krists.

Það er fyrir náð Drottins Jesú, sem friðþæging hans gerir mögulega, að mannkynið mun reist upp í ódauðleika, hver maður mun hljóta líkama sinn úr gröfinni til ævarandi lífs. *Það er líka fyrir náð Drottins sem menn hljóta*, fyrir trú á friðþægingu Jesú Krists og iðrun synda þeirra, *styrk og hjálp við að gera góð verk, sem þeir ekki gætu ella af eigin rammleik. Náð þessi er virkjandi kraftur* sem gerir mönnum kleift að hljóta eilíft líf, eftir að þeir hafa lagt allt sitt besta af mörkum.“²

Náð er sú guðlega aðstoð eða himneska hjálp

sem við öll þurfum sárlega á að halda til að verða hæf fyrir himneska ríkið. Hinn virki kraftur friðþægingarinnar styrkir okkur því til að framkvæma, sýna góðvild og þjóna umfram okkar eigin þrá og náttúrlega getu.

Þegar ég læri ritningarnar set ég oft orðin „virkjandi kraftur“ í stað orðsins *náð*.



Nefí bað þess ekki að aðstæður hans breyttust. Hann bað fremur um styrk til að geta breytt aðstæðum sínum.

Ígrundið til að mynda þessi vers sem við öll þekkjum: „Vér vitum, að vér frelsumst fyrir náð, að afloknu öllu, sem vér getum gjört“ (2 Ne 25:23). Ég tel að við getum lært heilmikið um þetta mikilvæga svið friðþægingarinnar, ef við setjum orðin „virkjandi og styrkjandi kraftur“ í stað orðsins *náð* hvar sem það kemur fyrir í ritningunum.

Útskýringar og ályktanir

Ferðin um hinn dauðlega heim er að fara frá hinu slæma til hins góða og til hins betra og breyta eðlislægu ástandi okkar.

Í Mormónsbók eru ótal dæmi um lærisveina og spámenn sem vissu, skildu og voru ummyndaðir af hinum virkjandi krafti friðþægingarinnar í þessari ferð þeirra. Þegar við förum að átta okkur betur á þessum helga krafti, mun skilningur okkar á fagnaðarerindinu stórlega aukast. Slíkur skilningur mun breyta okkur á eftirtektarverðan hátt.

Nefí er dæmi um mann sem þekkti, skildi og reiddi sig á hinn virkjandi kraft frelsarans. Íhugið þegar synir Lehís höfðu snúið frá Jesúsalem eftir að hafa talið Ísmael og heimilisfólk hans á að fylgja málstað sínum. Laman og fleiri í hópnum, sem fóru ásamt Nefí frá Jesúsalem aftur út í óbyggðirnar, voru með uppsteit og Nefí brýndi fyrir bræðrum sínum að reiða sig á Drottin. Það var á þessum tímamarki í ferð þeirra að bræður Nefís kefluðu hann og hugðust drepa hann. Hlustið á bænarorð Nefís: „Ó Drottinn, bjarga mér úr höndum bræðra minna vegna trúar minnar á þig, já, *gef mér jafnvel*

kraft til að slíta af mér böndin, sem ég er fjötraður“ (1 Ne 7:17; skáletur hér).

Vitið þið hvernig bæn mín hefði líklega hljómað, ef ég hefði verið keflaður af bræðrum mínum? „Hjálpaðu mér NÚ ÞEGAR að komast út úr þessu klandri!“ Mér finnst áhugavert að Nefí bað þess ekki að aðstæður hans breyttust. Hann bað fremur um styrk til að geta breytt aðstæðum sínum. Og ég trúi að hann hafi einmitt beðið á þennan hátt vegna þess að hann þekkti og skildi og hafði upplifað hinn virkjandi kraft friðþægingarinnar.

Ég trúi ekki að böndin sem Nefí var keflaður með hafi bara fallið af höndum hans og fótum fyrir einhverja töfra. Fremur að hann hafi verið blessaður bæði með þrautseigju og styrk umfram hans náttúrlega getu, og „með Drottins styrk“ (Mósía 9:17) hafi hann togað og teygst á böndunum, þar til honum tókst loks bókstaflega að losa þau af sér.

Sú ályktun sem við öll getum dregið af þessu er auðskilin. Og þegar við tökum að skilja og hagnýta okkur hinn virkjandi kraft friðþægingarinnar í lífi okkar, munum við biðja um styrk til að breyta aðstæðum okkar, fremur en að biðja um að aðstæður okkar breytist. Við munum þá fremur verða sá sem áhrifum veldur, heldur en sá sem fyrir áhrifum verður (sjá 2 Ne 2:14).

Ígrundið dæmi í Mormónabók þar sem Alma og fólk hans var ofsótt af Amúlon. Rödd Drottins barst þessu góða fólki í raunum þess og sagði:

„Ég mun einnig létta byrðarnar, sem lagðar hafa verið á herðar yðar, já, svo að þér finnið ekki fyrir þeim á bókum yðar, . . .

Og nú bar svo við, að byrðarnar, sem lagðar höfðu verið á Alma og bræður hans, urðu þeim léttari. Já, *Drottinn gaf þeim svo mikinn styrk*, að þeir gátu borið byrðar sínar léttilega og lutu vilja Guðs með gleði og þolinmæði“ (Mósía 24:14–15; skáletrað hér).

Hvað hafði breyst í þessum aðstæðum? Það var ekki byrðin sem hafði breyst; erfiðleikar og mótlati ofsóknanna var ekki þegar í stað létt af fólkinu. En Alma og fylgjendur

hans hlutu styrk og aukin geta þeirra og þróttur gerði byrði þeirra léttari. Þetta góða fólk hlaut styrk með friðþægingunni til að *takast á við aðstæður sínar* og draga úr *áhrifum* aðstæðnanna. Og „með Drottins styrk“ var Alma og fólk hans leitt á öruggan stað í landi Sarahemla.



Þið gætuð réttilega hugsað með ykkur: „Hvað er það í frásögn Alma og fólks hans sem er dæmi um hinn virkjandi kraft friðþægingarinnar?“ Svarið er, að það finnum við með því að bera saman Mósía 3:19 og Mósía 24:15.

„[Losa] sig úr viðjum hins náttúrlega manns og [verða] heilagur fyrir friðþægingu Krists, sjálfs Drottins, og [verða] *sem barn, undirgefinn, hógvær, auðmjúkur, þolinmóður, elskuríkur og reiðubúinn að axla allt, sem Drottni þóknast á hann að leggja, á sama hátt og barn, sem beygir sig fyrir föður sínum*“ (Mósía 3:19; skáletur hér).

Rödd Drottins barst Alma og fólki hans í raunum þess og sagði: „Ég mun einnig létta byrðarnar, sem lagðar hafa verið á herðar yðar, já, svo að þér finnið ekki fyrir þeim á bókum yðar.“

Pegar við þroskumst í ferðinni um hinn dauðlega heim, frá hinu slæma til hins góða og til hins betra, er við losum okkur úr viðjum hins náttúrlega manns, sem í hverju okkar býr, og er við reynum að verða heilög og eðlislægt ástand okkar breytist, þá munu þeir eiginleikar sem tilgreindir eru í versinu verða stöðugt ríkari í persónuleika okkar. Við verðum þá líkari barni, auðmjúkari, polinmóðari og fúsari til undirgefni.

Skoðið nú þessa eiginleika í ljósi þeirra sem eru í Mósía 3:19, og eru lýsandi fyrir Alma og fólk hans: Og „þeir gátu borið byrðar sínar léttilega og *lutu* vilja Guðs með gleði og *polinmæði*“ (Mósía 24:15; skáletrað hér).

Mér finnst hliðstæður eiginleikanna í þessum versum vera sláandi og sýna fram á að hið góða fólk Alma hafði tekið framförum með hinum virkjandi krafti friðþægingar Krists Drottins.

Ígrundið frásögnina um Alma og Amúlek í Alma 14. Í henni höfðu margir trúfastir heilagir verið deyddir með eldi og þessir tveir þjónar Drottins höfðu verið barðir og settir í varðhald. Ígrundið bænarákall Alma í fangelsinu: „Ó Drottinn, *veit oss styrk* til að losna, fyrir trú vora á Krist“ (Alma 14:26; skáletrað hér).

Hér sjáum við líka að Alma sýnir í bæn sinni að hann hefur skilning og trú á hinum virkjandi krafti friðþægingarinnar. Og takið eftir bænheyrslu hans:

„Og þeir [Alma og Amúlek] sprengdu af sér böndin, sem fjötruðu þá. Þegar mennirnir sáu þetta, lögðu þeir á flóttu, því að óttinn við tortímingu hafði gripið þá. . . .“

Og Alma og Amúlek komu út úr fangelsinu ómeiddir, því að *Drottinn hafði veitt þeim kraft* í samræmi við trú þeirra á Krist“ (Alma 14:26, 28; skáletrað hér).

Enn og aftur er hinn virkjandi kraftur skýr er gott fólk berst við hið illa og reynir jafnvel að bæta sig enn frekar og þjóna af meiri árangri „með Drottins styrk.“

Annað dæmi úr Mormónsbók er lærdómsríkt. Í Alma 31 fer Alma fyrir trúboði til að snúa hinum fráhverfu Sóramítum, sem, eftir að hafa byggt sinn Rameumptom, fluttu sína fyrirskipuðu og hræsnisfullu bæn.

Takið eftir bænarákalli Alma um styrk: „Ó Drottinn! Vilt þú *veita mér styrk* til að bera með polinmæði þessar þrengingar, sem yfir mig koma vegna misgjörða þessa fólks“ (Alma 31:31; skáletrað hér).

Alma bað þess líka að trúboðsfélagar hans hlytu álíka blessun: „*Veit þeim styrk* til að bera þrengingar sínar, sem yfir þá munu koma vegna misgjörða þessa fólks“ (Alma 31:33; skáletrað hér).

Alma bað þess ekki að erfiðleikar hans yrðu teknir í burtu. Honum var ljóst að hann var fulltrúi Drottins og bað því um kraft til að takast á við aðstæður sínar.

Lykilatriðið í dæmi þessu er að finna í lokaversi í Alma 31: „Og Drottinn . . . veitti þeim einnig styrk, *svo að allar þrengingar þeirra hyrfu í fögnuði Krists*. En svo varð vegna bænar Alma, því að hann baðst fyrir í trú“ (vers 38; skáletrað hér).

Erfiðleikarnir voru ekki teknir í burtu. En Alma og félagar hans hlutu styrk og blessun fyrir hinn virkjandi kraft friðþægingarinnar „*svo að allar þrengingar þeirra hyrfu í fögnuði Krists*.“ Hve dásamleg blessun. Og hve góða lexíu við getum af þessu dregið.

Dæmi um hinn virkjandi kraft eru ekki aðeins að finna í ritningunum. Daniel W. Jones fæddist árið 1830 í Missouri og gekk til liðs við kirkjuna í Kaliforníu árið 1851. Árið 1856 var hann í björgunarleiðangri handvagnahópanna sem komust í sjálfheldu í Wyoming vegna mikilla snjóþyngsla. Eftir að björgunarmenn höfðu fundið hina illa stöddu heilögu, veitt þeim alla mögulega aðhlynningu og gert ráðstafanir til að flytja mætti hina sjúku og veikburða til Salt Lake City, buðust Daniel og nokkrir aðrir ungir menn til þess að verða eftir til

að gæta eigna ferðalanganna. Matur og vistir sem skilin voru eftir hjá Daniel og félögum hans voru af skornum skammti og kláruðust því fljótt. Eftirfarandi tilvitnun úr dagbók Daniels Jones segir frá atburðunum sem á eftir fylgdu.

„Veiðidýrin voru svo naum að við fengum ekkert fangað. Við átum allt rýra kjötið; maður varð svangari af því að borða það. Loks var það uppuríð, aðeins skinnið eitt eftir. Við gerðum tilraun með það. Mikið af því var soðið og etið án nokkurs bragðsbætis, sem varð til þess að allur hópurinn veiktist. . . .

Útlitið var svart, því ekkert var eftir nema rýrt skinnið af sveltandi nautgripum. Við báðum Drottin um leiðsögn um hvað gera skyldi. Bræðurnir mögluðu ekki, heldur settu traust sitt á Guð. . . . Loks hlaut ég hugljómun um hvernig leysa átti vandann og greindi hópnum frá því hvernig elda skyldi skinnið. Þeir áttu að sviða og skafa af hárin, en það sótthreinsaði og tók í burtu óbragðið af brunanum. Eftir sköfunina átti að sjóða skinnið í miklu vatni, fleyta froðunni ofan af soðvatninu, síðan að skola og skafa það enn betur, þvo upp úr köldu vatni, loks að sjóða það í hlaup, láta það kólna og að endingu eta það með örlitlum stráðum sykri. Þetta var nokkur fyrirhöfn, en við höfðum ekki margt annað að gera og betra en að svelta.

„Við báðum Drottin að blessa maga okkar og gera hann hæfan fyrir slíkt fóður. . . . Allir virtust nú njóta matarins. Við höfðum ekkert etið í þrjá daga áður en við gerðum þessa aðra tilraun. Við nutum þessarar dýrindis fæðu í um sex vikur.“³

Við slíkar aðstæður hefði ég líklega beðist fyrir um að fá eitthvað annað að eta: „Himneskur faðir, viltu send mér lynghænu eða vísund.“ Mér hefði líklega ekki dottið í hug að biðja þess að magi minn yrði styrktur og gerður hæfur fyrir fæðuna sem neyta átti. Hvaða vitneskju bjó Daniel W. Jones að? Hann þekkti hinn virkjandi kraft friðþægingar Jesú Krists. Hann bað þess ekki að

aðstæður hans breyttust. Hann bað þess að hann mætti hljóta styrk til að takast á við aðstæður sínar. Á sama hátt og Alma og fólk hans, Amúlek og Nefí hlutu styrk, þá hlaut Daniel W. Jones andlega hugljómun um hvers hann ætti að biðja í bæn sinni.

Hinn virkjandi kraftur friðþægingar Krists veitir okkur styrk til að gera það sem við að öðrum kosti hefðum alls ekki getað gert. Stundum velti ég fyrir mér hvort okkur í hinum þægilega síðari daga heimi—heimi örbylgjuofna, farsíma, loftkældra bíla og þægilegra heimila—muni einhvern tíma lærast að skilja hina daglegu þörf okkar fyrir hinn virkjandi kraft friðþægingarinnar.

Systir Bednar er dásamlega trúföst og hæf kona, og af hennar látlausa fordæmi hefur mér lærst mikilvæg lexía um hinn virkjandi kraft. Ég fylgdist með er hún þjáðist af mikilli og stöðugri morgunógleði—dag hvern í átta mánuði—á öllum þremur meðgöngutímum sínum. Saman báðum við þess að hún yrðu blessuð, en þessir erfiðleikar voru ekki teknir í burtu. Þess í stað var henni gert kleift að gera það sem hún hefði ekki getað gert á eigin spýtur. Í áráttu rás hef ég fylgst með því hvernig hún hefur eflst við að takast á við hæðni og spott frá ákveðnum félagsskap fyrir að fara að leiðsögn spámanns sem Síðari daga heilög kona og hafa fjölskylduna og barnauppeldið í algjöru fyrirrúmi í lífi sínu. Ég þakka og hrósa Susan fyrir að hafa hjálpað mér að læra dýrmæta lexíu.

Frelsarinn þekkir og skilur

Í 7. kaþúla Alma lærur við hvernig og hvers vegna frelsaranum er kleift að sjá okkur fyrir hinum virkjandi krafti:

„Og hann mun ganga fram og þola alls kyns *sársauka, þrengingar og freistingar*. Og svo mun verða, til að orðið megi rætast, sem segir, að hann muni taka á sig *sársauka og sjúkdóma* fólks síns.

„Og hann mun líða dauða til að leysa helsei dauðans, sem fjötrar fólk hans. Og hann mun kynnast *vanmætti* þess, svo að hjarta hans fyllist miskunn samkvæmt holdinu, svo að hann megi vita í holdinu, hvernig fólki hans verður best liðsinnt í vanmætti þess“ (Alma 7:11–12; skáletrað hér).



Það er enginn líkamlegur sársauki, engin sálarkvöl, engin andleg þjáning, enginn vanmáttur eða veikleiki sem þið eða ég höfum upplifað í ferð okkar um hinn dauðlega heim, sem frelsarinn hefur ekki upplifað á undan okkur.

Frelsarinn hefur ekki aðeins þjáðst fyrir vanmátt okkar, heldur einnig fyrir misréttið, ósanngirnina, sársaukann, angistina og armæðuna sem svo oft hrjáir okkur. Það er enginn líkamlegur sársauki, engin sálarkvöl, engin andleg þjáning, enginn vanmáttur eða veikleiki sem þið eða ég höfum upplifað í ferð okkar um hinn dauðlega heim, sem frelsarinn hefur ekki upplifað á undan okkur. Á stund breyskleika getum við hrópað: „Enginn fær skilið. Enginn fær þekkt.“ Enginn maður fær hugsanlega skilið. En sonur Guðs fær algjörlega skilið og þekkt, því hann upplifði

og bar byrðar okkar á undan okkur sjálfum. Og vegna þess að hann reiddi af höndum hið endanlega gjald, hefur hann algjöra samúð með okkur og megnar að rétta okkur miskunnararm sinn á svo mörgum sviðum lífsins. Hann megnar að ná til okkar, snerta okkur og liðsinna—bókstaflega koma skjótt til okkar—

og styrkja okkur svo úr okkur verði meira en við hefðum sjálf getað gert og hjálpa okkur að gera það sem við hefðum aldrei getað gert með því að reiða okkur aðeins á sjálf okkur.

„Komið til mín, allir þér sem erfiði hafið og þungar byrðar, og ég mun veita yður hvíld.

Takið á yður mitt ok og lærið af mér, því að ég er hógvær og af hjarta lítillátur, og þá munuð þér finna hvíld sálum yðar.

Því að mitt ok er ljúft og byrði mín létt“ (Matt 11:28–30).

Ég lýsi yfir vitnisburði mínum og þakklæti fyrir hina óendanlegu og eilífu fórn Drottins Jesú Krists. Ég veit að frelsarinn lifir.

Ég hef bæði upplifað endur-

leysandi og virkjandi kraft hans og ber vitni um að kraftur þessi er raunverulegur og aðgengilegur okkur öllum. Við getum vissulega sigrast á öllu „með Drottins styrk,“ er við tökumst á við ferð okkar um hinn dauðlega heim. ■

Úr hátíðarræðu sem flutt var í Brigham Young háskóla, 23. október 2001. Til að lesa alla ræðuna á ensku: speeches.byu.edu.

HEIMILDIR

1. Sjá Franklin D. Richards, í Conference Report, október 1965, 136–37; sjá einnig David O. McKay, í Conference Report, apríl 1954, 26.
2. Bible Dictionary, „Grace“; skáletrað hér.
3. Daniel W. Jones, *Forty Years among the Indians* (n.d.), 57–58.

Um heim allan færir trúarskólinn
æskufólk, líkt og ykkur,
nær Jesú Kristi.



Blessanir TRÚARSKÓLANS

Brittany Beattie

Kirkjutímaritin

Dið eruð ekki ein um að ákveða að sækja trúarskólann. Um heim allan er trúarskólinn hluti af lífi hundruð þúsunda æskufólks, sem fer þangað í strætisvagni, á barkarbatum, hjólum og nota jafnvel Alnetið til þess. Sumir vakna árla og ferðast langar leiðir, aðrir ferðast á kvöldin og enn aðrir læra heima nokkra daga í viku.

Það krefst fórnar að sækja trúarskólann, en æskufólk víða um heim finnst nám í trúarskól- anum erfiðisins virði. Og þau sem taka þátt eiga nokkuð sameiginlegt: Trúarskólinn færir þau nær frelsaranum og himneskum föður.

Hljóta lofaðar blessanir

Hvers vegna er trúarskólinn mikilvægur fyrir þig? Sumar þeirra ástæðna fela í sér þessi loford spámannanna og postula Síðari daga heilagra:

- Hann „er himnasending til hjálpræðis nútíma Ísrael á afar erfiðum tíma.“¹
- Hann „mun búa ykkur undir að kenna þeim sem á vegi ykkar verða boðskap hins endurreista fagnaðarerindis.“²
- Hann gerir ykkur kleift að „hljóta yfirgripsmikinn skilning á sannleikanum.“³
- Trúarskólinn „veitir dásamlegt tækifæri til að læra þær kenningar sem leiða ykkur til hamingju. Hann veitir dásamlegt tækifæri til að eiga samskipti við ykkar líka.“⁴

- „Þekking ykkar mun aukast á fagnaðarerindinu. Trú ykkar mun styrkjast. Þið munuð þróa dásamleg samskipti og vináttu.“⁵
- „Hann eykur . . . andrúki og siðgæðisstyrk til að standa gegn hinu illa hvarvetna umhverfis ykkur og eykur einnig til muna þekkingu ykkar á fagnaðarerindinu.“⁶
- Hann er „einn besti undirbúningurinn að trúboði.“⁷

Ákveða hvernig sækja skal trúarskólann

Að mæta í trúarskólann þýðir að þið þurfið oft að sleppa einhverju öðru sem þið hafið gaman af. En það er fórn sem er þess virði að færa. Elijah Bugayong frá Filippseyjum ákvað að gera það á lokaári grunnskólans. Í gegnum grunnskólann hafði hún alltaf verið næstefst í bekknum sínum. Hún hafði einsett sér að láta lokaár skólans vera í fyrirrúmi og hafði jafnvel hugleitt að hætta í trúarskól- anum, sem hún hafði þó sótt árin á undan, til að ná markmiði sínu.

Dag einn skipti hún um skoðun. „Ég virti fyrir mér stundatöfluna,“ sagði hún. „Ég sá bókastafla við hlið hennar, allar skólabækur mínar og námsbók og glósubók trúarskól- ans. Innst inni spurði ég sjálfa mig: „Hvort er mikilvægara?“

Elijah fann svarið í Matteus 6:33: „En leitið fyrst ríkis hans og réttlætis, þá mun allt þetta



ÆVILÖNG BLESSUN

„Fyrir mörgum árum naut ég þeirra forréttinda að kenna í trúarskóla árla morguns. Námsbakkurinn var hafður frá hálf sjö til hálf átta á hverjum skóladegi. Í tvö ár sá ég syfjaða nemendur koma skjögrandi í kennslu með áskorun um að kennari þeirra veki þá upp. Eftir að bæn hafði verið flutt og innblásin orð gefin, fylgdist ég með er hugsun þeirra skýrðist til að auka þekkingu þeirra á ritningunum. Það sem reyndist erfiðast í kennslunni var að binda endi á umræðuna svo þau yrðu ekki of sein í hinn hefðbundna skólabekk. Eftir því sem leið á skólaárið, sá ég að hver nemandi hafði öðlast aukið sjálfstraust, innilegri vináttu og vaxandi vitnisburð um fagnaðarerindið.

Fyrir nokkrum árum var ég staddur í matvörubúð í borg ekki hér fjarri þegar ég heyrði einhvern kalla nafn mitt. Ég sneri mér við til að heilsa tveimur fyrrverandi trúarskólanemendum mínum. Þau voru nú gift hjón. Þau kynntu fyrir mér fjögur falleg börn sín. Í endurfundum okkar þarna undraðist ég hve þau voru í sambandi við marga samnemendur sína úr trúarskólanum eftir öll þessi ár. Það var sönnun þess hve sérstök tengsl höfðu myndast á milli nemendanna í þessum trúarskólabekk sem haldinn var svo árla morguns.“

Öldungur L. Tom Perry í Tólfpostulasveitinni, „Receive Truth,” *Ensign*, nóv. 1997, 62.

veitast yður að auki.“ Hún ákvað að sækja trúarskólann samviskusamlega og reyna að skipuleggja tíma sinn til að geta unnið að skólanáminu. Í lok skólaársins var hún með hæstu meðaleinkun skólans og ávann sér meira að segja námsstyrks.

Spencer Douglas frá Alabama, Bandaríkjunum, ákvað að gefa sumt í félagslífinu upp á bátinn svo hann gæti nýtt sér trúarskólann til fulls. Fyrstu tvö árin vaknaði hann klukkan fjögur á morgnana til að sækja trúarskólann og síðustu tvö árin vaknaði hann klukkan fimm á morgnana. Hann sagði: „Ég gat oft ekki verið með vinum mínum í félagslífi síðla kvölds, því ég þurfi að fara snemma í rúmið. Ef ég gerði það ekki, átti ég erfitt með að fylgjast með og læra um morguninn.“ Spencer fannst ekki nóg að mæta aðeins í námsbekkinn, því hann vildi líka einbeita sér að náminu.

Öldungur Dallin H. Oaks í Tólfpostulasveitinni sagði: „Aðeins það að eitt-hvað sé gott er ekki næg ástæða til þess að gera það. Fjöldi alls þess góða sem við getum gert er mun meiri en tíminn sem gefst til að ljúka því. Stundum er sumt betra en gott, og það er það sem ætti að hafa forgang í lífi okkar.“⁸ Þessa mikilvægu leiðsögn þarf að hafa í huga þegar við ákveðum forgangsroð trúarskólans í dagskrá okkar.

Búa sig undir trúboð

Trúarskólinn er líka afar gagnlegur við að búa ykkur undir trúboðstarf ykkar—nú sem meðlimatrúboði

og síðar sem fastatrúboði. Franco Huamán Curinuqui frá Perú veit að ritningarnám í trúarskólanum hefur hjálpað honum að búa sig undir trúboð.

Hann sagði það þess virði að fara á fætur klukkan fjögur á morgnana fyrir slíkan undirbúning, róa á barkarbat þegar flæddi mánuðum saman og að vaða síðan aur til að komast í námsbekkinn. Hann sagði: „Ég ætla að ljúka yngri deild trúarskólans og fara svo í eldri deild trúarskólans til að búa mig undir trúboð. Ég ætla mér að halda áfram að þroskast í kirkjunni.“ Trúarskólinn er honum mikilvægur, því hann lærir ritningarnar og mikilvæg vers utanbókar, sem hjálpar honum að verða betri trúboði.

Njóta blessunar á öllum sviðum lífsins

Þegar æskufólk víða um heim leggur á sig að fara í trúarskólann, styrkist það á mun fleiri sviðum en í ritningarnámi. Cameron Lisney frá Englandi komst að því að hann var blessaður á öllum lífsins sviðum. „Trúarskólinn er ekki aðeins gagnlegur á andlega sviðinu, heldur líka hvað varðar skóla og menntun,“ sagði Cameron.

Hann sagði það „skýra hugsunina að taka daginn snemma. Sumir vina minna sögðust hafa of mikið að gera til að mæta—en það er ekki eins og við þurfum að vinna í stærðfræði klukkan sex á morgnana, er það?“

Þegar við lærum „mun Drottinn hjálpa okkur í prófunum og ef við stundum trúarskólann vel, mun hann jafnvel hjálpa okkur enn meira,“ sagði Cameron.

Trúarskólinn hjálpaði Cameron auðvitað líka að efla vitnisburð sinn. Hann sagði: „Vitnisburður minn tók að myndast vegna trúarskólánámsins. Þegar ég var 14 ára ærslafullur unglingur átti ég erfitt með fagnaðarerindið. Ég naut þess ekki að fara í kirkju og tók að gera ýmislegt sem ég hefði betur látið ógert. Ég hefði gefist algjörlega upp að nokkrum mánuðum liðnum.“ En þegar vin-kona ein bauð Cameron að sækja trúarskólann ákvað hann að slá til. Eftir það tóku blessanirnar í raun að koma.

„Ég tók að skynja andann að nýju,“ sagði Cameron. „Ég tók að sinna kirkjunni betur og sækja sunnudagaskóla og prestdæmis-kennslu. Lífið varð auðveldara og ég varð hamingjusamari. Loks hlaut ég sjálfur vitnisburð um fagnaðarerindið.“ Að loknum tveimur mánuðum í trúarskólanum, átti Cameron viðtal við biskup sinn og var vígður sem kennari í Aronsprestdæminu.

Cameron veit að trúarskólinn hjálpar honum að standa staðfastur gegn freistingum heimsins. Hann

sagði: „Þegar á trúarskólánámið leið fannst mér auðveldara að takast á við erfiðleikana sem heiminum fylgja. Það er nokkuð erfitt að vera unglingur í heimi nútímans—syndin umlykur okkur hvarvetna. Ég ber ykkur vitni um að ef þið ástundið trúarskólann, munuð þið hljóta styrk til að standa gegn henni. Trúarskólinn verður andlegur skjöldur okkur til varnar. Ég hef upplifað ýmsa erfiðleika og freistingar og trúarskólinn hefur reynst mér afar gagnlegur við að halda mér á hinum krappa og þrönga vegi.“

Styrkja hver annan

Trúarskólinn gerir ykkur líka kleift að hitta aðra unglinga sömu trúar. Vika Chelyshkova frá Rússlandi sagði:

„Ég nýt samveru við fólk með líkan hugsunarhátt og siðgæðisvitund og sem trúir á Guð, líkt og ég geri.“ Hún bætti við: „Ef ég hef einhverjar spurningar, get ég rætt þær við trúarskólakennarann minn og samnem-endur mína. Ég get miðlað öðrum hugsunum mínum og vitnisburði, til að efla eigin trú og annarra. Með því að lesa saman ritningarnar og ígrunda andlegt efni, komumst við nær Guði og verðum samrýndari.“

Ksenia Goncharova frá Úkraínu hefur séð álíka árangur. Hún sagði: „Þegar við miðlum öðrum reynslu okkar styrkjumst við og skiljum betur ritningarnar. Þegar við ræðum um dæmi úr lífi okkar í kennslunni, sé ég hvernig fagnaðarerindið hefur áhrif á líf mitt og annarra.“





TRÚARSKÓLINN SETTI SITT MARK Á LÍF HENRY B. EYRING FORSETA

Mildred Bennion var meðal fyrstu nemendanna í Granite-trúarskólunum 1912. Hún varð síðar móðir Henry B. Eyring forseta, fyrsta ráðgjafa í Æðsta forsætisráðinu.

Hún skildi mikilvægi trúarskólans í lífi hennar og vildi að börn hennar nytu sömu blessana og trúarskólinn hafði veitt henni, og því tók fjölskylda hennar mikilvæga ákvörðun: „Við fluttum til Utah, sem var tiltölulega mikil fjárhagsleg fórn, til að synir okkar gætu sótt yngri og eldri deild trúarskólans og eignast vini meðal fólks okkar. Það ætti að svara spurningunni um viðhorf mitt til slíks“ (vitnað í C. Coleman, *History of Granite Seminary*, 142).

Mikilvægi trúarfræðslu var viðhaldið í fjölskyldu Eyrings þegar Henry B. Eyring varð forseti Ricks College (nú BYU–Idaho) árið 1971, sem kirkjan var og er eigandi að, og með þjónustu hans sem nefndarmaður Fræðsludeildarinnar frá 1980 til 1985 og aftur frá 1992 til 2005.

Komast til þekkingar á himneskum föður og Jesú Kristi

Hópur ungs fólks var nýverið spurður að því hvernig trúarskólinn hefði blessað líf þess. Svör þess endurspegluðu það meginþema—að trúarskólinn hafi hjálpað þeim að komast nær himneskum föður og frelsaranum. Öldungur David A. Bednar í Tólfpostulasveitinni sagði: „Allt efnið sem þið lærið í trúarskólunum er mikilvægt. Á hverju ári, er þið helgið ykkur einu af helgiritunum, er Drottinn Jesú Kristur hafður að þungamiðju.“⁹

Hér eru nokkur svör unglinganna við því hvernig trúarskólinn hefði fært þau nær Jesú Kristi.

- „Mér hefur lærst hvað frelsarinn gerir fyrir mig, er ég hef lesið ótal frásagnir hinna ýmsu spámanna, og orðið ljóst hve ég er honum mikils virði. Mér er ljóst að hann elskar mig nægilega mikið til að þjást og deyja svo ég þurfi ekki að þjást.“
- „Það er yndislegt að hefja daginn með því að fara í trúarskólann. Hversu þreyttur sem ég er, þá skynja ég andann og styrkist, og þegar erfiðleikar steðja að veit ég fyrir víst að frelsarinn elskar mig og ég verð öruggari við að taka stöðu með hinu rétta.“
- „Ég snerist til trúar á kirkjuna. Ég byrjaði í trúarskólanum áður en ég skírðist. Ég er ekki viss um hvort ég hefði meðtekið skírn ef

ekki væri fyrir trúarskólann. Án trúarskólans hefði ég ekki haft frelsarann í lífi mínu núna eða vitað að ég gæti hlotið fyrirgefningu synda minna. Ég hafði í raun aldrei áður upplifað himneskan föður eða Jesú Krist í lífi mínu. Trúarskólinn hjálpaði mér að finna þá og hafa þá með í lífi mínu og í lífi þeirra barna sem ég eignast í framtíðinni.“

- „Það hjálpaði mér að komast nær Drottni mínum og frelsara, Jesú Kristi, að fara í trúarskólann og læra um kenningar hans, undursamlegu elsku til mín og hvernig ég get dvalið hjá honum að nýju.“
- „Þegar ég er í trúarskólanum hlýt ég dýpri skilning á ritningunum. Hann hjálpar mér dag hvern að breyta líkt og Kristur í daglegu lífi.“
- „Trúarskólinn kenndi mér hvernig lesa á ritningarnar og ekki aðeins að njóta þeirra, heldur einnig að hagnýta mér efni þeirra. Ég lærði kenningar og reglur sem hafa styrkt vitnisburð minn um kærleiksríkan himneskan föður og Jesú Krist, sem verða hluti af mér það sem eftir er ævinnar.“

Þar sem svo margar blessanir hljóta af trúarskólanámi, er auðvelt að sjá hvers vegna svo margt ungt fólk í heiminum hefur það í fyrirrúmi í dagskrá sinni. ■

HEIMILDIR

1. Boyd K. Packer, *Teach the Scriptures* (ræða fyrir kennara Fræðsludeildar kirkjunnar, 14. okt. 1977), 3.
2. L. Tom Perry, „Setja markið hærra,“ *Aðalráðstefna*, okt. 2007.
3. Richard G. Scott, „Realize Your Full Potential,“ *Liahóna*, nóv. 2003, 42.
4. Gordon B. Hinckley, „Stand True and Faithful,“ *Ensign*, maí 1996, 93.
5. Gordon B. Hinckley, „The Miracle Made Possible by Faith,“ *Ensign*, maí 1984, 47.
6. Gordon B. Hinckley, „The State of the Church,“ *Ensign*, maí 1991, 52.
7. Ezra Taft Benson, „Our Responsibility to Share the Gospel,“ *Ensign*, maí 1985, 7.
8. Dallin H. Oaks, „Gott, betra, best,“ *Aðalráðstefna*, okt. 2007.
9. David A. Bednar, „Conclusion and Testimony,“ *Welcome to Seminary 2010–2011*, seminary.lds.org/welcome.

SAGA TRÚARSKÓLANS

Hér er yfirlit sem sýnir vöxt trúarskólans yfir árin.

- 1888: Wilford Woodruff forseti hefur umsjá með skipan stjórnar Fræðsludeildar kirkjunnar sem sér um fræðslustarf kirkjunnar, þ.m.t. trúarnámsbekki að loknum skóladegi.
- 1912: Stofnun fyrstu daglegu trúarskólanámsbekkja, með samtals 70 nemendur sem fara úr mið- eða grunnskóla til að sækja einn tíma í trúarskólanum. Bekkjarkennslan var höfð hinu megin við götuna þar sem skólinn Granite High School stóð í Salt Lake City, Utah, Bandaríkjunum.
- 1925: Skráðir nemendur eru 10.000.
- 1948: Settur á fót í Kanada, sem var fyrsta landið utan Bandaríkjanna sem hafði trúarskóla.
- 1950: Stofnun daglegra trúarskólanámsbekkja (áður nefndur „trúarskóli árla morguns“) í Kaliforníu, þar sem nemendur komu saman í kirkjubyggingum áður en skóli hófst.
- 1958: Skráðir nemendur eru 50.000.
- 1958: Settur á fót í Mið-Ameríku og fyrst kynntur í Mexíkó.
- 1962: Settur á fót í Evrópu og fyrst kynntur í Finnlandi og Þýskalandi.
- 1963: Settur á fót í Asíu og fyrst kynntur í Japan.
- 1965: Skráðir nemendur eru 100.000.
- 1967: Heimanáms-trúarskóli settur á fót í strjábýlum samfélögum, þar sem nemendur læra heima fjóra daga í viku og kom síðan saman einn dag í viku.
- 1968: Settur á fót í Ástralíu.
- 1969: Settur á fót í Suður-Ameríku og fyrst kynntur í Brasilíu.
- 1972: Settur á fót í Afríku og fyrst kynntur í Suður-Afríku.
- 1983: Skráðir nemendur eru 200.000.
- 1991: Skráðir nemendur eru 300.000.
- 2012: Fyrir hendi í 134 löndum og á ýmsum svæðum víða um heim, og skráðir nemendur eru um 370.000.



KÖLLUN FYRIR TRÚSKIPTING


Helena Hannonen



Stuttu eftir að ég skírðist 10 ára gömul í Lappeenranta, Finnlandi, hlaut ég mína fyrstu kirkjuköllun. Það var árið 1960 og fámennu greininni okkar vantaði sárlega einhvern til að leika undir sálmasönginn á sakramentissamkomum. Ég var beðin að taka það að mér.

Þótt móðir mín hefði stöðugt hvatt bróðir minn og mig til að rækta listhæfileika, kunni ég ekki að leika á píanó og við áttum ekki píanó. En ég vildi uppfylla köllun mína, svo ég gerði áætlun.

Við ræddum á fjölskyldukvöldi hvaða þýðingu köllun þessi hafði fyrir okkur öll. En móðir mín var ekkja með tvö ung börn, og því var okkur ljóst að það yrði heilmikil áskorun fyrir okkur að greiða fyrir





*Ég var nýskírð
og hafði enga
hæfileika til að
leika á píanó.
En hve þakklát
ég er fyrir köllun
mína sem und-
irleikari greinar
minnar, köllun
sem breytti lífi
mínu.*

píanókennslu. Við vorum öll fús til að færa nauðsynlegar fórnir.

Fyrsta fórnin sem við færðum var fjárhagsleg. Við einsettum okkur að hjóla fremur en að fara í strætó allt frá vori til hausts. Bróðir minn, Martti, var kjarkaður og varð einkar góður að hjóla—jafnvel í snjó og á ís. Ég keypti mér nærri því engin föt og lærði að sauma. Við lærðum líka að lifa sparlega. Við höfum garðrækt í sveitinni nærri húsi afa míns og ömmu og geymdum matvæli til vetursins. „Sumarfríð“ okkar varð ferð móður minnar til musterisins í Sviss, eða lautarferðir og útilegur ekki fjarri heimili okkar.

Önnur fórnin sem fjölskylda mín færði var tímatengd. Við skiptum húsverkunum á milli okkar og endurskipulögðum önnur verkefni og heimanám, svo mér gæfist tími til að æfa mig á píanóið. Og vegna fórna okkar og erfiðis, gat móðir mín þess oft að okkur gæfist enginn tími til að koma okkur í vandræði líkt og jafnaldrar okkar. Köllun mín varð í raun að fjölskylduköllun löngu áður en ég lék nótu.

Ég byrjaði á því að fara í píanótíma hjá tónlistarkennara í hverfisskólanum. Ég æfði mig á pappírsnótnaborði og á píanóinu í kirkjunni. Þegar píanókennari minn flutti í burtu, keyptum við píanóið hans og ég hóf nám hjá nafntoguðum píanókennara á svæðinu.

Ég lærði sálmana sjálf og æfði oft með tónlistarstjóra greinarinnar. Allir hvöttu mig—jafnvel þótt „falsnóta“ læddist með. Kennara mínum hryllti við þegar hún komst að því að ég spilaði fyrir fólk áður en ég hafði lært lögin almennilega. En einnar handar tónlist var betri en alls engin.

Ég hjólaði í kennslu og þegar vetur kom reyndi ég að ganga eða fara á skíðum, ef hægt var. Á sunnudögum gekk ég einsömul í kirkju, svo ég hefði klukkustund til að æfa mig fyrir samkomur. Ég ákvað að taka strætó aðeins þegar hitastigið fór niður fyrir -15°C. Regn og snjókoma drógu ekki úr mér kjark; tíminn leið hratt á göngu minni, því ég hafði svo marga fallega sálma mér til samfélags. Á göngu minni fór ég yfir slétturarnar með frumherjunum (sjá „Ó, kom þú örugg Herrans heilög sveit,“ *Sálmar*, nr. 13), klifraði hátt á fjallstind í Síon (sjá „Á háum fjallsins hnúk,“ *Sálmar*, nr. 4), og stóð með æskufólki sem aldrei hrasar (sjá „Sannir í trúnni,“ *Sálmar*, nr. 109). Ég myndi aldrei hrasa með slíkan stuðning—jafnvel þótt fjölskylda mín og ég værum einu Síðari daga heilagir í samfélagi okkar í austurhluta Finnlands, við landamæri Rússlands.

Í árána rás varð ég betri píanóleikari og mér tókst að leika tónlist, en ekki bara spila réttar nótur. Mér lærðist að vera bænheit í vali mínu á sálum, svo andinn ríkti á samkomum. Og mikilvægast er að vitnisburð minn um fagnaðarerindið hlaut ég fyrir tónlistina. Mér reyndist auðvelt að muna eftir innblæstri, orðum og boðskap sálmanna, ef ég var í vafa um eitthvað. Ég vissi að reglur og helgiathafnir fagnaðarerindisins væru sannar, því ég hafði lært þær setningu á setningu ofan og nótu á nótu ofan.

Ég minnst sérstaklega dags nokkurs þegar trú mín á reglur þessar urðu mér prófraun. Ég var 14 ára gömul og hafði yndi af að synda og mig dreymdi um að synda á Ólympíuleikunum. Ég tók ekki þátt í keppnum á sunnudögum, en náði samt árangri. Loks,



Þegar Ólympíuleikarnir í Mexíkó-borg tóku að nálgast, bauð þjálfarinn mér að taka þátt í sérstakri þjálfun.

En þjálfunin reyndist vera á hverjum sunnudagsmorgni á tíma sunnudagaskólans. Ég reyndi að sannfæra sjálfa mig um að ég gæti farið í þjálfunina og sleppt sunnudagaskólanum, því ég gæti í tíma náð sakramentissamkomunni síðdegis. Ég sparaði fyrir strætógjaldinu og skipulagði allt. Ég greindi móður minn frá áætlun minni laugardaginn fyrir fyrstu þjálfunina.

Ég sá vonbrigðin og sorgina í augum hennar, en hún sagði aðeins að ákvörðunin væri mín og mér hefði verið kennt hvað rétt væri að gera. Um kvöldið gat ég ekki hætt að hugsa um texta sálmsins „Veldu rétt“ (*Sálmar*, nr. 98). Orðin hljómuðu í huga mér líkt og biluð plata.

Á sunnudagsmorguninn hafði ég sundtöskuna í annarri hendi og tónlistartöskuna í hinni, og vonaði að ég gæti fengið móður mína til að halda að ég væri að fara í kirkju. Ég fór út og að strætóskýlinu. Svo vildi til að strætóskýlið mín megin á götunni var fyrir leiðina að sundhöllinni og skýlið hinu megin var fyrir leiðina að kirkjunni. Meðan ég beið varð ég ergileg.

*Annar vagninn
hefði farið með
mig til kirkjuköll-
unar minnar,
hinn vagninn
til æskudrauma
minna um sund-
hæfni á heimsvísu.
Sálmarir sem
ég hafði spilað
svo oft veittu mér
handleiðslu.*

Í eyrum mínum klingdi sálmurinn „Hef ég drýgt nokkra dáð?“ (*Sálmar*, nr. 91)—, sem ráðgert var að syngja í sunnudagaskólanum einmitt þennan dag. Af reynslu vissi ég að stórslys hlytist af án ákveðins undirspils, því taktur sálmsins var erfiður, textinn flókinn og nóturnar háar.

Þegar ég rökræddi þarna við sjálfa mig komu báðir vagnarnir aðvífandi. Vagninn sem fór að sundhöllinni stöðvaði fyrir mig og bílstjóri vagnsins sem fór til kirkjunnar stöðvaði vagninn og leit á mig gáttaður því hann vissi að ég hafði alltaf tekið vagninn hans. Við horfðum öll hvert á annað nokkur andartök. Hverju beið ég eftir? Ég hafði þegar valið Drottin (sjá „Who’s on the Lord’s Side?“ *Hymns*, nr. 260). Ég hafði lofað að fara hvert sem hann vildi að ég færi (sjá „Ég fer hvert sem vilt að ég fari,“ *Sálmar*, nr. 104). Ég hafði ákveðið löngu áður að halda boðorðin (sjá „Boðorðin haldið,“ *Sálmar*, nr. 113).

Áður en hugsunin tók yfir hjartað hafði líkami minn brugðist við. Ég stikaði örg yfir götuna og gaf hinum vagninum merki um að halda áfram. Ég greiddi fargjaldið og settist aftast í vagninn á leið til kirkjunnar og horfði á sunddraumana hverfa í burtu í gagnstæða átt.

Allir héldu að ég hefði grátið þennan dag vegna þess að ég skynjaði andann. En í raun grét ég vegna þess að æskudraumur minn fór út um þúfur og ég fyrirvarð mig fyrir að hafa jafnvel gælt við þá hugmynd að synda á hvíldardegi. En þennan sunnudag uppfyllti ég köllun mína, líkt og ég hafði alltaf gert og mun eftir sem áður gera.

Þegar að því kom að ég fór í framhaldsskóla, þjálfaði ég nokkra meðlimi greinarinnar í söngstjórn og píanóleik. Ég hélt áfram að leika á píanó meðan ég var í skólanum og lærði líka að spila á orgel. Ég taldi möguleika mína á því að fara til rómönsku Ameríku enga eftir að ég gaf sundkeppni upp á bátinn, en eftir að ég lauk meistaragraðu frá Brigham Young háskóla, þjónaði ég í trúboði í Kólobíu. Í trúboði mínu kenndi ég píanóleik. Ég vildi að þessir heilögu gætu notið tónlistar eftir að ég færi. Börn og unglingar í Kólobíu þurftu að ganga marga kílómetra í sólarhitnum til að geta lært að spila á píanó. Þau byrjuðu líka á því að spila með einni hendi uns þau gátu leikið með báðum höndum. Og þau færðu meiri fórnir en ég hafði gert til að geta lært á píanó.

Nú eru liðin yfir 50 ár frá því að ég skírðist. Ég hef ferðast vítt og breitt frá heimili mínu í Finnlandi og hvert sem ég hef farið er alltaf þörf fyrir einhvern til að spila undir sálmana. Alheimsmál tónlistarinnar hefur byggt brýr skilnings og kærleika á mörgum stöðum.

Fingur mínir eru nú stírfir af liðagigt. Margt hæfara tónlistarfólk hefur komið í minn stað. Móðir mín er oft sorgmædd

Í trúboði mínu í Kólobíu kenndi ég píanóleik. Börn og unglingar gengu langar leiðir í sólarhitnum til að læra að spila og færðu miklar fórnir til að hljóta gjöf tónlistar.

er henni verður hugsað til fyrstu ára minna í kirkjunni og alls þess sem ég lagði á mig, langra gönguferða minna og þess sem ég þurfti að neita mér um. Að henni læðist sá grunur að kuldinn hafi stuðlað að liðagigt minni. Ég ber þó mín „lífins ör“ með gleði. Gleði mín og sorg fær útrás í tónlistinni. Mér lærðist að tjá hlátur og grátur með fingrum mínum.

Hjarta mitt fyllist þakkætissöng þegar mér verður hugsað til þess að himneskur faðir og leiðtogar mínir báðu unga stúlku um að taka að sér svo erfitt verkefni. Köllunin gerði mér kleift að hljóta öruggan skilning á fagnaðarerindinu og stuðla að því að aðrir nytu andans með tónlist. Ég er lifandi sönnun þess að hinir nýju í trúnni þurfa köllun—jafnvel ungar stúlkur sem ekki kunna að leika á píanó. Í fyrstu köllun minni komst ég að því að með Guði er ekkert ómögulegt og að hann hefur áætlun og tilgang fyrir hvert barn sitt. Og tónlistin gerði mér kleift að hljóta staðfastan vitnisburð um hið endurreista fagnaðarerindi Jesú Krists. ■



Deildarráð AÐ STARFI

LaRene Gaunt

Kirkjutímaritin

Síðari daga heilagir nota deildar- og greinarráð til að blessa líf hinna þurfandi.



Kvöld eitt, 22. maí 2011, á meðan ærandi sírenur hljómuðu, brast gríðaröflugur fellibylur á yfir Joplin, Missouri, í Bandaríkjunum, og eyðilagði heimili og tók líf. Fyrsta Joplin deildin kom herfilega undan skýstrokknum, og Chris Hoffman biskup og deildarráðið tóku þegar í stað að huga að deildarmeðlimum.

„Við höfðum gert neyðaráætlun og rætt um viðbrögð okkar á deildarráðsfundi áður en þetta gerðist,“ sagði hann. „Við reiddum okkur líka á andann til að vita hvað þyrfti að gera. Rafmagnslínur höfðu fallið. Farsímar virkuðu ekki. Við báðumst fyrir og hlustuðum eftir svari, sem lét ekki á sér standa—það kemur alltaf. Það var huggunarríkt fyrir mig sem biskup að heyra meðlimi segja: „Þetta er það sem ég hef gert,“ í stað „Hvað viltu að ég geri“

Viðbrögðin í Joplin eru dæmigerð fyrir samstöðumátt deildarráðs. „Deildarráðsfundur er einn sá mikilvægasti í kirkjunni,“ ritaði öldungur M. Russell Ballard í Tólfpostulasveitinni, „því þar geta leiðtogar prestdæmis og aðildarfélaga rætt saman og lagt á ráðin með biskupsráði. . . . Ég held að af öllum ráðum og nefndum kirkjunnar geti deildarráðið komist mestu til leiðar við að hjálpa börnum föður okkar.“¹



Sameinuð í kærleika og trú

Í þorpinu Puerto Francisco de Orellana, sem er afskekkt í frumskógum Ekvador, búa meðlimir að sterkum kærleiks- og trúarböndum. Á mánaðarlegum greinarráðsfundum kemur umhyggja þeirra fram. Þar eru einstaklingar og fjölskyldur í fyrirrúmi og síðan hvernig dagskrá getur komið að liði. Innblástur fylgir í kjölfarið.

Margir meðlimir þarfnast hjálpar við atvinnuleit. Greinarráðinu finnst að oft megi leysa vanda meðlima á heimasvæði þeirra. Þegar greiðarráðið ræðir þarfir einhleyprar móður með unga dóttur sem stríðir við heilsuvanda, bendir Líknarfélagsforsetinn á starf sem móðirin gæti starfað við og verið nærri dóttur sinni.

Greinarráð nýtir sér líka úrræði kirkjunnar, svo sem fræðsluefni og námskeið Atvinnumiðlunar SDH.² Það hefur komið á fót námsbekk sem greinar meðlimur kennir og hjálpað hefur öðrum meðlimum að finna sér betri atvinnu.

Ricardo Reyes, fyrsti ráðgjafi í forsætisráði greinarinnar, sagði um greinarráðið: „Við erum verkfæri í höndum Drottins. Hann mun koma tilgangi sínum til leiðar fyrir okkar starf.“



ÞAÐ SEM RÁÐ ÞURFA TIL ÁRANGURS

Í bók sinni *Counseling with Our Councils*, gaf öldungur M. Russell Ballard í Tölfpostulasveitinni eftirfarandi þrjár ábendingar:

„Fyrsta: Einblínið á grundvallaratriði.“ Farið eftir leiðsögninni í *Handbook 2: Administering the Church*, kafli 4, en handbókin er aðgengileg á netinu á LDS.org í hlutanum *Serving in the Church*.

„Önnur: Einblínið á fólk, ekki á dagskrá.“ Vinnið að því að „sameina nýja meðlimi, virkja lítt virka meðlimi, leysa vanda æskufólks, bæta fjárhagsaðstæður einstakra meðlima og uppfylla þarfir einstæðra mæðra og ekkna.“

„Þriðja: Ráð eru til að ráðgast saman og skiptast á hugmyndum, en ekki aðeins til að koma með greinargerðir og hafa fyrirlestra. Stuðlið að frjálsum og opnum umræðum, þar sem hver einstaklingur og hópur er mikilvægur og hver skoðun mikilvæg.“ Einstaklingar hafa mismunandi skoðanir og reynslu, svo allir geta lagt sitt af mörkum við að skilgreina og skilja þarfir meðlimana.

Sjá öldungur M. Russell Ballard í Tölfpostulasveitinni, *Counseling with Our Councils* (1997), 106, 109, 112.



Leiðin að musterinu

Melissa Fisk frá Liverpool, New York, Bandaríkjunum, hefur hlotið skilning á gagnsemi greinarráðsfunda er hún hefur sótt þá. Þegar hún fór ofan í veskið sitt til að sækja glósubók, fann hún ljósmynd af 28 börnum í Barnafélaginu á þrepum Palmyra-musterisins í New York. Öll voru þau þakin býflugnastungum. Andartak dró myndin athygli hennar frá fundinum og henni varð rétt sem snöggvast hugsað um daginn sem Barnafélag greinarinnar hafði farið til Palmyra til að njóta helgra áhrifa musterislóðarinnar. Því miður höfðu börnin fyrir slysn vakið reiði býflugna þegar þau breiddu út teppin nærri búinu þeirra.

Eftir að hugað hafði verið að öllum börnunum, buðu leiðtogarnir þeim að snerta musterid. Börnin neituðu því þau voru hrædd og héldu að þar væri að finna fleiri býflugur. Foreldrar og leiðtogar röðuðu sér því upp og mynduðu rás að musterinu. Það veitti börnunum hugrekki til að takast á við raunina.

Melissa beindi athyglinni að nýju að deildarráðsfundinum og hugsaði með sér: „Bara að allir væru umluktit slíkum kærleiksríkum vinum og leiðtogum er þeir þroskast í átt að musterinu.“

Hún vaknaði upp frá þessum hugrenningum sínum þegar Líknarfélagsforsetinn benti á að ein systirin

HVERJIR SKIPA DEILDAR- EÐA GREINARRÁÐ?

Eftirtaldir leiðtogar prestdæmis og aðildarfélaga sækja ráðsfundinn í tvennum skilningi: (1) sem deildarmeðlimir til að hjálpa biskupinum að finna lausnir til að uppfylla þarfir og leysa vanda deildarinnar og

Biskupsráð

Biskupsráð ber ábyrgð á öllum meðlimum deildarinnar, samtökum og verkefnum. Biskupinn er í forsæti deildarráðsins, en hann getur verið betur í stakk búinn til að taka ákvarðanir eftir að hafa ráðfært sig við ráðgjafa sína og deildarráðið, þegar það á við.

(Sjá Handbook 2: Administering the Church (4.1), 4.2.)

Deildarritari

„Deildarritarinn skráir verkefnaúthlutun og ákvarðanir deildarráðsins. . . . Hann sér einnig til þess að við-eigandi tölulegar upplýsingar séu fyrir hendi úr tölvubókhaldskerfi kirkjunnar.“

(Handbook 2, 4.6.4.)

Framkvæmdaritari

„Framkvæmdaritari hefur til reiðu dagskrá deildarráðsfundarins. . . . Biskupinn gæti líka beðið hann að hjálpa sér að fylgja eftir verkefnum meðlima deildarráðsins. . . . [Hann] getur líka haft til reiðu tengda dagskrá frá deildarráðsfundi til framkvæmdafundar prestdæmisins.“

(Handbook 2, 4.6.5.)

Leiðtogar Melkisedeksprestðæmisins

Leiðtogi hápresta-flokks og forseti öldungasveitar bera ábyrgð á andlegri og stundlegri velferð þeirra karla sem þeir eru í forsæti fyrir. Biskup getur falið leiðtogum sveitar og flokks einhver þeirra fjölskylduverkefna sem hann hefur með höndum.

(Sjá Handbook 2, 7.)

Deildartrúboðsleiðtogi

Deildartrúboðsleiðtogi samræmir trúboðsstarf deildarinnar. Hann starfar með fastatrúboðum og deildartrúboðum. Biskup getur falið honum að sjá um umræður um trúboðsstarf á deildarráðsfundum.

(Sjá Handbook 2, 5.1.3.)

þyrfti á hjálp að halda: „Hún kom ekki í kirkju síðasta sunnudag. Ég geng úr skugga um að heim-sóknarkennarar hennar láti hana vita af fyrirhugaðri musterisferð.“

„Fjölskylda hennar á í erfiðleikum einmitt nú,“ bætti öldungaforsetinn við. „Ég skal ræða við heimiliskennara þeirra og sjá hvað við getum gert.“

„Stúlnafélagið gæti hlaupið undir bagga með barnapössun,“ sagði Stúlnafélagsforsetinn.

Þegar Melissa horfði framan í meðlimi deildarráðsins, lýsti svipur þeirra einlægri umhyggju. Bros færðist yfir andlit hennar. „Drottinn *hefur* búið börnum sínum leið

til að njóta verndar og kærleika,“ hugsaði hún með sér. „Deildarráðið!“

Á sama hátt og í Joplin, Puerto Francisco de Orellana, og í Liverpool, halda kirkjuleiðtogar um heim allan áfram að uppgötva blessanir deildar- og greinarráðs. Þegar þeir gera það, munu þeir virkja hinn einstaka kraft þessara ráða til að hjálpa Drottni að blessa börn sín og framfylgja verki hans. ■

HEIMILDIR

1. M. Russell Ballard, *Counseling with Our Councils: Learning to Minister Together in the Church and in the Family* (1997), 102.
2. *The Career Workshop Participant's Workbook* (birgðanúmer 35163) er nú fáanleg á store.lds.org, í dreifingarstöðvum eða hjá atvinnumiðlunum kirkjunnar.

(2) sem fulltrúar sinna aðildarfélaga eða samtaka. Þau starfa saman í kærleika og þjóna og styrkja einstaklinga og fjölskyldur í deildinni eða greininni. (Hugtökin deildir og biskupsráð eiga einnig við um greinar og greinarforsætisráð.)

Líknarfélagsforseti

Líknarfélagsforseti er fulltrúi kvenna í deildinni 18 ára og eldri. Hún gerir hvað hún getur til að hjálpa systrunum að auka trú og persónulegt réttlæti, styrkja fjölskyldur og heimili og finna og aðstoða nauðstadda.

(Sjá *Handbook 2*, 9.)

Piltafélagsforseti

Piltafélagsforseti leitast við að styrkja unga menn deildarinnar frá 12 til og með 18 ára. Hann nýtur aðstoðar ráðgjafa sinna við að hjálpa forsætisráði Aronsprestðæmisins (biskupsráði) og hefur umsjá með skátastarfinu, þar sem það er fyrir hendi.

(Sjá *Handbook 2*, 8.3.4.)

Stúlnafélagsforseti

Stúlnafélagsforseti leitast við að styrkja stúlkur deildarinnar frá 12 til og með 18 ára. Hún ber ábyrgð á að „hjálpa til við að búa allar stúlkur undir að gera og halda helga sáttmála og meðtaka helgiathafnir musterisins.“

(*Handbook 2*, 10.1.1.)

Barnafélagsforseti

Barnafélagsforseti er fulltrúi barnanna í deildinni frá 18 mánaða til og með 11 ára. Yfirsýn hennar er gagnleg þegar deildarráðið íhugar málefni sem tengjast börnum í deildinni.

(Sjá *Handbook 2*, 11.)

Sunnudagaskólaforseti

Sunnudagaskólaforseti ber ábyrgð á kennslu fagnaðar-erindisins á sunnudögum. „Hann sækir deildarráðsfundi og bendir á hvernig meðlimir geta bætt nám og kennslu í kirkjunni og á heimilum sínum.“

(*Handbook 2*, 12.2.2.)

Rosemary M. Wixom
aðalforseti Barnafélagsins



Gefa sér tíma til að tala saman og hlusta

Tilraunir okkar nú til að bæta samskiptin munu verða fjölskyldum okkar til eilífrar blessunar.

Í hinni fullkomnu umgjörð er tekið fagnandi á móti barninu, þegar það kemur heim úr skóla, með nýbakaðri súkkulaðiköku og mjólkurglasi og móðirin gefur sér tíma til að tala við og hlusta á barnið sitt segja frá atburðum dagsins. Þar sem umgjörð okkar er ekki fullkomin gætum við sleppt kökunni og mjólkinni, ef okkur byði svo við, en þó ekki sleppt „að gefa [okkur] tíma til að tala saman og hlusta.“

Fyrir 29 árum harmaði James E. Faust forseti (1920–2007), annar ráðgjafi í Æðsta forsætisráðinu, að fjölskyldur eyddu of litlum tíma saman. Hugsíð ykkur að fyrir—29 árum—sagði hann á aðalráðstefnu: „Einn mesti vandi fjölskyldna í dag er sá að þær eyða stöðugt minni tíma saman. . . . Sá tími sem við erum saman er dýrmætur—tími til að tala saman og hlusta og hvetja hvert annað og sýna hvernig á að gera hitt og þetta.“¹

Þegar við eyðum tíma saman og ræðum við börn okkar, munum við þekkja þau og þau munu þekkja okkur. Það sem við skynjum í hjarta okkar verður forgangur okkar og hluti af umræðum okkar við sérhvert barnanna.

Hvaða efni væri ykkur kærast að ræða um við börn ykkar?

Spámaðurinn Móse kenndi í 5. Mósebók:

„Þú skalt elska Drottin Guð þinn af öllu hjarta þínu og af allri sálu þinni og af öllum mætti þínum.

Þessi orð, sem ég legg fyrir þig í dag, skulu vera þér hugföst.

Þú skalt brýna þau fyrir börnum þínum og *tala* um þau, þegar þú ert heima og þegar þú ert á ferðalagi, þegar þú leggst til hvíldar og þegar þú fer á fætur (5 Mós 6:5–7; ská-letrað hér).

Og ég bæti við: „Og þegar þú neytir matar þíns við kvöldverðarborðið.“

Ef við þráum að fjölskyldur okkar verði saman að eilífu, þurfum við hefja ferlið nú þegar. Að gefa sér tíma til að ræða við börnin okkar kemur okkur til góða sem eilíf fjölskylda, er við fetum veginn saman til eilífs lífs.

Móðir ein frá Illinois í Bandaríkjunum sagði frá því hvernig hún hafði gefið sér tíma til að ræða við börnin sín:

„Þegar börnin okkar voru ung festist ég í þeim vana að horfa á fáeina uppáhalds sjónvarpsþætti. . . . Því miður voru þættirnir sýndir á sama tíma og börnin fóru í rúmið.

. . . Á ákveðnum tímamarki varð mér ljóst að ég hafði sett þættina efst á forgangslistann og börnin mín þar á eftir. Um tíma reyndi ég að lesa barnasögur með kveikt á sjónvarpinu,



en í hjarta mínu vissi ég að það var ekki besta lausnin. Þegar mér varð hugsað um dagana og vikurnar sem ég hafði glatað vegna sjónvarpsglápsins fylltist ég sektarkennd og ákvað að breyta um. Það tók mig nokkurn tíma að sannfæra sjálfa mig um að ég gæti í raun slökkt á sjónvarpinu.

„Eftir að hafa haft slökkt á sjónvarpinu í um tvær vikur fann ég byrðinni nokkuð af mér létt. Mér varð ljóst að mér leið betur, jafnvel hreinni að einhverju leyti, og ég vissi að ég hafði tekið rétta ákvörðun.“²

Háttatíminn er tilvalinn til að tala saman.

Helaman sagði um stríðsmennina ungu: „Og þeir endurtóku fyrir mér orð mæðra sinna og sögðu: Við efum ekki, að mæður okkar vissu það“ (Alma 56:48).

Það voru „orð mæðra“ þeirra sem kenndu þeim. Mæður þessar kenndu orð Guðs er þær ræddu við börn sín.

Efla persónuleg samskipti

Margt gott kemur út úr umræðum og andstæðingnum er ljós sá máttur sem felst í hinu talaða orði. Hann hefði yndi af að veikja þann anda sem á heimilum okkar getur ríkt þegar við tölum saman, hlustum á og hvetjum hvert annað og gerum margt saman.

Satan tókst ekki að halda aftur af hinu endurreista fagnaðarindi Jesú Krists á þessum ráðstöfunartíma, er hann reyndi að koma í veg fyrir hið mikilvæga samtal milli Josephs Smith og Guðs föðurins og sonar hans Jesú Krists.

Lýst með orðum Josephs: „Ég hafði varla



gert þetta, þegar einhver kraftur gagntók mig og bugaði gersamlega og hafði þau furðulegu áhrif á mig að lama tungu mína, svo að ég mátti ekki mæla“ (Joseph Smith—Saga 1:15).

Andstæðingurinn hefði unun af því að binda tungu okkar—að gera allt til að koma í veg fyrir að við tjáum tilfinningar okkar munnlega manna á milli. Hann hefur unun af fjarlægð og ónæði; hann hefur unun af hávaða; hann hefur unun af ópersónulegum samskiptum—öllu því sem kemur í veg fyrir ástúðlegar umræður og þær innilegu tilfinningar sem myndast í umræðum manna á milli.

Hlusta á hjötu barna okkar

Að hlusta er ekki síður mikilvægt en að tala. Öldungur Jeffrey R. Holland í Tólfpostulasveitinni sagði: „Ef við hlustum í kærleika, þurfum við ekki að velta fyrir okkur hvað skal segja. Það mun okkur gefið . . . af andanum.“³

Þegar við hlustum kynnumst við hjartalagi þeirra sem umhverfis eru. Himneskur faðir hefur áætlun fyrir hvert barn sitt. Hugsið ykkur

ef við fengjum séð brot af þeirri áætlun sem ætluð er hverju barna okkar. Hvað ef við gætum skilið hvernig þroska ætti andlegar gjafir þeirra? Hvað ef við gætum skilið hvernig örva ætti börn okkar til að ná möguleikum sínum? Hvað ef við gætum skilið hvernig hjálpa ætti hverju barni að þroskast frá barnatrú sinni til vitnisburðar?

Hvernig getum við hlotið slíkan skilning?

Við getum byrjað að skilja með því að hlusta.

Síðari daga faðir nokkur sagði: „Ég geri meira gott þegar ég hlusta á börn mín, en þegar ég tala við þau. . . . Mér hefur smám saman lærst að börnum mínum stendur stuggur af mínum klæðskerasniðnu, hefðbundnu og skynsamlegu svörum. . . . Þeim finnst mikilvægara að spurt sé og rætt um vandamál þeirra, heldur en að hlusta á svörin mín. Þegar þau hafa fengið nægju sína af því að tala, þurfa þau í raun ekki svörin mín, ef ég hef hlustað nógu vel og lengi. Þau hafa þegar fundið svarið.“⁴

Það þarf tíma til að komast að því sem mestu skiptir. Umræða, hlustun og hvatning gerast ekki í einu vettfangi. Ekki er hægt að ýta á eftir slíku eða ákveða það fyrirfram—slíkt gerist best dag frá degi. Slíkt gerist þegar við *gerum* margt saman: Störfum saman, sköpum saman og skemmtum okkur saman. Slíkt gerist þegar við slökkvum á sjónvarpinu, hverfum frá ónæði heimsins og snúum okkur að hvert öðru.

Það getur reynst okkur erfitt. Þegar við stöldrum við og hverfum frá ónæðinu, þurfum við að vera reiðubúin fyrir það sem næst gerist. Í fyrstu kann þögnin að vera þrúgandi; óþægileg tómleika tilfinning kann að gera vart við sig. Verið þolinmóð, andið djúpt að ykkur og leyfið ykkur að gleðjast. Beinið allri athygli ykkar að þeim sem umhverfis eru með því að spyrja og síðan að leggja við hlustir. Foreldrar, ræðið um áhugamál barna ykkar. Hlægið að því sem áður hefur gerst—og ræðið um framtíðardrauma. Kjánalegar umræður geta jafnvel orðið innihaldsríkar.

Forgangsraða okkar eilífa tilgang

Síðastliðið vor, þegar ég heimsótti námsbekk Stúlknafélagsins, bað kennarinn stúlkurnar að skrifa 10 forgangsatriði. Ég tók líka að skrifa. Ég verð að viðurkenna að fyrsta hugsun mín um „Atriði 1: Hreinsa hnífaparaskúffuna í eldhúsinu.“ Þegar við höfðum lokið við listann, bauð þessi leiðtogi Stúlknafélagsins okkur að miðla því sem við höfðum skrifað. Abby, sem nýverið varð 12 ára, sat mér við hlið. Listinn hennar Abby var eftirfarandi:

1. Fara í framhaldsskóla.
2. Verða innanhússhönnuður.
3. Fara í trúboð til Indlands.
4. Gifta mig heimkomnum trúboða í musterinu.
5. Eignast fimm börn og heimili.
6. Senda börnin mín í trúboð og framhaldsskóla.
7. Verða amma sem bakar kökur.
8. Ofdekra barnabörnin.
9. Læra meira um fagnaðarerindið og njóta lífsins.
10. Dvelja að nýju hjá himneskum föður.

Ég segi: „Þakka þér fyrir, Abby. Þú hefur kennt mér að sjá áætlun himnesks föður fyrir okkur öll í nýju ljósi. Þegar þið vitið að þið eruð á veginum, mun allt fara vel, þrátt fyrir allar hjáleirnar. Þegar þið eruð á veginum og einblínið á lokatakmarkið—á upphafningu og að komast til himnesks föður, munuð þið ná þangað.“

Hvar hlaut Abby slíka sýn á eilífan tilgang? Hún hefst á heimilum okkar. Hún hefst í fjölskyldum okkar. Ég spurði hana: „Hvað gerir þú í fjölskyldu þinni sem fær þig til að forgangsraða þannig?“

Þetta var svar hennar: „Auk þess að lesa ritningarnar, lásam við *Boða fagnaðarerindi mitt*.“ Hún bætti síðan við: „Við tölum oft saman—á fjölskyldukvöldum, við kvöldverðarborðið og þegar við erum á ferð í bílnum.“

Nefi ritaði: „Og vér tölum um Krist, vér fögnum í Kristi, vér prédikum um Krist.“ Hvers vegna? „Svo að börn vor viti, til hvaða uppsprettu þau mega leita til fyrirgefningar synda sinna“ (2 Ne 25:26).

Að tala saman, hlusta á og hvetja hvert annað, og gera ýmislegt saman sem fjölskylda, mun færa okkur nær frelsaranum, sem elskar okkur. Þegar við leggjum á okkur að bæta samskiptin—einmitt í dag—mun það verða fjölskyldum okkar til eilífrar blessunar. Ég ber vitni um að þegar við tölum um Krist munum við líka fagna í Kristi og í gjöf friðþægingarinnar. Börn okkar munu þá vita „til hvaða uppsprettu þau mega leita til fyrirgefningar synda sinna.“ ■

Ræða haldin 24. október 2010 á stikuráðstefnu í Salt Lake City, gervihnattaútsending.

HEIMILDIR

1. James E. Faust, „Enriching Family Life,“ *Ensign*, maí 1983, 41.
2. Susan Heaton, „Talk Time Instead of TV Time,“ *Ensign*, október 1998, 73.
3. Jeffrey R. Holland, „Witnesses unto Me,“ *Liahóna*, júlí 2001, 16.
4. George D. Durrant, „Pointers for Parents: Take Time to Talk,“ *Ensign*, apríl 1973, 24.



BLÁBER OG MORMÓNSBÓK

Fyrir nokkrum árum flutti fjölskylda mín úr þéttbýlli stórborg í afskekkt hús utan við lítið og friðsælt þorp. Þar nærri var yfirgefið bláberjabýli og með leyfi vina eigandans máttum við tína öll þau bláber sem við vildum.

Nokkra daga í viku þetta sumar, fórum við í bílinn drekkhlaðinn af körfum og pokum og áttum saman yndislega klukkustund við bláberjatínslu. Einn morguninn virtist yngsti sonur okkar, Hyrum, tregur til að fara með okkur. Hann þóttist viss

um að við hefðum tínt öll berin og sagði það sóun á tíma að fara þangað aftur. Hann var því afar undrandi að finna fleiri bláber en nokkru sinni fyrr. Hann fann klasa á stöðum sem honum hafði áður yfirsést og sum safaríkustu berin héngu á greinum sem hann þóttist viss um að hafa áður skoðað.

Á þessum sama tíma höfðu leiðtogar æskufólksins hvatt það til að lesa alla Mormónsbók áður en skólinn hæfist í ágúst. Börnin okkar komu

með áskorunina heim og fjölskyldan sameinaðist þeim við verkefnið.

Við höfðum rétt lokið við lestur Mormónabókar þegar 2005 ágústútgáfa *Ensign* barst okkur, með áskorun frá Gordon B. Hinckley forseta (1910–2008) um að lesa alla Mormónsbók fyrir árslok. Hyrum og bróðir hans, Joseph, voru yfir sig glaðir—í þeirri trú að við hefðum þegar hlítt leiðsögn spámannsins! Þá áminntu hin systkini þeirra, Seth og Bethany, þá um að Hinckley forseti hafði beðið okkur að lesa hana að nýju, burt séð frá því hversu oft við hefðum áður lesið hana.

Hyrum þóttist viss um að við hefðum tínt öll berin og sagði það sóun á tíma að fara aftur á bláberjabýlið.



„En af hverju?“ spurðu drengirnir. „Við lásum hvert orð og hvað annað getum við lært sem við höfum ekki þegar gert?“

Eftir andartaks þögn, tók einhver að minnast á bláberin. „Munið þið eftir þegar við héldum okkur hafa tínt öll bláberin? En þegar við fórum til baka, voru bláberin alltaf fleiri—alltaf! Það var alltaf fullt af bláberjum hversu oft og títt sem við fórum.“

Við skildum fljótt samhengið. Líkt og nærliggjandi býli gefur ríkulega af sér ljúffeng bláber, þá er Mormónsbók stöðug uppspretta andlegrar næringar og sannleika. Við höfum því enn á ný að lesa Mormónsbók.

Þegar ég tókst á við þessa áskorun spámannsins las ég í Mormónsbók það sem ég hafði margsinnis áður lesið, en hlaut nýjan og annan skilning á efninu þegar ég hagnýtti mér það við breyttar aðstæður. Ég veit að í hvert sinn sem við lesum Mormónsbók getum við hlotið nýjan skilning og komist nær frelsaranum. ■

Suellen S. Weiler, Georgíu, Bandaríkjunum

MÉR FANNST ÉG ÞURFA AÐ KOMA

Tveimur og hálfu ári eftir skírn mína í Buenos Aires í Argentínu, hljómuðu orð eins öldungsins sem hafði kennt mér enn í eyrum mínum: „Ég veit að þú ert trúboði.“ Ég man

líka eftir áhrifaríku svarinu sem ég hlaut þegar ég bað þess að fá að vita hvort tilfinningin sem hafði búið um sig í hjarta mínu væri sönn. Þegar ég varð 20 ára vissi ég að ég ætti að búa mig undir trúboð.

En hvernig gat ég orðið trúboði? Ég komst ekki í hálfkvist við þá dásamlegu ungu menn sem höfðu kennt mér fagnaðarerindið. Og hvernig gat ég farið úr starfi minni? Hvar gæti ég búið þegar að ég kæmi heim? Mér hafði reynst afar erfitt að finna staðinn sem ég bjó á, jafnvel þótt hann væri aðeins lítið bakherbergi í annarra húsi.

Á heimleið kvöld eitt fylltist hugur minn aftur af þessum efasemdum. Þegar heim kom reyndi ég að taka ákvörðun. Ég ákvað að krjúpa og biðjast fyrir um hjálp. Þegar ég gerði það fann ég sterka hugljómun um að ég ætti að fara til Leandro, vinar sem hafði stutt mig dyggilega á erfiðum tímum.

En hugsunin um að vekja hann á miðnætti varnaði mér að fara til hans. Ég vissi að hann þurfti að vakna snemma og fara til vinnu og ég þorði ekki að knýja dyra hjá honum á þessum tíma. Ég barðist gegn þeirri hugsun að fara til hans en hún áreitti mig stöðugt. Enn ákvað ég að leiða hana hjá mér.

Þess í stað einsetti ég mér að ganga um hverfið til að fá mér frískt loft. Þegar ég hins vegar uppgötvaði að ég hafði skilið dyrnar eftir opnar, fór ég aftur heim. Þegar ég kom inn til mín sá ég Leandro sitja í herberginu. Andinn kom yfir mig og ég tók andköf.



Þegar ég kom inn til mín sá ég Leandro sitja í herberginu. Andinn kom yfir mig og ég tók andköf.

Tilfinningaþrunginni röddu spurði ég hann: „Hvað ert þú að gera hér?“

„Ég veit það ekki,“ svaraði hann. „Mér fannst bara að ég ætti að hitta þig.“

Ég sagði honum frá efasemdum mínum um trúboðið. Hann gaf mér vitnisburð sinn og hvatti mig til að fara. Hann hjálpaði mér síðan að útfylla trúboðsumsóknina, sem ég færði biskupinum morgunin eftir. Tveimur mánuðum síðar hlaut ég köllun mína um að fara í Salta-trúboðið í Argentínu.

Ég veit að vinur minn var verkfæri í höndum Drottins þetta kvöld, og af öllu hjarta veit ég að himneskur faðir hlustar og svarar þeim bænum sem fluttar eru af alvöru hjartans og einlægum ásetningi. ■

Aldo Fabio Moracca, Nevada, Bandaríkjunum

ÉG MUN DEYJA!

Ég starfa sem hjúkrunarkona á eftiraðgerðardeild og fékk dag nokkurn símtal varðandi sjúkling að nafni Bill, sem nýkominn var úr skurðaðgerð. Hann hefði átt að fá inni á gjörgæsludeild, en var falinn mér í hendur því sú deild var yfirfull.

Sjúklingurinn kom brátt ásamt fjölskyldu sinni. Mér létti að sjá að hann var skýr í hugsun og virtist ekki þjáður.

Eftir að ég hafði gert nauðsynlegar prófanir á honum og sýnt honum og fjölskyldu hans herbergið, fór ég fram á gang til að skrá athugasemdir á spjaldið hans. Um leið og penninn snerti blaðið heyrði ég rödd segja: „Farðu aftur inn í herbergið hans.“ Ég hætti við að skrifa og horfði aftur fyrir mig. Þar var enginn. Ég taldi þetta

hafa verið ímyndaða rödd, þegar ég allt í einu heyrði hana aftur—og þá greinilegar.

Ég hljóp inn í herbergi Bills og sá að háls hans hafði tvöfaldast að stærð og hann átti erfitt með andardrátt. Ég hélt að hálsslagæð hans hefði rifnað og þrýsti því fast á háls hans með hægri hendinni meðan ég notaði vinstri höndina til að hringja í lækinn sem séð hafði um meðferð hans. Skurðlæknirinn sagðist senda læknaðið upp til Bills strax og hægt væri. „Og ekki taka höndina í burtu!“ sagði hann.

Þegar ég þrýsti þarna á háls Bills tók ég eftir kunnuglegri kirkjubók hjá rúmi hans. „Ertu meðlimur kirkjunnar?“ spurði ég.

Hann reyndi að kinka kolli en sagði mér síðan að hann væri musterisþjónn í Georgia-musterinu í Atlanta.

Skurðlæknirinn sagðist senda læknaðið upp til Bills strax og hægt væri. „Og ekki taka höndina í burtu!“ sagði hann.

Úr augum hans streymdu tár og hann sagði: „Ég mun deyja!“

Ég svaraði honum að hann myndi ekki deyja og sagði gallhörð: „Ég er að fara að gifta mig í musterinu í Atlanda í næsta mánuði og þú verður þar.“ Skurðaðgerðateymið birtist svo og rauk með Bill í burtu.

Í spenningnum yfir brúðkaupinu næsta mánuðinn hafði ég næstum gleymt Bill, en í ljós hafði komið að svörun hans við lyfjagjöfnni var jákvæð. Þegar musterisþernan leiddi mig inn í innsiglunarherbergið á brúðkaupsdegi mínum, birtist mér kunnuglegt andlit: Eiginkona Bills, Georgia. Þegar ég sagði henni að ég væri í þann mund að gifta mig, fór hún til að ná í Bill. Rétt áður en athöfnin hófst lukust dyrnar upp og hann kom inn. Eftir margra vikna höfuðverk, ógleði og þreytu, leið Bill nógu vel dag þennan til að koma til musterisins, án þess þó að vita að þetta væri brúðkaupsdagur minn.

Tveimur árum síðar var ég og eiginmaður minn kölluð til að vera musterisþjónar í Nashville-musterinu í Tennessee. Þegar við komum í musterið til embættissetningar hélt herra-maður nokkur dyrunum opnum fyrir mig og sagði: „Velkomin í Nashville-musterið!“ Það var bróðir Bill.

Við þjónuðum saman í þrjú ár. Bill sagði öllum að ég hefði bjargað lífi hans, en ég vissi að það var Drottinn sem hafði gert það. Þessi reynsla hefir kennt mér mikilvægi þess að hlusta á innblástur andans. ■

Ramona Ross, Tennessee,
Bandaríkjunum



VIÐ ÆTTUM KANNSKI AÐ BIÐJAST FYRIR

Vorið 1975 bjuggu ég og fjölskylda mín á býli í grænu og fallegu landi Rheinland-Pfalz í Vestur-Þýskalandi. Þegar við eitt sinn ókum heim frá kirkju á regnblautum sunnudegi, stöðvuðum við bílinn til að huga að öðrum bíl sem oltið hafði út af í grjótfyllinguna við hlið skógarins. Þegar var dimmt í skóginum vegna laufþykknisins og næturhúmsins.

Eftir að hafa skoðað bílflakið snerum við aftur að bílnum okkar og komumst að því að hann sat fastur í forinni. Ég gat ekki ekið aftur á bak upp úr forinni, aðeins áfram—og þá inn í skóginn. Við höfðum áður ekið í gegnum skóginn og komist að því að margir skógarvegirnir voru samtengdir og lágu aftur úr úr skóginum, svo við ákváðum að aka áfram inni myrkrið.

Ég komst brátt að því að ég hafði tekið ranga ákvörðun. Á þröngum og blautum veginum voru djúp hjólför í forinni og við ókum stöðugt lengra inn í dimman skóginn. Ég reyndi að halda jöfnum hraða, því ég óttaðist að við kæmst ekki af stað ef ég stöðvaði. Ég sá blett framundan sem stóð hærra og virtist nægilega traustur til að halda þyngd bílsins. Ég hugðist koma bílnum úr forinni svo ég gæti hugsað rökrétt. Bíllinn rykktist upp úr forinni.

Ég drap á bílnum og fór út. Ég sá ekki nokkurn skapaðan hlut með aðalljósin slökkt. Ég kveikti aftur á aðalljósunum, greip vasaljósið og

Ég kveikti aftur á aðalljósunum, greip vasaljósið og eftir að hafa skoðað bílinn ákvað ég að best væri að bakka inn í skóginn.

eftir að hafa skoðað bílinn ákvað ég að best væri að bakka inn í skóginn og keyra svo látlaut þangað sem við höfðum komið frá.

Ég bakkaði eins langt inn í skóginn og ég þorði, þandi vélina lítið eitt, rykkti í upp á veginn og sökk djúpt í forina. Nú var vandinn enn meiri. Úti var niðarmyrkur og algjör þögn. Í bílnum voru ég og eiginkona mín með þrjú óttaslegin börn.

Ég spurði eiginkonu mín hvort henni dytti eitthvað í hug. Eftir andartak sagði hún: „Við ættum kannski að biðjast fyrir.“ Börnin róuðust næstum þegar í stað. Ég flutti bæn af auðmýkt og örvæntingu og bað um hjálp. Þegar ég baðst fyrir hlaut ég

greinilega þessa hugljómun: „Settu keðjurnar á.“

Ástkær eiginkona mín stóð í 25 cm forarlagi í sunnudagakjólnum sínum með vasaljósið í hendi meðan ég hreinsaði afturhjólin með berum höndum og setti keðjurnar á. Af trú og trausti báðumst við aftur fyrir og ræstum vélina. Hægt ókum við upp úr forinni og komust loks á fasta veginn.

Í gleðinni yfir að vera laus við forina og myrkrið, gleymdi ég næstum hver hafði hjálpað okkur að komast út úr skóginum. Fimm ára dóttir mín áminnti mig með því að segja: „Pabbi, himneskur faðir svarar í alvöru bænum, er það ekki?“ ■

Scott Edgar, Utah, Bandaríkjunum

Allir þekkja Bleck

Adam C. Olson

Kirkjutímaritin

Hjá Honoura „Bleck“ Bonnet snerist allt um körfubolta. Við 15 ára aldur var Bleck rísandi stjarna frönsku Pólynesíu—einn besti leikmaðurinn sem lék fyrir eitt besta liðið í efstu deildinni í landinu. Þótt gælunafn hans sé enska orðið *black* ranglega stafsett, leikur enginn vafi á hæfileikum hans.

En hann stefndi hærra. Hann vildi leika sem atvinnumaður í Evrópu. Og sterkasta þrá hans var að vinna gullpening á Suður-Kyrrahafsleikunum.

Eina hindrunin sem virtist á vegi hans var kirkjan.

Honoura „Bleck“ og Myranda Bonnet hafa lengi verið viðriðin körfuboltann á Tahiti.

Hver ungur maður í trúboð

Þótt liðið sem Bleck lék með að þessu sinni hafi notið stuðnings kirkjunnar, hafði hann lítinn áhuga á kirkjunni eða boði spámannsins til allra ungra manna um að þeir færu í trúboð.

Hann hafði þegar sagt biskupi sínum frá því að hann hygðist ekki fara í trúboð. Hann sá ekki hvernig hann gæti leikið sem atvinnumaður, ef hann hætti að leika í tvö ár.

Og það sem meira var, þá áttu Suður-Kyrrahafsleikarnir—sem voru fjórða hvert ár—að vera meðan á trúboði hans stæði og Körfuboltasamband Tahiti hafði sýnt áhuga á að fá hann til að leika með landsliðinu. Honum gæfist loks tækifæri til að þagga niður í föður sínum sem alltaf hafði sagt þegar Bleck fór að setja sig á of háan hest: „Allir þekkja Bleck, en hann hefur ekki unnið gull.“

Faðir Bleck, Jean-Baptiste, sagði þetta í góðri meiningu. En þessi umsögn gerði Bleck óðan. Þau minntu hann á að jafnvel þótt körfuboltaaðdáendur í Tahiti þekktu hann, hafði hann ekki unnið verðlaunapening á leikunum. Faðir hans hafði unnið gullpening með liði sínu á fyrstu Suður-Kyrrahafsleikunum.

Bleck ætlaði sér að gera út um þá umsögn. Hann hafði ekki tíma fyrir neitt annað ætlunarverk.





*Áhugi Blecks á
körfubolta var
bæði prófraun
og blessun.*



„Hamingja hlýst af því að lifa líkt og Drottinn vill að þið lifið.“

Thomas S. Monson forseti, „Undirbúningur leiðir til blessana,” *Aðalráðstefna*, apríl 2010, 71.

Breyting hugans, breyting hjartans

Þrátt fyrir viðhorf Blecks til trúboðsins, tók hann samt þátt í félagsstarfi kirkjunnar. Þegar Bleck var 16 ára á dansleik kirkjunnar, taldi hann í sig kjark til að bjóða Myranda Marit-eragi upp í dans. Myranda var góður körfu-boltaleikari—sem einnig dreymdi um að vinna gullpening. Faðir hennar hafði líka verið í hinu upphaflega liði sem vann gullið.

Nokkrum andartökum eftir að hann hafði boðið henni lauk tónlistinni. Þau dönsuðu því við næsta lag, sem reyndist vera lokallag kvöldsins. Þegar hér var komið óskaði Bleck þess að lagið tæki ekki enda.

Bleck hafði ekki gert ráð fyrir að gifta sig í musterinu og jafnvel ekki meðlimi kirkjunnar. En það tók að breytast þegar hann kynntist Myranda betur á næstu tveimur árum. Þegar hann var á heimili hennar dag einn vakti athygli hans nokkuð sem hún hafði gert í Stúlknafélaginu. Á það var ritað: „Ég ætla að gifta mig í musterinu.“

Áhugi Blecks á Myranda og staðfastri skuldbindingu hennar um að gifta sig í musterinu var nægur til að hann einsetti sér að endurskoða hugmyndir sínar. Hann tók að ræða um kirkjuna af alvöru. Ákvörðun hans leiddi til aðgerða sem gerðu heilögum anda kleift að hafa áhrif á hann.

Ákvörðunin

Ein þeirra ákvarðana var að búa sig undir að fá patriarkablessun sína 18 ára. Þegar patriarkinn sagði í blessuninni að Bleck mundi þjóna í trúboði og gifta sig í musterinu, skynjaði hann andann. „Ég vissi hvað Guð vildi að ég gerði.“ sagði hann. Þótt landsliðið væri líklegt til

að hljóta verðlaunapening, ákvað Bleck með stuðningi fjölskyldu sinnar að hann mundi hafa það í fyrirrúmi sem Guð vildi að hann gerði. Ákvörðunin reyndist ekki auðveld. Mikið var lagt að honum að leika. Og honum lærðist fljótt að hann yrði reyndur oft en einu sinni í þeim ásetningi sínum að lúta vilja Guðs.

Eftir að hann hafði þjónað í trúboði á Thaiti í ár, spurði landsliðsþjálfarinn hann að því hvort hann gæti komið heim til að leika aðeins einn mánuð með liðinu.

Trúboðsforseti Bleck hafði áhyggjur af þeim áhrifum sem sú reynsla kynni að hafa á getu Blecks til koma aftur og þjóna og fann sig knúinn til að segja: „Þú getur farið ef þú vilt, en þú getur ekki komið aftur.“

Bleck vildi verðlaunapeninginn, en hann var ekki það sem hann þráði framar öllu. Trúboð hans hafði verið dásamlegt. Hann var ekki fús til að fórna síðara árinu, jafnvel ekki fyrir körfuboltann.

Bleck varð kyrr.

Liðið vann gullið.

Aðrar aðstæður, sama ákvörðun

Eftir að Bleck hafði lokið trúboði sínu af sóma, giftist hann Myranda í Papeete-musterinu á Tahítí og þau eignuðust barn. Hann hélt áfram að leika fyrir landsliðið.

Myranda lék stöðu varnarmanns í kvennalandsliðinu og bjó sig undir Suður-Kyrrahafsleikana.

En þegar leikarnir nálguðust tóku hjónin að finna sterklega að þau ættu að eignast annað barn.

Leikarnir áttu að vera innan árs og því hefði þeim reynst auðvelt að fresta barneignum fram yfir leikana svo Myranda gæti verið með. Kvinnaliðið átti góða möguleika á verðlaunum.

En hjónin höfðu lært af reynslunni að það færdi þeim meiri blessanir að lúta vilja Guðs,





en nokkuð annað sem þau gerðu til að framfylgja eigin þrá. Eftir vandlega ígrundun og bænir, ákváðu þau að hafa fjölskyldu sína í fyrirrúmi.

Árið 1999, þegar Myranda var komin átta mánuði á leið, vann kvennaliðið gullið.

Allir þekkja Bleck

Bleck og Myranda hafa leikið körfubolta í efstu deild frönsku Pólýnesíu á umliðnum áratug—unnið landskeppnir og deildarkeppnir og leikið fyrir landsliðið í keppnum á árunum 2003 og 2007.

Á leikunum 2011 tóku bæði þátt í körfuboltanum, en Bleck var þá þjálfari karlaliðsins. Myranda og kvennaliðið unnu gullið, en karlaliðið vann bronsið og enn á ný rættist draumur Blecks ekki um að vinna gullið.

Bleck veltir stundum fyrir sér hvernig líf hans hefði getað orðið, ef hann hefði gert það sem hann sjálfur vildi í stað þess sem Guð vildi.

„Ég ætti sennilega gullpening,“ sagði hann.

„Kannski hefði ég leikið sem atvinnumaður og kannski ekki.“

En hjónin sjá ekki eftir ákvörðunum sínum. Þau sjá ekki hvernig þau gætu verið hamingjusamari.

„Ég gifti mig í musterinu,“ sagði Bleck. „Ég á dásamlega eiginkonu og fjögur falleg börn og er enn í kirkjunni. Körfuboltinn einn og sér hefði ekki getað gefið mér neitt af þessu. Þessar blessanir hafa hlotnast af því að hafa Drottin í fyrirrúmi.“

Þótt hann hafi haft Drottin í fyrirrúmi, þaggar það ekki niður í stríðni föður hans, en orð hans hafa fengið aðra meiningu. Fyrir nokkrum árum, þegar körfuboltasambandið íhugaði að færa leikana yfir á sunnudaga, komu liðsforsetarnir á fundinn til að ræða það. Einhver spurði: „Hefurðu fengið álit Blecks?“

Tillagan var felld.

Bleck er ekki aðeins þekktur fyrir að hafa Drottin í fyrirrúmi—hann er þekktur fyrir það sem hann trúir. ■

Bleck og Myranda hafa sett fjölskyldu sína frammar velgengni í íþrótt þeirra.

„Hvers vegna þarf ég að fara í trúarskóla, ef ég get lært ritningarnar á eigin spýtur?“

Pið getið lært ritningarnar alla ykkar ævi á eigin spýtur, en ef ykkur stendur til boða að fara í trúarskóla, nýtið ykkur þá tækifærið til að læra ritningarnar nú með úrvals kennara og vinum. Að læra með leiðsögn góðs kennara hjálpar ykkur að skilja betur það í ritningunum sem þið áður skilduð ekki til fulls. Kennarinn getur líka rætt um kenningar spámanna og annarra kirkjuleiðtoga, sem eykur skilning ykkar á ritningunum.

Það er líka oftast ánægjulegra að læra með bekkjarfélögum. Ykkur gefst þannig kostur á að ræða efnið og það sem þið uppgötvíð við lesturinn. Samnemendur ykkar kunna að hafa ákveðnar ritningargreinar sem höfða til þeirra vegna reynslu sem þeir hafa átt. Að hlusta á reynslu þeirra getur aukið skilning ykkar á ákveðnum ritningarversum. Þið lærið fagnaðarerindið með öðrum og getið því notið þessarar lofuðu blessunar: „Hvar sem tveir eða þrír eru saman komnir í mínu nafni, . . . þar verð ég mitt á meðal þeirra“ (K&S 6:32).

Trúarskólinn leggur líka grunn að námi ykkar. Ykkur er boðið að ljúka lestrarrefni á ákveðnum tíma, sem gerir ykkur kleift að ljúka lestri hverrar ritningarbókar. Ykkur gefst kostur á að ræða og læra utanbókar valritningargreinar. Þið getið verið viss um að fá meira út úr ritningunum í trúarskólanum, en á næstum allan annan hátt á þessum tíma í lífi ykkar.

Nýir vinir, nýjar hugmyndir



Í trúarskólanum kynnist þið nýjum vinum og verðið nánari hvert öðru, líkt og fjölskylda. Þið lærið heilmargt sem þið gætuð ekki lært á eigin spýtur. Það er skemmtilegt og afar andríkt. Trúarskólinn tryggir að þið hefjið daginn á réttan hátt. Ef þið eruð ekki þegar í trúarskóla, byrjið þá núna, það mun breyta lífi ykkar.

Katarina B., 16 ára, Kalifornía, Bandaríkjunum

Hamingja



Trúarskólinn markar daginn fyrir mig. Hann gerir mig hamingjusamari og fúsari til að ræða fagnaðarerindið við aðra. Við köfum dýpra í ritningarnar og ég hlýt aukinn skilning.

Madi S., 15 ára, Kóloradó, Bandaríkjunum

Fullkomin samblanda



Trúarskólinn er ánægjuleg upplifun. Stundum nægir hreinlega ekki að læra á eigin spýtur. Sjálfsnám og trúarskólanám er fullkomin samblanda. Kennarnir eru frábærir og ef þið hafið spurningar geta kennarinn og samnemendur hjálpað ykkur að svara þeim.

Dawson D., 15 ára, Idaho, Bandaríkjunum

Aukinn skilningur



Þegar ég læri hinar helgu ritningar í einrúmi, nýt ég ekki sömu ánægju og þegar ég læri með öðrum. Auk þess geta aðrir miðlað áhuga-verðum hugmyndum þegar við lærum saman. Ég hef fræðst um margar áhuga-verðar frásagnir í trúarskólanum og þekki ritningarnar mun betur, og það gerir námið ánægjulegra. Ég gleðst yfir að hafa farið í trúarskólann.

Rebecca M., 16 ára, Schleswig-Holstein, Þýskalandi

Svörin eru aðeins gildar og gagnlegar leiðbeiningar, en ekki yfirhýstar kenningar kirkjunnar.

Sterkari vitnisburður



Í fyrsta lagi segir Drottinn að þar sem tveir eða þrír eru saman komnir í hans nafni, verði hann mitt á meðal þeirra (sjá

Matt 18:20; K&S 6:32). Þegar við skynjum anda hans reynist okkur auðveldara að ígrunda það sem hann hefur gert fyrir okkur. Í öðru lagi hljótum við betri skilning á hinu ritaða máli þegar við lærum ritningararnar með öðrum. Þegar við hlustum hvert á annað, getur eitthvað komið fram sem við höfum ekki sjálf áttað okkur á, og aðrir geta líka haft sama gagn af því þegar við miðlum af þekkingu okkar. Í þriðja lagi styrkist vitnisburður minn þegar ég fer í trúarskólann. Trúarskólinn er vettvangur til að miðla vitnisburði okkar og hlýða á vitnisburði annarra. Hann hjálpar okkur að vera á vegi réttlætis.

Dmitri G., 16 ára, Dnipropetrovsk, Úkraínu

Læra af öðrum



Mér er það algjör nauðsyn að fara í trúarskólann. Áhugsamur kennari minn kennir ekki aðeins og útskýrir sannleika

ritninganna, heldur læri ég afar mikið af umræðum samnemenda minna. Samnemendur mínir miðla mér af reynslu sinni varðandi námsefnið og hafa hjálpað mér að þekkja betur fagnaðarerindið og frelsarann og friðþægingu hans. Mér nægir ekki að læra á eigin spýtur, því í umræðum trúarskólans hef ég fundið svör við sumum vandamálum mínum. Ég get borið vitni um að trúarskólinn gegnir mikilvægu hlutverki í að næra vitnisburð minn um hina sönnu kirkju Jesú Krists.

Denzel J., 15 ára, Vestur-Samóaeyjum

Ljós og sannleikur



Þegar ég fer í trúarskólann leita ég ljóss og sannleika og íklæðist alvæpni Guðs (sjá K&S 27:15–18). Alvæpnið

gerir mér kleift að þekkja rödd hans alls staðar og öllum stundum. Daglegur ritningarlestur styrkir trú mína og vitnisburð og gerir mér kleift að takast á við erfiðleika mína. Trúarskólinn er ein besta leiðin til að finna ljós og sannleika og ígrunda og læra ritningarnar.

Nohemi M., 17 ára, Puebla, Mexíkó

Þrjár ástæður

Fyrsta: Ég sækir trúarskóla af því að ég hyggst þjóna í trúboði. Trúboðar þurfa að vakna snemma á morgnana til að læra fagnaðarerindið. Trúarskólinn hjálpar mér að temja mér þann góða sið að fara árla á fætur. Önnur: Á morgnana er hugsun okkar skýr, svo við eigum betur með að einbeita okkur að námsefniinu. Skynsamlegt er að nýta bestu stundir dagsins til að læra um Guð. Þriðja: Ef ég læri á eigin spýtur, er

óvíst að ég hljóti sama djúpa skilninginn og kennari minn býr yfir. Ég get lært mun meira með leiðsögn hans og kennslu en ef ég lærði á eigin spýtur.

H. Chen Yuan, 16 ára, T'ai-chung, Taívan



BLESSANIR TRÚARSKÓLANS

„Ég þekki þann andlega árangur sem hlýst af námi í yngri og eldri deild trúarskólans. Það hefur auðgað líf

mitt og ég veit að það mun líka gera það fyrir ykkur. Það mun veita ykkur verndarskjöld og verja ykkur gegn freistingum og raunum heimsins. Það er mikil blessun að þekkja fagnaðarerindið. Og ég þekki engan betri stað þar sem unga fólkið getur aflað sér sértækrar þekkingar á því sem heilagt er, en yngri og eldri deild trúarskólans.“

Öldungur L. Tom Perry í Tölfpóstulasveitinni, „Receive Truth,” *Ensign*, nóv. 1997, 61–62.

NÆSTA SPURNING

„Hvernig útskýri ég fyrir vinum mínum að slæmt sé að brjóta skírlífislögmálið?”

Sendið svör ykkar fyrir 15. maí 2012, á liahona.lds.org, með netpósti á liahona@ldschurch.org, eða með hefðbundnum pósti á:

Liahona, Questions & Answers 5/12
50 E. North Temple St., Rm. 2420
Salt Lake City, UT 84150-0024, USA

Svartexti kann að verða stytur eða lagaður til.

Eftirfarandi upplýsingar og leyfi verða að fylgja með: (1) fullt nafn, (2) fæðingardagur, (3) deild eða grein, (4) stika eða umdæmi, (5) skriflegt leyfi ykkar, eða foreldra ykkar, ef þið eruð undir 18 ára aldri, (netpóstur er viðunandi), til að birta svar ykkar og ljósmynd af ykkur.

AF HVERJU trúarskóli?

TAKIÐ ÞÁTT Í TRÚARSKÓLANUM


„Trúarskólinn mun hjálpa ykkur að skilja og reida ykkur á kenningar og friðþægingu Jesú Krists. Þið munuð skynja anda Drottins þegar þið lærið að elska ritningarnar. Þið munuð búa ykkur undir að fara í musteríð og í trúboð.

Unga fólk, ég hvet ykkur til að fara í trúarskólann. Lærið ritningarnar daglega. Hlustið vandlega á kennara ykkar. Hagnýtið ykkur námsefnið vandlega.“

Thomas S. Monson forseti,
„Participate in Seminary,”
seminary.lds.org.

Hvað er það gagnlegasta sem nemandi getur hlotið af veru sinni í yngri eða eldri deild trúarskólans? Þegar hópur yngri deildar trúarskólans spurði stjórnanda Fræðsludeildarinnar, öldung Paul V. Johnson af hinum Sjötíu, þessarar spurningar, svaraði hann því til að gagnlegast væri að hljóta „raunverulegan vitnisburð um að Jesús sé Kristur. Að skilja að hin *raunverulega* þekking sé andlegs eðlis. Hún berst inn í sál okkar hvers um sig frá heilögum anda. Þetta er það gagnlegasta og mikilvægasti sannleikurinn sem þið getið hlotið af veru ykkar í yngri og eldri deild trúarskólans. Námið eykur ekki aðeins þekkingu ykkar; það breytir sjálfum ykkur og viðhorfi ykkar til heimsins. Og slík æðri menntun mun auðga aðra menntun ykkar“ („A Higher Education,” *New Era*, apríl 2009, 15).

Öldungur Johnson er einn margra aðalvaldhafa sem hafa fjallað um þær dásamlegu blessanir sem rekja má til náms í yngri og eldri deild trúarskólans. Ef þið veltið fyrir ykkur hvort þið ættuð að fara í trúarskólann, þá eru hér fleiri góðar ástæður frá spámönnum okkar og postulum.



LEGGIÐ GRUNN AÐ HAMINGJU OG ÁRANGRI

„Trúarskólakennslan mun hjálpa ykkur, sem pilti eða stúlku, að leggja grunn að hamingju og árangri í lífinu.“

Öldugur Richard G. Scott í Tólfpostulasveitinni, „Now Is the Time to Serve a Mission!” *Liahóna*, maí 2006, 88.





LÆRIÐ SANNLEIKA FAGNAÐARERINDISINS

„Ég vildi að hver piltur og stúlka ætti þess kost að fara í trúarskólann, því þar læra þau heilmargt um sannleika fagnaðarerindisins. Í trúarskólanum mótast lífsstefna margra þeirra, og þau fara í trúboð.“

Spencer W. Kimball forseti (1895–1985), „President Kimball Speaks Out on Being a Missionary,” *New Era*, maí 1981, 49.

HAFIÐ HANN Í FYRIRRÚMI

„Nemendur, ef lífsgildi ykkar eru eins og þau ættu að vera, munuð þið ekki hika við að fara í valfag sem getur auðgað líf ykkar og veitt ykkur þá fræðslu sem lagt getur grunninn að öllu ykkar lífi. Þegar þið hafið skráð ykkur, sýnið þá ástundun og námfýsi. Hvetjið vini ykkar til að gera slíkt hið sama. Þið munuð aldrei sjá eftir því; ég heiti ykkur því.“

Boyd K. Packer forseti Tólpostulasveitarinnar, „Agency and Control,” *Ensign*, maí 1983, 67.



BJÓÐIÐ BLESSUNUM INN Í LÍF YKKAR

„Ég er þakklátur fyrir dagskrá yngri og eldri deildar trúarskólans í kirkjunni. Ég hvet hvern grunnskólanema til að nýta sér trúarskólanámið. Ef þið gerið það, mun líf ykkar blessað til muna.“

Gordon B. Hinckley forseti (1910–2008), „Excerpts from Recent Addresses of President Gordon B. Hinckley,” *Ensign*, des. 1995, 67.

UPPGÖTVIÐ ÞRENTT SEM TRÚARSKÓLINN MEGNAR AÐ GERA

„Trúarskólinn megnar að gera þrennt mikilvægt. Í fyrsta lagi sameinar hann ungt fólk með sömu lífsgildi. Æskufólk vill vera samvistum við þá sem hafa sömu trú og unna ritningunum. Í öðru lagi sér hann unga fólkinu fyrir kennara sem á vitnisburð og þau geta skynjað kraftinn þegar hann miðlar þeim honum. Í þriðja lagi fær trúarskólinn ungt fólk til að sökkva sér ofan í ritningarnar.“

Henry B. Eyring forseti, annar ráðgjafi í Æðsta forsætisráðinu, „A Discussion on Scripture Study,” *Liahóna*, júlí 2005, 11.

ÚTSKRIFIST ÚR TRÚARSKÓLANUM

„Sækið trúarskólann reglubundið og útskrifist úr honum. Trúarskólanámið er ein mesta andlega reynsla sem ungur maður [og ung kona] getur hlotið.“

Ezra Taft Benson forseti (1899–1994), „To the Youth of the Noble Birthright,” *Ensign*, maí 1986, 44; „To the Young Women of the Church,” *Ensign*, nóv. 1986, 82.





TRÚARSKÓLI í frumskógum Ekvador

*Á afskekktu frumskógarsvæði skiptir trúarskólinn
sköpum fyrir æskufólkið þar.*

Joshua J. Perkey

Kirkjutímaritin

Austan við Quito í Ekvador og eldfjöllin og Andes-fjallgarðinn, er landslagið flatt þar sem Amason-frumskógurinn tekur við. Þar er skógurinn þéttvaxinn, með mörgum ám, öpum, piparfuglum og jafnvel bleikum höfrungum.

Þar er líka borg að nafni Puerto Francisco de Orellana. Hún er eiginlega fjarri öllu öðru í Ekvador. Fyrir fimmtán árum voru íbúar þar tiltölulega fáir. En uppgötvun jarðolíu leiddi til iðnaðaruppbyggingar, meiri atvinnu og kirkjumeðlimum þar fjölgaði.

Trúarskóli í fámennri grein

Sumt æskufólkið, líkt og Oscar R., var þegar meðlimir við stofnun greinarinnar, en flest er það nýskírt. Og eldur brennur í hjörtum þess. „Við erum sterk,“ segir Oscar.

Í september 2010, aðeins ári eftir stofnun greinarinnar, hófst trúarskólinn þar. „Þegar við komum saman í upphafi fyrir nokkrum árum,“ sagði

Oscar, „vorum við afar fá.

Ég var eini unglingurinn. En okkur tók

að fjölga. Brátt vorum við 6, síðan 10 og nú erum við jafnvel enn fleiri.“

Þar sem sumt æskufólkið sótti skóla á morgnana og annað síðdegis, var trúarskólinn tvískiptur—á morgnana frá kl. 8:00 til 9:00 og síðdegis frá kl. 16:30 til 17:30.

Þótt það hafi ekki verið margir í trúarskólanum, varð hann til þess að æskufólkið sem sótti hann breytti lífi sínu.

Af hverju að fara?

„Trúarskólinn er mér mikil blessun,“ sagði Luis V., sem skírðist fyrir nokkru. „Hann býr mig undir að verða góður trúboði. Ég hef tekist á við margar áskoranir og freistingar frá því ég gekk í kirkjuna, og mér hefur tekist að vera sterkur, því ég veit að ég geri það sem rétt er.“

Og það er ekki aðeins Luis sem er á þeirri skoðun. „Ég hef verið meðlimur kirkjunnar aðeins í stuttan tíma,“ sagði Ariana J., „en ég hef sótt trúarskólann frá því að ég var skírð. Ég er ánægð með námið, því ég læri ýmsan sannleika um fagnaðarerindi Jesú Krists, sem fyllir hjarta mitt von og huga minn skilningi.“

Trúarskólinn eflir unglingana, líkt og þessa í Ekvador, sem margir hverjir eru nýskírðir.



Trúarskólinn hefur stuðlað að auknum trúarþroska Ariana. „Mér finnst það blessun að vera í þessum námsbekkjum,“ sagði Ariana. „Þeir efla anda minn og búa mig undir það hlutverk mitt í framtíðinni að verða maki, móðir, leiðtogi í kirkjunni og hugsanlega fastatrúboði.“

Bróðir Ariana, Gerardo, er sama



sinnis. „Ég er þakklátur fyrir að trúarskólinn er orðinn mikilvægur hluti lífs míns.“ sagði hann. „Hann býr mig undir að þjóna í trúboði þegar að því kemur. Í honum hef ég lært um sálhjálparáætlunina sem Guð hefur séð mér fyrir. Í hvert sinn sem ég sæki trúarskólann eflir það von mína um að ég geti erfitt himneska ríkið og veitir mér fullvissu um að ég hef tekið á móti fagnaðarerindi Jesú Krists.“

Gerardo er stundum nokkuð þreyttur í kennslustundinni. Hann þarf fyrst að fara með litla bróður sinn í skólann og síðan að skjótask heim til að sækja systur sína, svo þau geti farið saman í trúarskólann. En honum er sama.

„Allt þetta er nýtt fyrir mér, en ég er afar hamingjusamur,“ sagði Gerardo. „Ég veit að ég er á réttri leið sem gerir mér kleift að sjá aftur föður minn á himnum. Heilagur andi veitir mér þá fullvissu. Ég verð aðeins að gera mitt og standast allt til enda.“

Engin þörf er á kvíða

Í upphafi var trúarskólinn svolítið hrellandi fyrir Walter A. „Ég var kvíðinn fyrst þegar ég kom,“ sagði hann. „En þegar kennslan hófst fannst mér ég sérstakur, því ég skynjaði þá elsku sem maður finnur við ritningarnám. Og þegar ég fór fann ég til aukinnar gleði í hjarta mínu yfir því sem ég lærði. Ein mesta blessunin sem himneskur faðir ætlar æskufólki sínu er trúarskólinn.“

„Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu hefur breytt lífi mínu,“ sagði Abel A., sem býr sig líka undir að fara í trúboð. „Ég læri um kenningar spámannanna. Ég ann Joseph Smith. Hann endurreisti hina sönnu kirkju hugdjarfur, þrátt fyrir allan vandann sem það færði honum. Ég vil líka vera hugdjarfur eins og hann.“

Margt æskufólkið þarf að færa fórnir

til að sækja trúarskólann. Það er ekki alltaf auðvelt, en fyrir æskufólkið í Puerto Francisco de Orellana í Ekvador, er það erfiðisins virði.

„Þegar mér verður hugsað til þess að sækja fram, líkt og segir í ritningunum,“ sagði Abel, „finnst mér það þýða að við þurfum að forgangsraða rétt í lífinu. Trúarskólinn fellur þar undir. Trúarskólinn getur breytt lífi alls æskufólks, rétt eins og hann breytti mínu.“

Kirkja Jesú Krists og trúarskóli æskufólksins blómstrar jafnvel innst í skógum Ekvadors og breytir lífi þeirra sem hann sækja. ■



HVAÐ KEMUR Á EFTIR TRÚARSKÓLA YNGRI DEILDAR?

Útskrift úr yngri deild trúarskólans er ekki endirinn á trúarnámi ykkar. Nokkuð dásamlegt er ykkur fyrirbúið.

David A. Edwards

Kirkjutímaritin

Yngri deild trúarskólans lærið þið ritningarnar og hittið sennilega aðra á ykkar aldri reglubundið. Þið finnið að þið eruð velkomin og skynjið andann. Er slík upplifun þá yfirstaðin þegar þið hafið lokið yngri deild trúarskólans? Alls ekki.

Í kirkjunni er eldri deild trúarskólans næsta skrefið og þið munuð njóta þess. Hvort sem þið eruð við nám í framhaldsskóla eða ekki, getið þið haldið áfram að læra um fagnaðarerindið, búið ykkur undir trúboð og musterishjónaband og miðlað jafnöldrum af reynslu ykkar.

Hér eru svör við nokkrum helstu spurningum um eldri deild trúarskólans. Þið getið aflað ykkur frekari upplýsinga á institute.lds.org.

Hvað er eldri deild trúarskólans?

Í eldri deildinni eru trúarnámsbekkir, þ.m.t. ritningarnámsbekkir, kenningar spámannanna og undirbúningur að trúboði og musterishjónabandi. Sums staðar í eldri deildinni er hægt að velja úr fjölda námsbekkja.

Hver fær að mæta?

Allt einhleyp ungt fólk er sterktlega hvatt til að sækja námsbekki eldri deildarinnar. Allir—giftir sem



STAÐREYNDIR UM ELDRI DEILD TRÚARSKÓLANS

Nemendafjöldi: Rúm 350.000

Staðafjöldi: Rúm 2.500

Námsbekkjafjöldi sem í boði er: 15 grunnbekkir og nokkrir sértækir námsbekkir.

Fyrsti trúarskóli eldri deildar: Moscow, Idaho, Bandaríkjunum (1926)

Fyrsti trúarskóli eldri deildar utan Bandaríkjanna og Kanada: Mexíkó (1959)

Tilgangur trúarskóla eldri deildar: Að auðvelda ungu fólki að skilja og reiða sig á kenningar og friðþægingu Jesú Krists, gera það hæft fyrir blessanir musterisins og búa það og fjölskyldur þess og aðra undir eilíft líf með himneskum föður.

ógiftir—á aldrinum 18 til og með 30 ára geta verið með.

Hvar finn ég eldri deildina?

Á sumum svæðum er eldri deildin í byggingum nærri framhaldsskólum og háskólum. Á öðrum svæðum eru námsbekkir hafði í kirkjubyggingum eða öðrum húsakynnum. Hafið samband við biskup ykkar eða greinarforseta til að kynna ykkur dagskrá eldri deildarinnar á ykkar svæði, eða farið á institute.lds.org til að finna eldri deild nærri ykkur.

Af hverju á ég að sækja námsbekki eldri deildarinnar?

Thomas S. Monson forseti sagði: „Hafið nám í eldri deildinni í fyrirrími. . . . Hugsid ykkur. Þið munuð eignast vini, upplifa andann og efla trú ykkar. Ég lofa ykkur því að þegar þið farið í eldri deild trúarskólans og lærið ritningarnar af kostgæfni, verðið þið betur í stakk búin til að forðast freistingar og hljóta leiðsögn heilags anda í öllu sem þið gerið“ (institute.lds.org, 21. apríl 2009). ■



2 Tím 3:16-17

Páll postuli kenndi hvernig ritningarnar blessa líf okkar.



Sérhver ritning

„Þegar við viljum tala við Guð, biðjum við. Og þegar við viljum að hann tali við okkur, könnum

við helgar ritningar; því að orð hans mæla spámenn hans. Hann mun síðan kenna okkur þegar við hlustum á áminningar heilags anda.

Ef þið hafið ekki heyrt rödd hans tala til ykkar nýlega, snúið ykkur þá aftur að ritningunum með nýjum augum og nýjum eyrum. Þær eru andleg líftaugar okkar.“

Öldungur Robert D. Hales í Tölpóstulasveitinni, „Heilagar ritningar: Kraftur Guðs til sálhjálp“, Aðalráðstefna, okt. 2006, 49–50.

Góð verk

Hvers kyns góðverk búa ritningarnar okkur undir að gera? Hér eru fáein af þeim augljósustu. Getið þið talið upp fleiri? Skriðið um þau í dagbók ykkar.

- Þjóna sem fastatrúboði
- Rækja kirkjukallanir (svo sem forsetisráð sveita og námsbekkja)
- Kenna fagnaðarerindið
- Gefa vitnisburð
- Miðla fagnaðarerindinu
- Svvara spurningum vinafólks um kirkjuna

Leiðrétting

Hið upprunalega gríska hugtak sem notað er í Biblíunni þýðir að „setja aftur rétta stefnu.“ Ritningarnar gera ykkur því kleift að setja rétta stefnu og fylgja hinum krappa og þrönga vegi (sjá 2 Nefi 9:41).

¹⁶Sérhver ritning er innblásin af Guði¹⁶ og nýtsöm til fræðslu, til umvöndunar, til leiðréttingar, til menntunar í réttlæti, ¹⁷til þess að sá, sem tilheyrir Guði, sé albúinn og hæfur gjör til sérhvers góðs verks.

Umvöndun

Umvöndun—ávítur, ögun, ákúrir eða leiðrétting, yfirleitt á kærleiksríkan hátt.

Albúinn

Albúinn—tilbúinn, fullbúinn.




Kenning

„Sönn kenning, og skilningur á henni, breytir viðhorfi og hegðun. Nám á kenn-ingum fagnaðarer-

indisins mun bæta hegðun hraðar en hegðunarnám mun bæta hegðun.“

Boyd K. Packer, forseti Tölpóstulasveitarinnar, „Do Not Fear,” *Liahóna*, maí 2004, 79.

Athugasemd ritstjóra: Þessari síðu er ekki ætlað að veita yfirgripsmikinn skilning á þessum völdu ritningaversum, heldur aðeins að vera hvatning að enn frekara ritningarnámi.



EKKI BROTLENDI

Örlítil aðgát nú getur síðar fyrirbyggt mikinn vanda.

Adam C. Olson
Kirkjutímaritin

ANDLEG SJÁLFSKOÐUN



„Við þurfum að fara reglubundið í andlega sjálfskoðun til að ákveða hvað við þurfum að bæta í fari okkar.

Yfirleitt skynjum

við þessa smáu bresti með hjálp heilags anda. . . Við þurfum að hlusta vandlega á ábendingar andans, kirkjuleiðtoga, ástvína, samstarfsfólks og vína.“

Öldungur Marcos A. Aidukaitis af hinum Stjöttu, „Honesty in the Small Things,” *Ensign*, sept. 2003, 30.

Flugvélar hafa verið yndi Andrei allt frá barnsaldri. En þótt marga hafi dreymt um að fljúga, þá er höfuð Andrei ekki uppi í skýjunum; hann hefur áhuga á boltum og skrúfum. Þessi 16 ára gamli Rúmeni er að afla sér menntunar sem flugvélavirki.

Í Rúmeníu geta unglingar valið brautir í grunnskóla til að búa sig undir menntaskóla eða iðnskóla. Þar sem Andrei hefur unun af flugvélum var ákvörðun hans um að fara í flugvélavirkjun ekki erfið.

Flugvélavirkjar gera ekki aðeins við bílaðar flugvélar. Eitt mikilvægasta sem þeir gera er að vinna að skoðun og viðhaldi flugvéla, svo bílarnir komi ekki upp í þeim. Þeir skoða reglulega allt sem viðkemur flugvélinni, allt frá skrúfum til lendingargírs og allt þar á milli.

„Erfitt getur reynst að greina smávægilegan vanda sem síðar gæti orðið til þess að flugvél hrapí,“ sagði Andrei. „En bílanaleitin er auðveldari en að reyna að setja saman heila flugvél aftur.“

Reglubundið viðhald og vandvirknisleg vinnubröð eru mikilvæg—bæði fyrir flugfélagið og kirkjuna—í þeirri viðleitni að skilgreina og leiðrétta

vanda áður en vélrænt eða andlegt hættuástand skapast.

Andlegt viðhald

Andrei á heima í Búkarest, nærri tveggja milljóna manna borg. Kirkjan er þó tiltölulega ný í Rúmeníu og meðlimir eru ekki fleiri en svo að þar eru tvær greinar. Andrei og fjölskylda hans búa fjarri öðrum meðlimum greinarinnar. Andrei finnur þrýsting heimsins hvarvetna, í skólanum og meðal vinanna. Hann veit hve auðvelt er að hrapa—í andlegri merkingu—ef hann viðheldur ekki reglubundið andlegum styrk sínum.

Lífið getur verið erilsamt. Ásamt því að stunda heimanámið, fótbolta og tölvuna, gefur Andrei sér tíma til að biðja, fasta, læra ritningarnar og rækja skyldur sínar sem prestur. Hann „fer“ líka örugglega í trúarskólann, sem hann stundar á netinu vegna fjarlægðar.

Það er hluti af hinu reglubundna andlega viðhaldi, sem skilgreinir og leiðrétir veikleika okkar, áður en þeir leiða til lífshættulegs hrops í andlegum skilningi.

„Það er sumt sem við hreinlega verðum að gera reglubundið—að skapa okkur venjur,“ sagði hann. „Við megum ekki láta stjórnast af lífinu.“

Andlegt hrap

Andrei hefur lært að ef við sinnum ekki reglubundið andlegu viðhaldi, geta þættir líkt og streita eða þrýstingur jafnaldra orðið yfirsterkari getu okkar til að standast freistingar. Þegar það gerist, er ekki langt í að við hverfum frá stefnu okkar, og sjálfstjórn og glötum að lokum okkar andlega krafti.


Á sama hátt og flugvél án afls missir lofthæð, missum við hæð þegar við syndgum, glötum okkar andlega krafti og fjarlægjumst himininn, og fyrr eða síðar upplifum við andlega brotlendingu.

Þótt friðþæging frelsarans megni að gera okkur heil aftur eftir brotlendingu, er langtum einfaldara að reiða sig á kraft hans til að leysa vandann meðan hann enn er smár—áður en hann veldur andlegum hörmungum.

Áhætta vanrækslu

Sú hugsun að vanrækja viðhald flugvélar hefur aldrei hvarflað að Andrei. Vanræksla er ekki valkostur. „Það er bundið lögmáli,“ sagði hann. En ef hann *mundi* sleppa viðhaldi—aðeins í eitt skipti—viðurkenndi hann „hlytist líklega enginn skaði af því.“

Kannski felst mesti vandi vanrækslu ekki í því að flugvélin hrazi



þegar í stað, heldur að hún hrazi ekki. „Ef ekkert slæmt gerist þegar ég vanræki einu sinni, er auðveldara að freistast til að vanrækja aftur á morgun,“ sagði hann.

Þegar viðhaldi er sleppt reglubundið, munu kraftar og álag sem flugvélin verður fyrir—eða við sjálf—valda því að eitthvað lætur að lokum undan. „Að því kemur að við brotlendum,“ sagði hann.

Þess vegna hefur Guð líka gefið okkur lögmál reglubundins viðhalds. „Þér skuluð koma oft saman [í kirkju] (3 Ne 18:22; skáletrað hér). „Þess vegna verðið þér ávallt að biðja“ (sjá 3 Ne 18:19). Kannið

ritningarnar af *kostgæfni* (sjá 3 Ne 23:1–5). „Lát dyggðir prýða hugsanir þínar *linnulaust*“ (K&S 121:45; skáletrað hér). Sækið musterið heim *reglubundið*.¹

Ef við höldum þessi lögmál og sinnum reglubundið okkar andlega viðhaldi, munum við fljúga rétt.

„Flugvél er byggð til að takast á loft, fljúga af jörðu.“ sagði Andrei. „Það vill himneskur faðir að við gerum. Með reglubundnu viðhaldi, munum við komast þangað sem við óskum okkur—aftur til himins.“ ■

HEIMILDIR

1. Sjá Thomas S. Monson, „Hið heilaga musteri — leiðarljós fyrir heiminn,“ *Aðalráðstefna*, apríl 2011, 92.

„Reynið yður sjálfa, hvort þér eruð í trúnni“ (2 Kor 13:5).

GÁTLISTI ANDLEGS VIÐHALDS

Flugvélavirkjar hafa oft gátlista yfir það sem skoða þarf reglubundið. Kirkjuleiðtogar hafa lagt til að við förum reglubundið í sjálfskoðun.¹ Hér eru nokkrar spurningar sem geta hjálpað ykkur að meta andlegt ástand ykkar endrum og eins. Ef ykkur finnst einhver svara ykkar ekki fullnægjandi, ræðið þá við foreldra eða biskup eða greinarforseta ykkar.

- ☐ Biðst ég fyrir einlæglega og reglubundið?
- ☐ Endurnæri ég mig á orði Guðs í ritningunum og kenningum lifandi spámanna?
- ☐ Held ég hvíldardaginn heilagan og sæki kirkjusamkomur reglubundið?
- ☐ Fasta ég og greiði tíund mína og föstufórnir fúslega?
- ☐ Fyrirgef ég öðrum fúslega?
- ☐ Reyni ég reglubundið að þjóna öðrum?
- ☐ Minnst ég ávallt frelsarans og fylgi fordæmi hans?
- ☐ Eru hugsanir mínar hreinar og málfar mitt siðsamt?
- ☐ Sýni ég heiðarleika í öllu?
- ☐ Lifi ég eftir Vísdomsorðinu?

HEIMILDIR

1. Sjá Joseph B. Wirthlin, „True to the Truth,“ *Ensign*, maí 1997, 17.

ÍGRUNDIÐ RITNINGARNAR

Látið trúarskólann breyta lífi ykkar.
(Sjá 1 Ne 19:23.)



Umræðustund

„Ég heiðra foreldra mína og geri mitt til að efla fjölskyldu mína“ (Trúarreglur mínar).

Hilary Watkins Lemon

Byggt á sannri sögu

Jæja öll sömul, við skulum hafa umræðustund,“ kallaði mamma.

Jóna hafði allan daginn hlakkað til umræðustundarinnar. Öll kvöld komu Jóna og tveir litlu bræður hennar, Benni og Villi, saman í stofunni með mömmu og pabba til að ræða dagleg verkefni allra.

Pabbi hafði sagt að hann ætlaði að hjálpa Jónu að æfa handritið hennar fyrir tilkynningar morgundagsins. Að lesa tilkynningar morgundagsins voru sérstök forréttindi í skóla Jónu. Á morgun átti Jóna að leika hluta af uppáhaldslagi sínu í hátalarakerfi skólans og tilkynna í hljóðnemann athafnir dagsins og hádegismatseðilinn.

Jóna hljóp inn í stofuna, spennt yfir að æfa handritið sitt.

„Þarna kemur uppáhalds kynnirinn okkar!“ sagði pabbi þegar Jóna hoppaði upp í sófann við hlið hans. „Hvernig leggst morgundagurinn í þig?“

„Ég er spennt, en svolítið kvíðin. Ég óttast að ég geri einhver mistök frammi fyrir öllum skólanum,“ sagði Jóna.

„Þess vegna æfum við okkur,“ sagði pabbi. „Lestu nú handritið í gegn og ég skal hlusta eftir einhverju sem bæta má.“

„Takk fyrir, pabbi,“ sagði Jóna.

Jóna og pabbi fóru svo oft í gegnum handritið að hún hafði ekki á því tölu. Jóna stóð síðan upp og æfði handritið í síðasta sinn fyrir fjölskyldu sína. Mamma og pabbi fögnuðu. Benni fagnaði líka og Villi brosti og klappaði saman lófumum.

Jóna fór glöð og full sjálfstrausts í háttinn.

Daginn eftir gekk allt eins og í sögu. Jafnvel þótt Jóna væri kvíðin, brosti hún þegar lagið hennar hljómaði um skólann. Hún var ánægð yfir að hafa æft handritið með pabba sínum og las það hægt og skýrt án nokkurs hiks.

„Þú stóðst þig mjög vel,“ sagði Byrna aðstoðarskólástjóri.

Í lok skóladags stóð Jóna í röðinni við skólavagninn. Eldri drengur sneri sér við og spurði: „Ert þú sú sem las tilkynningarnar í dag?“

Jóna brosti. „Já,“ sagði hún.

„Af hverju valdir þú þetta lag?“ spurði drengurinn. „Þetta var asnalegt lag. Þú klúðraðir algjörlega tilkynningunum.“ Hann uppnefndi

hana síðan og hló að henni með vinum sínum.

Jóna sat einsömul fremst í vagninum. Hún fann til óþæginda í maganum.

Þegar Jóna kom heim, sá hún mömmu að leik með Villa.

„Mamma, ég veit að það er ekki komið að umræðustund, en mig langar að tala einmitt núna.“ sagði Jóna.

„Auðvitað, Jóna mín,“ sagði mamma. „Hvað gerðist?“ Fór eitt-hvað úrskeiðis við tilkynningarnar?

„Nei,“ sagði Jóna. „Allt var fullkomið. Ég hélt það að minnsta kosti, þar til einn drengurinn sagði lagið mitt vera asnalegt. Hann uppefndi mig líka.“

Mamma klappaði með lófanum á gólfið næst henni. Jóna gekk til

hennar og settist. Mamma vafði hana örmum. Jóna og mamma ræddu um allt sem gerðist yfir daginn, líka hrós frá Byrnu.

„Mér þykir leitt að drengurinn og vinir hans komu illa fram við þig,“ sagði mamma. „En mér sýnist að aðrir sem þú lítur upp til, eins og frú Byrna, hafi verið ánægðir með hvernig þú stóðst þig við lestur tilkynninganna. Ég og pabbi erum afar stolt af þér. Þú lagðir mikið á þig og það skilaði sér!“

Jóna faðmaði mömmu aftur. „Takk fyrir, mamma,“ sagði Jóna. „Mér líður mun betur.“ Jóna var glöð yfir að umræðustundir geta verið hvenær sem er. ■



„**E**kkert er mikilvægara fyrir samband fjölskyldumeðlima en opinská og heiðarleg samskipti.“

Öldungur M. Russell Ballard í Tölfrpostulasveitinni, „Like a Flame Unquenchable,“ *Liahóna*, júlí 1999, 103.





TALIÐ SAMAN

Hér eru nokkrar ábendingar um „umræðustund“ fyrir fjölskyldu ykkar:

- Biðjið fjölskyldu ykkar að taka frá nokkrar mínútur á degi hverjum

til að fjölskyldan geti rætt saman. Það getur verið á matmálstíma eða öðrum ákveðnum tíma dagsins.

- Verið viss um að allir taki til máls

og hlusti. Látið alla vera með!

- Virðið skoðanir annarra í fjölskyldunni. Verið viss um að allir finni mikilvægi þess sem þeir leggja til málanna.

UMRÆÐULEIKIR

Þurfið þið hugmyndir að umræðustund? Reynið þessa leiki:

Baunapokakast: Ef fjölskylda ykkar er fjölmenn eða henni reynist erfitt að skiptast á notið þá baunapoka til að sýna hver á að tala næst. Eftir að sá sem hefur baunapokann segir hvað honum býr í brjósti, er baunapokanum kastað til annars í fjölskyldunni sem þá fær tækifæri til að tala.

Spyrjandi: Myndið tvo hópa og skiptist á að láta vera spyrjendur. Íhugið fáeinar spurningar og leggið þær fyrir viðmælanda ykkar. Þið getið jafnvel notað raunverulegan hljóðnema eða upptökutæki fyrir viðtölin.

Hvað mynduð þið gera? Skiptist á að spyrja fjölskyldumeðlimi ólíkra spurninga, sem hefjast á „hvað myndir þú gera . . . ?“ Dæmi: „Hvað myndir þú gera, ef þú værir týndur?“ og „Hvað myndir þú gera, ef þú gætir farið hvert sem þig langar um heiminn?“



HJÁLP FYRIR FORELDRA: UNDIR FJÖGUR AUGU

Þótt gaman sé að tala saman sem fjölskylda, er líka mikilvægt að foreldrar og börn tali saman undir fjögur augu. Nýtið þær stundir sem gefast yfir daginn til að tala einslega við hvert barn. Biðjið eitt barn í senn að hjálpa ykkur við húsverkin, fara með ykkur í erindagjörðir eða tala við ykkur nokkrar mínútur í herbergi ykkar. Fáeinar mínútur saman geta leitt til innihaldsríks samtals.



Hann braut HLEKKI DAUÐANS



Öldungur Patrick Kearon
af hinum Sjötíu

„*Þeir [eignast] eilíft líf fyrir Krist, sem rauf helsi dauðans*“ (Mósía 15:23).

Kvöld eitt höfðum við ritningastund þegar börn okkar voru ung. Við lásum um frelsarann og ræddum það að hann gerði aldrei mistök.

Síðar um kvöldið kom eiginkona

mín þriggja ára dóttur okkar, Susie, í rúmið. Susie horfði á mömmu sína og sagði: „Mamma, Jesús gerði mistök.“

„Hvað áttu við?“ spurði mamma hennar.

„Hann braut svolítið,“ sagði Susie.

Mamma hennar spurði undrandi: „Hvað braut hann?“

„Jesús braut hlekki dauðans,“ svaraði Susie.

Eiginkonu minni var ljóst að hún og Susie höfðu oft sungið saman Barnafélagssönginn „Vordag fagran“ og Susie hafði lært textann: „Vordag fagran frelsarinn fullan sigur hlaut og tæmdi grafar dómsins djúp og dauðans hlekki braut.“¹ Mamma Susie útskýrði að merking þess að rjúfa helsi, eða brjóta hlekki, dauðans væri sú að

Jesús hafi risið upp, svo við gætum öll lifað eftir að við deyjum.

Samtal þetta hefur veitt mér og eiginkonu minni mörg tækifæri til að fræða dætur okkar, Lizzie, Susie og Emmu, um raunverulega merkingu friðþægingarinnar fyrir okkur öll. Susie hafði rétt fyrir sér: Jesús rauf vissulega helsi dauðans. En það var ekki mistök. Það var stærsta gjöfin sem hann gat gefið okkur! (Sjá Kenning og sáttmálar 14:7.)

Frelsarinn dó og reis upp aftur svo við mættum lifa aftur hjá himneskum föður og fjölskyldum okkar, ef við erum réttlát. Ef við erum verðug, fáum við dag einn notið blessana ódauðleika og eilífs lífs. Ég er þakklátur fyrir að Jesús rauf nokkuð—já, bönd dauðans! ■

HEIMILDIR

1. „Vordag fagran,“ *Barnasöngbókin*, 57.



Þið getið notað lexiuna og vekefnið sem hér er til að læra meira um þetta mánaðarþema Barnafélagsins:

JESÚS KRISTUR

kennir mér að velja rétt

Páskarnir yrðu ekki þeir sömu þetta árið fyrir Tomma. Afi Tomma hafði dáið og hann var sorgmæddur yfir að geta ekki verið með honum aftur á þessari sérstöku hátíð.

En í Barnafélaginu var Tommi minntur á að ástæða þess að við höldum páska hátíðlega væri sú

að Jesús lifir! Þegar hann reis upp sameinaðist andi hans líkamanum varanlega, svo hann upplifir dauðann aldrei aftur. Tomma lærðist að vegna þess að Jesús reis upp munu allir dag einn rísa upp, og líka afi hans!

Páskasöngur fyllti Tomma gleði er hann söng: „Jesús er risinn, Jesús er

hér. Lausnari minn á lífi er.“¹ Tommi vildi segja öllum frá þessum góðu tíðindum. Hann einsetti sér að setja búnt af vorblómum á dyraþrep nágranna sinna fyrir páskana, ásamt ritningargrein um upprisu Jesú. Hann sá fyrir sér brosandi andlit nágranna sinna þegar þeir fyndu gjöfina á páskadagsmorgni. ■

HEIMILDIR

1. „Jesús er risinn,“ *Barnasöngbókin*, 44.



Söngur og ritningar







- Jóh 13:15
- Söngur að eigin vali um Jesú Krist.
- Tillögur að söngvum í *Barnasöngbókinni*: „Jesús er risinn“ (44), „Reis Jesús upp?“ (45), „Hann dó, að við mættum lífa“ (*Líahóna*, apríl 2005), „Hósanna-Páskar“ (*Líahóna*, apríl 2003)

VR verkefni Hvar í heiminum?

Eftir að Jesús Kristur reis upp, vitjaði hann ekki aðeins fólksins í Jerúsalem, heldur líka hinna réttlátu íbúa Ameríku. Fjölskyldan dragi línu frá hverri mynd að landinu (Jesúsalem eða Ameríku) þar sem atburðirnir gerðust. Skiptist á að lesa í ritningunum til að læra meira um það sem gerðist á myndunum.

Aðeins þú

Þið getið líka búið til páskaendi, líkt og Tommi gerði. Verðið ykkur úti um rétthyrnt, hvítt eða litað blað og fylgið leiðbeiningunum hér á eftir. Fyllið strýttuna af litlum blómum eða einhverju góðgæti til að koma vinum eða fjölskyldu á óvart!



Jerúsalem



Jesús blessar börnin
3 Ne 17:11–25




Jesús birtist Maríu
Magdalenu
Jóh 20:14–18



Jesús kennir í Ameríku
3 Ne 11:8–11



Jesús stígur upp til himins
Post 1:9–11



Jesús birtist hinum réttlátu
3 Ne 11:1–8



Jesús sýnir postulum sínum
sár sín
Lúk 24:36–40



Jesús biður um heimildir Nefíta
3 Ne 23:7–13



Jesús birtist postulum
sínum
Matt 28:16–20

Ameríka





Mig langar að líkjast Jesú

Einfaldaður

Staðfastlega ♩ = 104-116

Lag og texti eftir Janice Kapp Perry

1. Mig lang - ar að líkj - ast Je - sú og fet - a í
(2. Ég) ná - ung-ann ætla' að elsk - a og vin - un - um

fót - spor hans. Sem hann vil ég einn - ig
veit - a lið. Ég lít til þess dags, er

elsk - a í orð - um og verk - um manns. Ég
Krist - ur mun kom - a með himn - a frið. Ég

© 1980 Janice Kapp Perry.

Pennan söng má afrita til nota í kirkju eða heima en ekki í hagnaðarskyni.
Sú athugasemd verður að koma fram á hverju afriti sem gert er.

freist - ast þó stund - um að ráða' ekk - i rétt, en ég reyni' að
hug - fest - i há - leit - a kenn - ing - u hans, svo að heil - ag -

heyr - a hljóð - u rödd - ina' er hvísl - ar: „Elsk - um hver ann - an sem
ur and - i í hug - a mér seg - i:

elsk - að - i hann, iðk - and - i vin - semd við hvern og einn

mann, og vinn - um af al - úð að vel - ferð hvers manns, því

þett - a var kenn - ing - in hans.“ _____ 2. Ég hans.“ _____

Systur í nafni og trú

Heather Wrigley

Kirkjutímaritin

María og Díana D. eru ekki bara systur; þær eru líka bestu vinkonur. Díana er 10 ára og María varð 12 ára í ágúst. Þær eiga heima í Rúmeníu, þar sem meðlimir kirkjunnar eru um 3.000. Þær viðhalda sterkri trú sinni á Jesú Krist með því að fara í kirkju, lesa ritningarnar og biðjast fyrir.

„Í kirkjunni hef ég lært að trúa á Guð,“ sagði María. Dag einn var próf hjá henni, svo hún bað til himnesks föður í nafni Jesú Krists um hjálp. Þegar hún fékk góðar einkunnir, fannst henni að himneskur faðir hefði hjálpað sér.

Díana sagði að Mormónsbók hefði hjálpað sér að viðhalda trú sinni. „Hver dagur verður góður, ef ég les í Mormónsbók,“ sagði hún. Eftirlætis saga hennar í ritningunum er saga Josephs Smith. „Hann baðst fyrir og Guð og Jesús Kristur komu honum til hjálpar,“ sagði hún. ■



SÚKKULAÐI

Súkkulaði er eftirlætis eftirréttur beggja systanna: Maríu finnst brúnkökur góðar og Díönu finnst súkkulaðikaka góð.

EFTIRLÆTIS SÁLMUR

María og Díana spila báðar á píanó. Eftirlætis sálmur Maríu er „Elskið hver annan.“ Textinn fjallar um boðorð Jesú um að elska aðra. Díana nær að spila hann næstum fullkomlega, en erfiðast er að spila endirinn, að hennar sögn.

**ÉG MÁ Í ÆSKU MINNI TIL MUSTERISINS GÁ**

María og Díana vilja báðar gifta sig í musterinu þegar að því kemur. Þær eiga heima á Kyiv-musterissvæðinu í Úkraínu.

Þegar Díana verður eldri ætla hún að fara í Kyiv-musterið í Úkraínu til að skírast fyrir hina dáu. María er nú þegar nægilega gömul til að fara þangað. Musterið er í 805 km fjarlægð.

FJÖLSKYLDAN Í FYRIRRÚMI

María og Díana elska foreldra sína. „Mamma lætur okkur liða betur þegar við erum veikar,“ sagði María. „Pabbi fer með okkur í skólann,“ sagði Díana.

SÁLMAR

Eftirlætis sálmur Díönu er „Betlehems völlumum var hann á,“ sem fjallar um fæðingu Jesú Krists. Meðlimirnir í Rúmeníu nota grænu sálmabókina. „Imnuri“ á rúmensku er „Sálmur“ á íslensku.





Öldungur Richard G. Scott,
í Tölfpóstulasveitinni,
miðlar hugsunum sínum
um efnið.

Hvað get ég gert til að fylgja áætlun HIMNESKS FÖÐUR fyrir mig?



Lærið um hina miklu sálhjálparáætlun
með því að ígrunda ritningarnar.



Hlustið á mál núverandi og liðinna spámanna.



Hlýðið þeirri innri tilfinningu sem veitist
sem innblástur heilags anda.



Leitið ráða foreldra og prestdæmsleiðtoga
ykkar, þegar á því er þörf.

Úr „The Joy of Living the Great Plan of Happiness,” Ensign, nóv. 1996, 75.

TRÚARREGLUR MÍNAR

Ég fylgi áætlun himnesks föður fyrir mig.

Ég minnst skírnarsáttmála míns og hlusta á heilagan anda.

Ég vel hið rétta. Ég veit að ég get iðrast, ef mér verður á.

Ég sýni himneskum föður, öðrum og mér heiðarleika.

Ég nota nöfn himnesks föður og Jesú af lotningu.
Ég blóta ekki eða nota gróf orð.

Ég geri það sem færir mig nær himneskum föður og Jesú Kristi á hvíldardegi.

Ég heiðra foreldra mína og geri mitt til að efla fjölskyldu mína.

Ég held huga mínum og líkama heilögum og hreinum og neyti einskis sem skaðar mig.

Ég klæðist siðsamlega til að virða himneskan föður og til sjálfsvirðingar.

Ég les og horfi aðeins á það sem er þóknanlegt himneskum föður.

Ég hlusta aðeins á tónlist sem er þóknanleg himneskum föður.

Ég leita góðra vina og kem vel fram við aðra.

Ég keppi að verðugleika til að fara í musterið og geri mitt til að fjölskylda mín verði eilíf.

ÉG ER BARN GUÐS

Ég veit að himneskur faðir elskar mig og ég elska hann.

Ég get bedið til himnesks föður alltaf og alls staðar.

Ég reyni að muna eftir og fylgja Jesú Kristi.

Finna páskagleðina

Byggt á sannri sögu



4. Af hverju finnst þér páskaðir ekki skemmtilegir?

Páskaðagurinn er dapurlegur.
Hann snýst um dauða Jesú.

5.

Manst þú hvað gerðist
á páskaðaginn?

6.

Ég veit það! Jesús vaknaði
aftur til lífs!

Og við getum líka lifað aftur.

7.

Einmitt. Páskaðir eru
skemmtilegir þegar við minnumst
upprisu Jesú.

8.

Mér finnst páskaðir
skemmtilegir.

Mér líka.

Fótspor á páskum

Jesús Kristur kom mikilvægu verki til leiðar á ákveðnum stöðum fyrir krossfestingu sína og upprisu. Fetið í fótspor hans til að komast að því hvert hann fór og hvað hann gerði.

2. Jesús reið á ösnu inn í Jesúsalem. Margir fögnuðu honum þar.

6. Jesús reis upp frá dauðum.

5. Jesús var krossfestur.

1. Jesús kenndi fólki á hæð sem nefndist Olíufjallið.

3. Jesús læknaði sjúka við musterið.

4. Jesús bað til himnesks föður í Getsemanegarðinum og þjáðist fyrir syndir okkar.

Heimspjálfunarfundur leiðtoga lagði áherslu á raunverulegan vöxt

Heather Whittle Wrigley

Kirkjutíðindi og viðburðir

Leiðtogar kirkjunnar útskýrðu hvað „raunverulegur vöxtur“ er og hvernig vinna á að honum á heimspjálfunarfundum leiðtoga, 11. febrúar 2012.

Dieter F. Uchtdorf forseti, annar ráðgjafi í Æðsta forsætisráðinu og meðlimir Tólfpostulasveitarinnar, forsætisráð hinna Sjötíu og aðalforsætisráð aðildarfélaganna kirkjunnar komu saman til að veita kirkjuleiðtogum víða um heim leiðsögn og fræðslu.

„Hvað kirkjuna varðar, mætti skilgreina vöxt sem ‚nýja meðlimi.‘ . . . *Raunverulegan vöxt* ætti þó að skilgreina sem ‚fjölgun virkra meðlima,‘ útskýrði Uchtdorf forseti.

Öldungur M. Russell Ballard í Tólfpostulasveitinni, sagði ennfremur: „Vöxtur á sér stað þegar einstaklingar og fjölskyldur umbreytast trúarlega vegna ævilangrar skuldbindingar um að lifa eftir fagnaðarerindinu.“

Að sögn Uchtdorfs forseta þá er slík skuldbinding og hollusta ekki auðmæld, því í henni felast daglegar bænir, ritningarnám, fjölskyldukvöld, ástríki á heimilinu og persónuleg upplifun af friðþægingunni.

Hann sagði: „Of oft gerum við fagnaðarerindið í fegurð þess og einfaldleika erfiðara viðfangs með löngum lista ákveðinna væntinga.“ Ef við hins vegar einblínum á „hvers vegna“ fagnaðarerindisins, mun flest það hverfa sem veldur okkur hugarangri.“

Stór hluti þjálfunarinnar fjallaði um lykil kenningar og reglur, sem veita svör við „hvers vegna“ spurningum.

Uchtdorf forseti sagði: „Slíkar ‚hvers vegna‘ spurningar leiða okkur að viðeigandi ‚hver,‘ ‚hvað,‘ ‚hvenær,‘ ‚hvar,‘ ‚hvers vegna‘ og ‚hvernig‘ ákvörðunum.“

Hjónabandið og fjölskyldan í áætluninni

„Kirkjan er byggð upp á fjölskyldunni,“ sagði Boyd K. Packer forseti Tólfpostulasveitarinnar. „Deildir og stikur eru tilfallandi. Þegar við ræðum um fjölskyldur, sjáum við raunverulegan vöxt kirkjunnar.“

Hann sagði að hver eiginmaður og faðir ætti að vera embættismaður í prestdæminu á heimili sínu, að ríkja yfir fjölskyldu sinni í réttlæti. Hann sagði svipað þessu að hver prestdæmisleiðtogi ætti að leiða verðuglega—í hinum mismunandi prestdæmisembættum, og að hver prestdæmishafi búi að sama prestdæmi og hver annar (sjá K&S 1:20).

Öldungur Russell M. Nelson í Tólfpostulasveitinni lagði áherslu á að eiginmenn og eiginkonur, feður og mæður, verði að byggja upp samband kærleika, iðrunar og bænna, til árangursríkrar varnar fjölskyldunni, sem „er þungamiðjan í áætlun skaparans um eilíf örlög barna hans“ („Fjölskyldan: Yfirlýsing til heimsins,“ *Vonarstjarnan* maí, 1996).

Hann sagði: „Í helgri ritningu er þess getið þrisvar að öll jörðin verði lostin banni við endurkomu Drottins, að óuppfylltum ákveðnum skilyrðum. Í hverju þeirra tilvika er um aðvörun að ræða sem varðar ástand mannkyns, væri helgiathöfn musterisinnslglunar ekki fyrir hendi. Án þessarar helgiathafnar upphafningar, yrði dýrð Guðs ekki að veruleika.“

Að ná þessu lokatakmarki—eilífu lífi og upphafningu fyrir öll börn Guðs—krefst þess að raunverulegur vöxtur eigi sér stað á heimilum okkar, í deildum og greinum, og alls staðar í kirkjunni.



Hagnýting fagnaðarerindisins

Raunverulegur vöxtur og trúarumbreyting á sér stað við hagnýtingu fagnaðarerindisins í daglegu lífi. Í umræðuhlutanum spurningar og svör útskýrðu öldungarnir L. Tom Perry og D. Todd Christofferson í Tólfpostulasveitinni að endanlegt takmark fagnaðarerindisins væri að gera og halda sáttmála musterisins. Öldungur Christofferson sagði að hlýðni við sáttmála gæti með tímanum breytt hinum náttúrulega manni í heilagan.

Að ná til annarra er enn ein mikilvæg leið til að hagnýta fagnaðarerindið. Leiðtogarnir sögðu hvern meðlim og kirkjuna í heild bera ábyrgð á því að koma öðrum til bjargar, sem eiga í stundlegum og andlegum vanda.

Öldungur Christofferson sagði að við ættum ekki að hika við að taka höndum saman við aðra trúarsöfnuði og þjónustusamtök við að hlynna að fátækum og þurfandi. Prestdæmisleiðtogar ættu að vera leiðandi í slíkum verkefnum, en meðlimir og trúboðar ættu einnig að styðja þau.

Í pallborðsumræðum var fjallað um þjónustu við fjölskyldur, eflingu Melkisedeksprestdæmishafa og aðstoð við að stuðla að trú og vitnisburði æskufólks. Öldungarnir Ballard og Neil L. Andersen í Tólfpostulasveitinni tóku þar þátt, ásamt öldungi Ronald A. Rasband í forsætisráði hinna Sjötíu; Elaine S. Dalton, aðalforseta Stúlknafélagsins; og Rosemary M. Wixom, aðalforseta Barnafélagsins.

**Öldungur M. Russell Ballard
í Tólfpostulasveitinni talaði
í pallborðsumræðunum sem
voru á heimsþjálfunarfundi
leiðtoga í febrúar 2012.**

Á heimsþjálfunarfundi leiðtoga í febrúar sagði Dieter F. Uchtdorf forseti, og annar ráðgjafi í Æðsta forsætisráðinu: „Það fyrsta sem við þurfum að gera er að skilja. Og síðan að koma skilningi okkar í verk. . . . Lítið gagn er í því að hlýða á orð Guðs, ef við hagnýtum okkar það ekki í lífi okkar.“

Hann bauð kirkjuleiðtogum að gera þrennt að lokinni þjálfuninni og í allri þjónustu í köllun þeirra, til að fá sem mest út úr kennslunni:

1. Hugleiðið bænþrungið sem einstaklingar og ráð kennsluna sem þið hafið hlotið og finnið svör við „hvers vegna“ hvað varðar þjónustu ykkar.
2. Ákveðið að lokinni hugleiðingu og umræðu eitthvað ákveðið sem þið skuldbindið ykkur að gera. Aðgerðir ættu að hæfa aðstæðum og þörfum hvers aðildarfélags, deildar, stiku, fjölskyldu eða einstaklingi.
3. Þegar þið svo hafið einsett ykkur þetta, fylgið þá eftir innan ábyrgðarsviðs ykkar og köllunar á hverjum ráðsfundi.

Öldungur Rasband sagði að allir leiðtogar þyrftu að taka þátt í að leiða meðlimi aftur til fullrar virkni og öldungur Andersen lagði áherslu á að æskufólkið þyrfti að taka aukinn þátt í endurvirkni og eflingu sín á milli.

Ná raunverulegum vexti

Uchtdorf forseti lagði áherslu á að raunverulegur vöxtur ætti sér stað er meðlimir hagnýttu sér reglur fagnaðararindisins í daglegu lífi.

Hann sagði: „Er þið hugleiðið efnið, spyrjið ykkur þá sjálf, hvers vegna“ um þjónustu ykkar og niðurstöðuna „af því að“ í ábyrgð ykkar sem einstaklingar og ráð.“

Læra meira

Hægt er að horfa á, prenta og hala niður efni útsendingarinnar á mörgum tungumálum með því að fara á lds.org/study/other-addresses og smella á **Worldwide Leadership Training**. ■

Beiðni um greinar

Liahona hefur áhuga á að lesa um jólasíðina ykkar:

- Hvernig heldur fjölskylda ykkar jólin hátíðleg?
- Hvaða hefðir eru almennar í menningu ykkar?
- Hvaða siði hafið þið tileinkað ykkur til að færa ykkur sjálf og fjölskyldu ykkar nær frelsaranum?
- Hvaða upplifun af jólum getið þið miðlað okkur — sem tengist jólahefðinni?

Sendið vinsamlega minningar ykkar og hugmyndir til Liahóna fyrir 1. júní 2012 á liahona@ldschurch.org. ■

BibleVideos.LDS.org er gjöf til heimsins

Ajólasamkomu Æðsta forsætisráðsins 2011, kynntu kirkjuleiðtogar vefsíðu með Biblíumyndsyrru sem nefnist Líf Jesú Krists og er „gjöf“ til heimsins.

BibleVideos.LDS.org geymir myndsyrrur um líf Krists, allt frá yfirlýsingu engilsins um fæðingu Krists til upprisu frelsarans.

Henry B. Eyring forseti, fyrsti ráðgjafi í Æðsta forsætisráðinu, greindi frá síðunni á jólasamkomunni.


Hann sagði: „Ykkur kann að finnast myndirnar friðsælar, líkt og ritningarnar eru, sem myndsyrrur þessar fylgja staðfastlega. Trú ykkar og heilagur andi munu skapa þær tilfinningar sem þessir lífbreytandi

heimsatburðir verðskulda.“

Myndefnið er tekið upp í hinu nýja kvikmyndaveri kirkjunnar LDS Motion Picture Studio South Campus í Goshen, Utah, en upptökur úr Nýja testamentinu hófust þar í ágúst 2011.

Yfir 100 myndsyrrur verða framleiddar í þessu verkefni sem sýna líf Krists eins og því er lýst í Biblíuútgáfu Jakobs konungs.

Vefsíðan er hönnuð fyrir snjallsíma og er aðgengileg á ensku (BibleVideos.LDS.org), spænsku (videosdelabiblia.org) og portúgölsku (videosdabiblia.org). Frítt iPad forrit er líka fáanlegt, en með því er hægt að hlusta og horfa á sögur Biblíunnar á nýjan hátt. ■



Þegar upp er staðið verða 100 myndsyrrur fánlegar um líf Krists í Nýja testamentinu á vefsíðunni The Life of Jesus Christ Bible Videos.

Öldungur Christofferson og öldungur Jensen kenna meðlimum í Argentínu

Laugardaginn 12. nóvember 2011 ávörpuðu öldungur D. Todd Christofferson í Tólfpostulasveitinni og öldungur Jay E. Jensen í forsætisráði hinna Sjöttu ungt fólk, prestdæmisleiðtoga, trúboða og meðlimi í Salta, Argentínu.

Einnig voru viðstaddir öldungur Mervyn B. Arnold, svæðisforseti suðurhluta Suður-Ameríku; eiginkona hans, Devonna; og öldungur Ruben Spitale, svæðishafi Sjöttu. Eiginkona öldungs Christofferson, Kathy, og eiginkona öldungs Jensen, Lona, voru líka viðstaddir.

Um 1.300 ungt fólk og foreldrar þess voru á kvöldvökunni þar sem bæði öldungur Christofferson og öldungur Jensen tóku til máls. Auk þess horfðu á í gegnum útsendingu um 10.000 meðlimir í 70 stikumiðstöðvum víðs vegar um Argentínu.

Öldungur Jensen, sem áður hafði þjónað sem svæðisforseti suðurhluta Suður-Ameríku, sagði: „Ef þið munið ekki eftir neinu sem ég sagði, minni ég ykkur á orð spámannsins Thomas S. Monson forseta, sem ég ber vitni um að er sannur spámaður Guðs. En hann sagði: „Ákvarðanir ákveða örlögin.““

Við höfum valfrelsið—eigileikann og forréttindin til að taka

ákvarðanir—sagði öldungur Jensen og með ákvörðunum okkar veljum við örlög okkar.

Hann sagði frá vini nokkrum sem kvöld eitt valdi að neyta áfengis og aka drukinn og olli slysi þar sem tvennt lést. Hann sagði síðan frá því til hliðsjónar að hann og eiginkona hans hefðu frestað hjónabandi til að hann kæmist sem ungur maður í trúboð.

Hann sagði „Þegar ég kom heim giftumst við í musterinu. Við gerðum sáttmála sem við höfum endurnýjað vikulega alla okkar ævi. Við tókum ákvörðun sem hefur mótað örlög okkar.“

Systir Christofferson talaði þar á eftir og miðlaði vitnisburði sínum um blessanir þess að halda sáttmála, og öldungur Christofferson lauk samkomunni.

Öldungur Christofferson sagði: „Það er trúin sem hjálpar okkur í hjónabandi okkar, fjölskyldulífi, námi og atvinnu.“

Hann lagði áherslu á að boðorðin væru okkur til leiðsagnar og hjálpa okkur að hljóta það sem mikilvægt er.

Hann bauð síðan æskufólki og foreldrum þess að einsetja sér að

LIÓSWYND EFTIR JAMES DAIRYPIRE



fylgja leiðsögninni í bæklingnum *Til styrktar æskunni*.

Hann sagði: „Það mun efla börn okkar gríðarlega, jafnvel þegar þau upplifa sig ein — vitandi að foreldrar þeirra lifa eftir þessum sömu reglum.“

Öldungur Christofferson lauk með því að tjá kærleika sinn til meðlimanna í Argentínu, þar sem hann þjónaði í trúboði fyrir um 50 árum.

Í Salta hittu öldungur Christofferson og öldungur Jensen líka trúboðana og unga fólk, sem þeir færðu kærleikskveður frá bræðrunum.

Lesið má meira um þjónustu nútíma postula með því að smella á linkinn Prophets and Apostles Speak Today á vefsíðunni LDS.org. ■

Bæði öldungur Christofferson og öldungur Jensen ávörpuðu trúboða frá Resistencia-trúboðinu í Argentínu í nóvember 2011.



Quetzaltenango-musterið í Guatemala var vígt 11. desember 2011, af Dieter F. Uchtdorf forseta, og er 136.usterið.

Vígsla Quetzaltenango-musterisins í Guatemala

Quetzaltenango-musterið í Guatemala var vígt sunnudaginn 11. desember 2011, á þremur vígsluathöfnum af Dieter F. Uchtdorf forseta, öðrum ráðgjafa í Æðsta forsætisráðinu. Útsending var af samkomum vígslunnar til safnaða kirkjunnar innan musterisumdæmisins.

„Hve dásamlegt musteri,“ sagði Uchtdorf forseti á menningarhátið laugardagsins, þar sem æskufólk frá heimasöfnuðum dansaði, söng og lék sögu og menningu staðarins. „Það geislar af því líkt og demanti og það er dýrgripur fyrir þetta svæði og landið allt.“

Quetzaltenango-musterið í Guatemala er 136. musterið í heiminum öllum og hið fimmta í Mið-Ameríku. Musterið mun þjóna um 60.000 síðari daga heilögum.

Kirkjan tekur skóflustungu að byggingu sjöunda musterisins í Brasilíu

Hinn 15. nóvember 2011 var öldungur David A. Bednar í Tölpóstulasveitinni í forsæti fyrir athöfn þar sem fyrsta skóflustunga var tekin að Fortaleza-musterisins í Brasilíu, sjöunda musteris kirkjunnar þar í landi.

Öldungur Bednar sagði: „Musteri þetta mun vekja vonir, veita ljós og efla trú á Guð, öllum sem hingað koma og ganga um þetta svæði. Borg þessi mun alltaf verða betri og öðruvísi en áður vegna musterisins sem hér verður byggt.“

Musterið verður byggt í Avenida Santos Dumont í Fortaleza, Ceará, Brasilíu. Thomas S. Monson forseti tilkynnti á aðalráðstefnu í október 2009 um byggingu Fortaleza-musterisins í Brasilíu. ■

Tónleikar í Puerto Rico laða að þúsundir

Hinn 8. desember 2011 tóku meðlimir í fimm stikum í Puerto Rico þátt í jólatónleikum sem haldnir voru í Paseo de las Artes í borginni Caguas. Um 85 meðlimir kirkjunnar sýndu listir sínar og um 2.500 meðlimir samfélagsins komu saman.

Þriðja nýja miðstöðin fyrir ungt fólk í Afríku

Hinn 4. nóvember 2011 hélt unga fólkíð í Soweto-stikunni í Afríku sinn fyrsta viðburð í hinni nýju miðstöð sem eingöngu verður notuð fyrir unga fólkíð.

Yfir 140 miðstöðvar eru fyrir hendi víða um Evrópu og nokkrar er að finna í Bandaríkjunum. Miðstöðin í Soweto er sú þriðja í Afríku; hinar eru staðsettar í Lýðveldinu Kongó og Simbabwe.

Frumleg nálgun vekur spurningar

Pappírsrúlla var notuð í trúboðsathöfninni „Spurningar fyrir Guð,“ í Nizhniy Novgorod, Rússlandi, 9. október 2011.

Á nokkrum klukkustundum höfðu yfir 150 manns komið við á tveimur borðum á mannmargri götu og tóku upp tússpenna til að skrifa spurningar sínar. Alls voru 84 spurningar skrifaðar á pappísrúlluna. Margir óskuðu eftir svörum frá trúboðunum sem þar voru.

Lesið má um fleiri slíkar og aðrar frásagnir á news.lds.org. ■

Nauðsynlegur áttaviti

Liahóna er áttaviti í lífi mínu. Ég mun ekki fara villu vegar með *Liahóna* við hönd. Ég trúi að allir sem lesa tímarit kirkjunnar geti fundið nákvæmlega það sem hann eða hún þarf á að halda. Ég er Barnafélagsforseti og fæ séð að börnin hafa unun að því að hlusta á sögur um börn lík þeim í tímaritinu. *Liahóna* er afar nauðsynlegur áttaviti í lífi mínu; tímaritið hjálpar okkur að forðast pytti Satans.

Yanina Ivanivna Davydenko, Úkraínu

Upplifanir sem veita huggun


Liahóna hefur hjálpað mér afar mikið með boðskap sínum og greinum. Í dagsins önn hef ég oft staldrað við til að lesa greinar blaðs-

ins um upplifanir annarra kirkjumeðlima. Greinar þessar veita mér alltaf andlega huggun og styrkja þrá mína eftir að komast að nýju í návist Guðs og

Jesú Krists, ásamt fjölskyldu minni.

João Carlos, Brasilíu

Sendið vinsamlega ábendingar ykkar og tillögur á liahona@ldschurch.org. Svartexti kann að verða stytur eða lagaður til. ■



Í tímariti þessu eru greinar og athafnir sem hægt væri að nota á fjölskyldukvöldi. Hér á eftir eru nokkur dæmi.



„Blessanir trúarskólans“ bls. 20: Lesið greinina í tíma og ákveðið hvernig best er að hagnýta boðskap hennar fyrir fjölskyldu ykkar. Ef þið eigið unglunga í trúarskólanum, byrjið þá á að spyrja þau hvers vegna trúarskólinn sé þeim mikilvægur. Lesið síðan hlutann „Hljóta lofaðar blessanir.“ Hvetjið yngri börn til að búa sig undir að fara í trúarskólann þegar þau hafa náð réttum aldri. Ef þið eigið ekki unglunga á trúarskólaaldri, getið þið lesið greinina og síðan rætt mikilvægi trúarskólans fyrir nútíma æskufólk.

„Allir þekkja Bleck,“ bls. 42: Íhugið að syngja „Breytið nú rétt“ (*Sálmar*, nr. 97) sem inngangssálm. Lesið frásögnina um Beck eða gerið samantekt á henni. Biðjið fjölskylduna að greina frá reynslu þar sem hún hefur þurft að taka erfiða ákvörðun og velja á milli og hver afleiðingin var af ákvörðuninni. Ljúkið á því að lesa tilvitnunina í Thomas S. Monson forseta. ■

.....

Einfalt, rósamt og ógleymanlegt

Við áttum ógleymanlegt fjölskyldukvöld með tveimur ungum dætrum okkar, Angélique, 6 ára, og Béthanie, 4 ára. Eiginmaður minn og ég hölluðum okkur örmagna aftur í stólana og vissum ekki hvernig við áttum að byrja. Dætur okkar tóku því frumkvæðið og sneru verkefnahjólí fjölskyldukvöldsins, til að fela okkur verkefni. Það féll í hlut eiginmanns míns að stjórna, Béthanie að sjá um tónlistina, minn að sjá um leikinn og Angélique að flytja lexíuna.

Béthanie valdi sönginn „Musterið,“ (*Barnasöngbókin*, 99) og við sungum hann saman. Pabbi flutti inngangsbænina. Angélique náði síðan í nýjustu útgáfu af *Liahóna* og valdi grein í barnahlutanum. Hún lærir lestur í skólanum og las því greinina fyrir okkur. Rósemd fyllti heimili okkar. Andinn bar vitni um að það sem hún las væri sannleikur.

Við fórum í einhverja leiki og fluttum síðan lokabæn. Í bæninni fann ég mig knúna til að þakka himneskum föður fyrir anda hans og kærleika og líka fyrir að hafa blessað heimili okkar með þessum litlu öndum. Eiginmanni mínum og mér er ljós sú ábyrgð okkar að annast þær og kenna þeim fagnaðarerindið. Að hafa fjölskyldukvöld er hluti af þeirri helgu ábyrgð. ■

Sylvie Poussin, Réunion

Richard C. Edgley biskup

fyrsti ráðgjafi í Yfirbiskupsráðinu



VON FRÍÐÞÆGINGARINNAR

Ég hef kynnst fólki sem hefur enga von haft. Þeim finnst iðrun og fyrirgefning vera utan þeirra seilingar. Þeir skilja ekki hreinsandi mátt friðþægingarinnar. Og ef þeir hafa skilning á því, hafa þeir ekki skilið hverju þjáningar Jesú Krists í Getsemane og á krossinum komu til leiðar. Glati eitthvert okkar þeirri von að geta hreinsast, er það að virða að vettugi hinar sáru og ógnvænlegu þjáningar sem hann þoldi fyrir okkur.

Fyrir nokkrum árum átti ég viðtal við 21 árs gamlan mann þegar ég var á stikuráðstefnu, til að ákvarða verðugleika hans til að þjóna í trúboði. Venjan er ekki sú að aðalvaldhafar eigi viðtal við verðandi trúboða. Þetta var því óvenjulegt. Þegar ég kynnti mér bakgrunn hans og ástæður viðtalsins, fylltist hjarta mitt sorg. Piltur þessi hafði drýgt alvarlegar syndir. Ég velti fyrir mér hvers vegna ég hefði verið beðinn að ræða við mann með slíkan bakgrunn, því mér fannst afar ósennilegt að ég gæti mælt með því að hann sækti um að fara í trúboð.

Eftir laugardagshluta ráðstefnunnar fór ég í skrifstofu stikuforsetans til að búa mig undir viðtalið. Þegar ég beið þar kom ungur og myndarlegur maður aðvífandi með yndislega ásýnd. Ég velti fyrir mér hvernig ég gæti afsakað mig, því mér virtist hann vilja ræða við mig og ég átti mót við afar bagaðan ungan mann. Hann kynnti sig þá. Hann var ungi maðurinn sem ég hafði beðið eftir.

Í næði skrifstofunnar spurði ég hann aðeins

*Von okkar má
ekki aðeins
byggjast á þekk-
ingu og vitnis-
burði, heldur
líka á persónu-
legri reynslu af
friðþægingunni.*

einnar spurningar: „Hvers vegna er ég látinn eiga viðtal við þig?“

Hann sagði frá fortíð sinni. Þegar hann hafði lokið því, tók hann að útskýra skrefin sem hann hafði tekið og þjáningarnar sem hann hafði þolað. Hann ræddi um friðþæginguna—óendanlegan mátt friðþægingarinnar. Hann gaf vitnisburð sinn og tjáði elsku sína til frelsarans. Og sagði síðan: „Ég trúi að frelsarinn hafi þolað þjáningar sínar í Getsemane og að fórn hans á krossinum hafi jafnvel verið nægileg til að frelsa mann eins og mig.“

Snortinn af auðmýkt hans og andanum sagði ég: „Ég ætla að mæla með þér til að þjóna sem fulltrúi Jesú Krists.“ Og síðan sagði ég: „Ég fer aðeins fram á eitt við þig. Ég vil að þú verðir besti trúboðinn af öllum í kirkjunni. Það er allt og sumt.“

Premur eða fjórum mánuðum síðar vorum við hjónin að flytja ræðu í trúboðsskóla. Við lok ræðuhaldanna vitjaði ég trúboðanna og sá þá ungan mann með kunnuglegt andlit.

Hann spurði: „Manstu eftir mér?“


Ég sagði nokkuð skömmustulegur: „Fyrirgefðu. Ég kannast við þig, en kem þér ekki fyrir mig.“

Hann sagði þá: „Ég skal segja þér hver ég er. Ég er besti trúboðinn í trúboðsskólanum.“ Og ég trúði honum.


Von þessa unga manns byggist ekki aðeins á þekkingu og vitnisburði um friðþæginguna, heldur líka á persónulegri reynslu af þeirri gjöf. Hann skildi að hún var fyrir hann persónulega! Hann þekkti mátt friðþægingarinnar og vonina sem hún veitir þegar allt virðist glatað og öll sund lokuð. ■

Úr hátíðarræðu sem flutt var í Brigham Young háskóla, 4. nóvember 2008. Til að lesa alla ræðuna á ensku: speeches.byu.edu.

Þetta árið munu mörg útgáfurit *Liahóna* hafa að geyma fjölda ritningarpersóna Mormónsbókar. Til að þær verði stífari og auðveldari í notkun, klippið þær þá út og límið á þykkan pappír eða prik. Geymið hvert sett í umslagi eða poka, ásamt ferningunum sem sýna hvar finna á þær frásagnir ritninganna sem fjalla um persónurnar.



Alma



Amúlek



Seesrom

Trúboð Alma og Amúlek í
Ammóníu
Alma 8–14



„Á stund breyskleika getum við hrópað,
Enginn fær skilið. Enginn fær þekkt,“ ritar
öldungur David A. Bednar í Tólfpostulasveit-
inni. „Enginn maður fær hugsanlega skilið. En
sonur Guðs fær algjörlega skilið og þekkt, því
hann upplifði og bar byrðar okkar á undan
okkur sjálfum. Og vegna þess að hann reiddi
af höndum hið endanlega gjald, hefur hann
algjöra samúð með okkur og megnar að rétta
okkur miskunnararm sinn á svo mörgum
sviðum lífsins. Hann megnar að ná til okkar,
snerta okkur og liðsinna—bókstaflega koma
skjótt til okkar—og styrkja okkur.“ Sjá „Friðþæg-
ingin og ferðin um hinn dauðlega heim,“ bls. 12.